

**SKOÐUN** Pawel Bartoszek skrifar um fjórfrelsi án frelsis. 17



**TÍMAMÓT** Hallfríður Ólafsdóttir tónlistarmaður var sæmd riddarakrossi. 22



**LÍFIÐ** Guðjón Einarsson segir bogfimi hafa blómstrað hér á landi síðustu ár. 32



**SPORT** Youtube-stjarnan bandaríska í Þrótti sá um Stjörnuna í bikarnum. 38







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
**20. júní 2014**
143. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



### Ætlaði ekki í tónlistina

Bryndís Jakobsdóttir ætlaði að verða læknir eða sálfræðingur áður en tónlistargenin náðu yfirhöndinni.

**FRÉTTIR**

**Lúxus í íslenskri þotu** Franskt flugfélag hefur tekið á leigu Boeing 757-200 farþegaþotu Loftleiða Icelandic undir lúxusferðir milli Parísar og Newark í Bandaríkjunum. 6

**Bóksölurisi vill í Leifsstöð** WHSmith hefur óskað eftir verslunarrými í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. 2

**Slitastjórnin var upplýst** Tveir fyrrverandi starfsmenn sérstaks saksóknara segjast hafa upplýst slitastjórn Glitnis um innihald hleraðra símtala. 4

**50 milljónir á flótta** Flóttafólk í heiminum hefur ekki verið fleira síðan á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. 12




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 7° | NV | 4 |
| Akureyri | 11° | NV | 3 |
| Egilsstaðir | 12° | NNV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 15° | NV | 6 |
| Reykjavík | 12° | NV | 5 |

**Hlýjast SA-til** Hæg NV-átt í dag, yfirleitt 3-8 m/s. Rigning í fyrstu NV- og V-til, síðar skúrir. Úrkomulítið fram eftir degi austanlands en skúrir síðdegis. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

**Sumardrykkir | Lífið | Fólk**




# Telja slys bara tímaspursmál

Forsvarsmenn fyrirtækja á Grundartanga lýsa þungum áhyggjum af vegtengingu Hringvegar við afleggjarann að iðnaðarsvæðinu. Vegamálastjóri telur fulla ástæðu til að skoða vegamótin með umferðaröryggi í huga.

**ÖRYGGISMÁL** Forsvarsmenn fyrirtækja á Grundartanga telja vegtenginguna við Hringveginn ofan við iðnaðarsvæðið vera hreina slysagildru. Faxaflóahafnir hefja sérstaka athugun á umferðarmálum í dag. Þörfin fyrir vegabætur eykst stórum með fyrirhuguðum framkvæmdum og rekstri sólarkísilverksmiðju Silicor Materials.

„Flestallir sem ég ræddi við segja það aðeins tímaspursmál hvenær verður slys á gatnamótunum," segir Björn S. Lárusson verkefnisstjóri um meginniðurstöður úttektar sem hann vann fyrir Faxaflóahafnir um starfsemina á Grundartanga.

Björn bendir á í úttektinni að um 20 prósent umferðar um hringveginn frá Hvalfjarðargöngum að Hvalfjarðarvegi fari að Grundartanga, enda starfi þar rúmlega 900 manns í 13 fyrirtækjum, en til viðbótar komi önnur umferð tengd iðnaðarstarfseminni. Þá sýni talningar Vegagerðarinnar að um afleggjarann, Grundartangaveg, fari tæplega 800 bílar að meðaltali á dag miðað við tölur frá 2012. Umferð um Hringveginn á svæðinu nálgast 4.000 bíla að meðaltali á sólarhring, en er margföld á álagstímum.

Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri Faxaflóahafna, segir ljóst að vegtengingin sé ekki fullnægjandi og að fyrirtækið hefji athugun á umferðarmálum á Grundartanga í dag. Vegtengingin er þar til skoðunar. Ræða eigi við Vegagerðina í framhaldinu.

### ÁHYGGJURADDIR ERU EKKI NÝJAR AF NÁLINNI



Hreinn Haraldsson vegamálastjóri segir áhyggjuraddir af vegtengingunni við iðnaðarsvæðið hafa heyrst strax eftir að álver Norðuráls var tekið í notkun 1998. Hins vegar séu vegabætur þarna ekki á áætlun næstu misserin, þótt afreinar og betri lýsing við vegamótin hafi verið til skoðunar. „Horft er fyrst og síðast á allra hættulegustu staðina í vegakerfinu sem byggir á ákveðinni aðferðafræði. Þarna hefur sem betur fer ekki orðið mikið af óhöppum en staðurinn felur það í sér að það gæti breyst. Okkur er það alveg ljóst að þetta er nokkuð sem þarf að horfa mjög á – hvort ekki er hægt að bæta þarna umferðaröryggi," segir Hreinn.

Jón segir málið brýnt, ekki síst vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu. Fjölgunin sem henni fylgir sé mikil, en forsvarsmenn Silicor Materials geri ráð fyrir 400 starfsmönnum í verksmiðju auk afleiddra starfa og þjónustu, sem aftur eykur umferðina um svæðið. Þá séu ónefndir starfsmenn og aukin umferð á framkvæmdatíma fyrirhugaðrar verksmiðju en forsvarsmenn Silicor Materials vilja hefjast handa í haust.

-shá



**LAUGARDAL BREYTT Í ÚTITÓNLEIKASVÆÐI** Undirbúningur fyrir tónlistarhátíðina Secret Solstice var í fullum gangi í gær en hátíðin hefst í dag og stendur fram á sunnudag. Meðal annars hafa tvö risasvið verið sett upp auk þriggja minni. Alls verða um 150 tónlistaratriði á hátíðinni og þar á meðal mun hljómsveitin Massive Attack koma fram. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ásgeir á toppi listasafns:

## Spilar inni í listaverki Ólafs

**TÓNLIST** „Ég hef ekki verið lofthræddur hingað til. Þetta er ekki svo hátt þannig að ég held að það verði ekkert vandamál," segir tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti.



ÁSGEIR TRAUSTI

Hann heldur tónleika inni í listaverkinu Your Rainbow Panorama eftir Ólaf Elíasson á þaki listasafnsins ARoS í Árósum í Danmörku í lok ágúst.

Tónleikagestir verða líka inni í listaverkinu, sem er hringlaga glerhjúpur í litum regnbogans.

„Þetta leggst mjög vel í mig. Það er geggjað að fá að spila inni í þessu listaverki. Þetta eru litlir tónleikar. Það voru einhverjir 250 miðar í boði og þeir seldust upp."

-lkg / sjá nánar síðu 42






Kostar mun meira að leigja bíl á Íslandi en í nágrannalöndunum:

## Þrefalt dýrara en í Danmörku

**NEYTENDUR** Leiga á bílaleigubíl í eina viku um miðjan júlí kostar nærri þrefalt meira á Íslandi en í Danmörku samkvæmt óformlegri verðkönnun Fréttablaðsins.

Lægsta verðið fyrir vikuleigu á ódýrasta nýja eða nýlega bílnum var hér um 76 þúsund krónur. Sambærilegur bíll fæst fyrir 28 þúsund krónur í Danmörku og um 33 þúsund í Svíþjóð. Aðeins í Noregi var verðið eitthvað í líkingu við það sem gerist hér. Þar kostaði sambærilegur bíll rúmar 63 þúsund krónur.



„Við erum dýrir á sumrin, það er bara þannig, er það ekki bara gott? Þá er nóg að gera," segir Hjálmar Pétursson, forstjóri ALP, sem rekur bílaleigurnar Budget og Avis. Hann segir mikla samkeppni á milli bílaleiga á Íslandi, en verðið ráðist af framboði og eftirspurn.

Hann segir ýmsar ástæður fyrir því að bílaleigubílarnir séu dýrari hér, til að mynda aðflutningsgjöld af bílum, flutningskostnað og skatta.

-bj / sjá síðu 8







## SPURNING DAGSINS



Jón, bera berin höfuð og herðar yfir önnur ber?

**„Það ber ekki á öðru.“**

Jón Hallsteinn Hallsson, erfðafræðingur og dósent við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, segir villt íslensk jarðarber geta gefið innsýn í hvernig plöntur aðlagast aðstæðum á Íslandi. Berin finnast hvorki í Færeyjum né á Grænlandi.

Skortur á búsetuúrræðum veldur að sjúklingar í bata geta ekki útskrifast:

# Fólk festist inni á geðdeildum

**HEILBRIGÐISMÁL** Algengt er að fólk sem lokið hefur meðferð og er tilbúið til útskriftar sé fast inni á geðdeildum vegna skorts á viðeigandi búsetuúrræðum.

Í dag eru þrettán einstaklingar á Geðsviði Landspítala sem ekki er unnt að útskrifa vegna skorts á viðunandi búsetuúrræðum. Af þessum 13 einstaklingum hafa flestir beðið í sex mánuði eða lengur eftir að geðendurhæfingu er lokið, fjórir hafa beðið í meira en ár. Kostnaður samfélagsins við hvern sjúkling sem liggur á geðdeild er varlega áætlaður um hundrað þúsund krónur á dag. Því má áætla að kostnaður vegna þessara 13 einstaklinga sé í kringum 300 milljónir króna.

Ekki hefur bæst við nýtt sértækt búsetuúrræði fyrir geðfatlaða síðan 2010. Gunnlaug Thorlacius félagsráðgjafi vinnur náið með þessum hópi og segir stöðuna valda því að markmið endurhæfingar og bati sem fólk hefur náð sé í hættu auk þess sem sjúklingar sem á þurfa að halda komist ekki að. **-þþ**



**KLEPPUR** Þrettán einstaklingar geta ekki útskrifast og hafa flestir beðið í meira en sex mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sýnatökudagur á sólstöðum:

# Taka sýni úr sjó á 167 stöðum

**RANNSÓKNIR** Vísindamenn um allan heim munu á sumarsólstöðum 21. júní taka sýni úr hafinu, allir á sama tíma. Þá verður haldinn sýnatökudagur hafsins (Ocean Sampling Day) sem er sannkallaður heimsviðburður í vísindaheiminum.

Hvorki fleiri né færri en 167 staðir eru nú staðfestir þar sem sýnatakan mun fara fram samtímis í næstu viku, segir á heimasíðu Matís. **-shá**



**GAMLI BÆRINN GIRTUR AF** Megnið af gamla bæ Stokkhólms var girt af í gær eftir sprengjuhótanir. Maðurinn krafði lögreglu meðal annars um kaffi og sígarettur. NORDICPHOTOS/AFP

Stór hluti gamla bæjar Stokkhólms var girtur af í gær:

# Sprengjumaður í haldi lögreglu

**SVÍÞJÓÐ Sænska lögreglan girti af megnið af gamla bæ Stokkhólms vegna sprengjuhótana síðdegis í gær. Hótanirnar komu frá manni sem hafði komið sér fyrir í mannréttindaskrifstofu í gamla bænum. Þar hafði maðurinn í hótunum við Íhaldsflokkinn og sænska Jafnaðarmannaflokkinn.**

**Þegar lögregla náði sambandi við manninn krafðist hann þess meðal annars að fá kaffi og sígarettur. Sprengjumaðurinn gafst að lokum upp og gekk út á götu á nærfötum einum klæða. Þar handtók lögregla manninn.** **-ih**

Landeigendur á villigötum:

# Gjaldtaka sögð óásættanleg

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ásbjörn Björgvinsson, formaður Ferðamálasamtaka Íslands, er ósáttur við gjaldtöku Landeigendafélags Reykjahlíðar á tveimur svæðum austan Mývatns.

„Þessar aðgerðir landeigenda, að rukka inn á fjölfarna ferðamannastaði áður en nokkuð er búið að byggja þar upp eða bæta aðstöðu og öryggi ferðamanna er eins og ef hóteleigandi ætlaði sér að rukka fullt verð fyrir herbergi en segja svo að teppin og klósettið komi líklega á næsta ári,“ segir Ásbjörn. „Staðbundin gjaldtaka er versta niðurstaðan fyrir ferðaþjónustuna og algjörlega óásættanleg að okkar mati,“ bætir hann við. **-fb**

Lést vegna höfuðáverka:

# Tveir menn enn í haldi lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn er í fullum gangi vegna alvarlegrar líkamsárásar á Hvammstanga síðustu helgi með þeim afleiðingum að maður lést af völdum þungs höfuðhöggs. Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri, segir að ekki sé hægt að gefa sér fyrir fram að um líkamsárás hafi verið að ræða og að maðurinn hafi hlotið höggið af mannavöldum fyrr en rannsókn bendi til þess.

Fjórir menn voru handteknir á Hvammstanga vegna meintrar árásar en tveir hafa verið leystir úr haldi. Telur lögreglan sig vera búna að ganga úr skugga um að þeir hafi ekki átt hlut að máli þar sem þeir hafi ekki verið á staðnum þegar meint árás átti sér stað. **-ebg**

# Breskur bóksölurisi vill selja í Leifsstöð

WHSmith hefur óskað eftir verslunarrými í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Starfsmaður bresku bókaverslanakeðjunnar kom hingað til lands og safnaði upplýsingum um íslenska bókamarkaðinn. Önnur erlend fyrirtæki eru þátttakendur í forvali Isavia.

**VERSLUN** Breska bókaverslanakeðjan WHSmith hefur óskað eftir verslunarrými í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Starfsmaður fyrirtækisins var samkvæmt heimildum Fréttablaðsins viðstaddur kynningarfund Isavia vegna forvals á verslunar- og veitingarekstri í brottfararsal flugstöðvarinnar þann 19. mars síðastliðinn. Hann hefur einnig sent stjórnendum nokkurra bókaútgáfna hér á landi tölvupósta þar sem óskað er eftir upplýsingum fyrir úttekt breska fyrirtækisins á íslenska bókamarkaðinum.



**HLYNUR SIGURÐSSON**

Isavia, sem rekur Keflavíkurflugvöll, kynnti í vetur áform um breytingar á brottfararsal flugstöðvarinnar. Fyrirtækið efndi til forvals í mars þar sem fyrirtækjum í verslunar- og veitingarekstri var boðið að sækja um aðstöðu í flugstöðinni. Forvalinu lýkur í haust og breytingum á salnum á að ljúka næsta vor.

Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri flugstöðvarinnar, vill ekki staðfesta hvort WHSmith sé þátttakandi í forvalinu. Isavia mun að hans sögn ekki tjá sig um hvaða fyrirtæki taka þátt.

„Það er mikill áhugi erlendis frá og erlendir aðilar hafa sent inn umsóknir um aðstöðu í flugstöðinni,“ segir Hlynur.




**Í ÞREMUR HEIMSÁLFUM** WHSmith selur meðal annars bækur, dagblöð, lestölvur, leikföng og gjafakort. MYND/WHSMITH

### Stofnað árið 1828

WHSmith

WHSmith rekur samtals 1.200 verslanir á Bretlandi og á flugvöllum, lestarstöðvum, sjúkrahúsum og í verslunarmiðstöðvum í Ástralíu, Suðaustur-Asíu, Indlandi og Mið-Austurlöndunum. Fyrirtækið var stofnað árið 1828 og vefverslun þess var opnuð árið 1999.

„Frestur til að skila inn hugmyndum og tilboðum rennur út 25. júní næstkomandi. Næstu tvo til þrjá mánuðina á eftir förum við á samningsstigið og munum þá skoða öll tilboðin og setjast niður með þeim sem við teljum álitlegasta,“ segir Hlynur.

Eymundsson hefur rekið bókaverslun í flugstöðinni síðastliðin ár. Samningar um verslunarrekstur þar renna út í lok þessa árs. Engar upplýsingar fengust um það hvort Eymundsson væri þátttakandi í forvali Isavia þar sem ekki náðist í stjórnendur fyrirtækisins.

haraldur@frettabladid.is




Hámenntaðir indverskir embættismenn neyðast til að setjast á skólabekk:

# Gert skylt að skrifa á hindí

**INDLAND, AP** Indverskir embættismenn eiga nú margir hverjir í mesta basli með að læra tungumálið hindí, hið opinbera tungumál Indlands.

Til þessa hafa þeir einkum talað og skrifað ensku, enda margir hverjir aldir upp við ensku og menntaðir frá virtum háskólum í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Enska hefur hvort eð er, ásamt hindí, verið opinbert mál á Indlandi og notað á flestum skjölum og pappírum hins opinbera.

Þetta breyttist þó fyrir hálfum mánuði þegar Narendra Modi, nýkjörinn forseti landsins, tók þá ákvörðun að héðan í frá skyldu öll opinber skjöl vera á hindí.

„Það er ótrúlegt hve miklum tíma ég ver til að fletta í hindí-orðabókinni,“ hefur AP-fréttastofan eftir háttsettum embættismanni, sem þó vill ekki láta nafns síns getið. „Ég er órátíma núorðið að skrifa einfalt bréf.“

Modi forseti er harðsnúinn þjóðernissinni sem vill helst ekki tala mál gömlu nýlenduherranna þótt hann sé sagður skilja ensku nokkuð vel. Gallinn er hins vegar sá að einungis 45 prósent Indverja hafa hindí að móðurmáli. Alls eru 22 tungumál töluð í landinu. **-gb**



**FORSETINN OG EMBÆTTISMENNIRNIR** Narendra Modi forseti ásamt hópi embættismanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP










ENNEMM / SÍA / NM63133

# Nýi bíllinn er Hyundai

Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur
í Kauptún 1 - beint á móti IKEA



**Kaupauki!**

Nýr iPad
Mini fylgir
öllum nýjum
Hyundai i10



**TAKTU ÞÁTT Í REYNSLUAKSTURSLEIK Í JÚNÍ**

Allir sem fara í reynsluakstur hjá okkur í júní geta skráð sig í pott og átt möguleika á að vinna glæsilegt **50" Samsung Smart** sjónvarp.

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

HYUNDAI
NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

## SVONA ERUM VIÐ



**1.277** **hreindýr má veiða á veiðitímabilinu í ár.**

**Það er 48 dýrum fleira en í fyrra.**

Veiðarnar hefjast 1. ágúst og standa til 15. september.

*Heimild: Umhverfisstofnun*

Obama segir Bandaríkin íhuga að senda 300 manna lið til ráðgjafar íraska hernum:

# Krefst ekki afsagnar al Malikis forseta

**ÍRAK** Barack Obama Bandaríkjaforseti segir Bandaríkin reiðubúin til að senda allt að 300 manns til Íraks. Hlutverk þeirra yrði að gefa íraska hernum ráð í baráttunni við herskáa íslamista, sem hafa náð stórum hluta landsins á sitt vald.

Obama sagði hins vegar að ekki kæmi til greina að bandarískir hermenn færu að taka þátt í bardögum í Írak. Hann tók jafnframt fram að hann krefðist þess ekki að Núri al Maliki forseti segði af sér, en fullyrt hafði verið í fjölmiðlum að hann setti þetta skilyrði fyrir aðstoð Bandaríkjanna.

Hann orðaði það hins vegar þannig að Bandaríkin myndu starfa með íröskum stjórnvöldum, ef þau tækju tillit til allra þjóðernishópa Íraks. Helstu þjóðernishóparnir þar í landi eru þrír: sjía-múslimar, súnní-múslimar og Kúrdar. Maliki forsætisráðherra er sjía-múslimi og hefur verið sakaður um að draga taum sinna manna umfram annarra.

Velgengni hinna herskáu íslamista á svæðum súnní-múslima er að hluta rakin til þess að almenningur þar hafi verið orðinn harla ósáttur við al Maliki, og geti sumir jafnvel frekar sætt sig við að lúta stjórn öfgamanna en al Malikis.

Obama lagði jafnframt áherslu á að mikilvægt væri að fleiri lönd í þessum heimshluta, þar á meðal Íran, létu til sín taka. **-gb**



**SJÁLFBOÐALIÐAR ÞJÁLFAÐIR** Íraskur hermaður leiðbeinir sjálfboðaliðum, sem flykkst hafa til liðs við stjórnina undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP

Sögulegt skref á Hornafirði:

## Bæjarráð bara skipað konum

**STJÓRNMÁL** Sá sögulegi atburður átti sér stað á Hornafirði á miðvikudag að bæjarráð var skipað einungis konum.

Það eru þær Þórhildur Ásta Magnúsdóttir, Lovísa Rósa Bjarnadóttir og Ásgerður K. Gylfadóttir sem skipa ráðið.

Konur eru jafnframt meirihluti bæjarfulltrúa á Hornafirði og Lovísa Rósa er forseti bæjarstjórnar. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur þessi staða aldrei komið upp í öðru bæjarfélagi.

Á fundi bæjarstjórnar var samþykkt tillaga þess efnis að Björn Ingi Jónsson yrði ráðinn bæjarstjóri til næstu fjögurra ára. **-ssb**

Sigmundur til Lúxemborgar:

## Fundar með kollega sínum

**UTANRÍKISMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra ferðast í dag til Lúxemborgar.

Þar mun hann funda með Xavier Bettel, forsætisráðherra Lúxemborgar. Leiðtogarnir stefna að því að ræða efnahagsmál og stjórnmálaþróun í Evrópu.

Í kjölfarið mun Sigmundur sitja heiðurskvöldverð Carls Baudenbacher, forseta EFTA-dómstólsins. Dómstóllinn fagnar nú 20 ára afmæli sínu.

Í gær snæddi Sigmundur hádegisverð á Húsavík með Viktoríu krónprinsessu Svíþjóðar og Daníel prins, eiginmanni hennar. **-ih**

## LEIÐRÉTT

Í undirfyrirsögn fréttar um kjaradeilu Flugvirkjafélags Íslands og Icelandair kom ranglega fram að Alþingi hefði sett lög á fyrirhugað verkfall. Hið rétta er að flugvirkjar aflýstu verkfallinu áður en Alþingi gafst færi á því að setja lögin.

# Upplýstu slitastjórn Glitnis um innihald hleraðra símtala

**Tveir fyrrverandi starfsmenn sérstaks saksóknara segjast hafa upplýst slitastjórn Glitnis um innihald símtala stefndu í Glitnismálinu í New York við verjendur sína. Sérstakur saksóknari vísar ásökununum á bug og segir ríkissaksóknara ekki hafa rannsakað málið. Ríkissaksóknari segist hafa brugðist við með viðeigandi hætti.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir fyrrverandi starfsmenn embættis sérstaks saksóknara segjast hafa upplýst meðlimi slitastjórnar Glitnis um innihald samtala þeirra sem stefnt var í Glitnismálinu svokallaða fyrir dómstólum í New York og lögmanna þeirra. Þetta hafi þeir gert að skipan saksóknara hjá sérstökum saksóknara.

Starfsmennirnir tveir halda þessu fram í greinargerð sem þeir skiluðu til Ríkissaksóknara þegar þeir voru til rannsóknar þar vegna meintra brota á þagnarskyldu í starfi sínu sem lögreglumenn hjá sérstökum saksóknara. Málið gegn þeim var síðar látið niður falla.

Í skaðabótamáli slitastjórnar Glitnis í New York var Lárusi Welding, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Pálma Haraldssyni, Ingibjörgu Pálmadóttur, Þorsteini M. Jónssyni, Jóni Sigurðssyni og Hannesi Smárasyni stefnt til greiðslu á 250 milljörðum króna fyrir að hafa með sviksamlegum og ólöglegum hætti haft fé af bankanum. Málinu var vísað frá í Bandaríkjunum.

Í greinargerð starfsmannanna tveggja til ríkissaksóknara kemur fram að saksóknari hjá sérstökum saksóknara haft oft fyrirskipað upplýsingagjöf til skiptastjóra yfir þrotabúum í eigu einstaklinga sem voru til rannsóknar hjá embættinu.

Þeir segja að í tengslum við undirbúning „hins alkunna New-York dómsmáls“ hafi starfsmenn slitastjórnarinnar tilkynnt saksóknaranum um yfirvofandi aðgerðir og hann óskað eftir fresti til að lögregla gæti komið upp hlustun á símum þeirra aðila sem stefna átti.

Starfsmennirnir tveir hafi í kjölfarið, að fyrirskipan þessa saksóknara, gefið slitastjórn Glitnis upplýsingar um innihald samtala stefndu, meðal annars stóra símafundi stefndu og lögmanna þeirra.

Nokkrir hinna stefndu hafa höfðað skaðabótamál á hendur slitastjórninni vegna málskostnaðar sem féll til við málareksturinn ytra. Á vitnalista í skaðabótamáli Pálma Haraldssonar gegn slitastjórninni er meðal annarra annar fyrrverandi starfsmanna sérstaks saksóknara sem skilaði greinargerðinni til ríkissaksóknara.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, vísar þessum ásökunum fyrrverandi starfsmanna sinna á bug. Í samtali við Fréttablaðið kannaðist Ólafur ekki við að hafa heyrt neitt af þessum ásökunum. Þá sagðist hann ekki kannast við að ríkissaksóknari hefði tekið þetta mál til rannsóknar eða yfirhöfuð talið tilefni til viðbragða við ásökununum. Að öðru leyti sagðist Ólafur ekki getað tjáð sig um málið þar sem það væri fyrir dómstólum.

Fréttablaðið spurði Sigríði Friðjónsdóttur ríkissaksóknara í síðustu viku út í ásakanir starfsmannanna tveggja um hleranir embættis sérstaks saksóknara á símtölum sakborninga og verjenda þeirra. Spurt var hvort embætti sérstaks saksóknara hefði brugðist með einhverjum hætti við þessum ásökunum. Í skriflegu svari sagði Sigríður að embættið hefði brugðist við „með viðeigandi hætti“.

Frekari svör við með hvaða hætti var brugðist við fengust ekki við vinnslu þessarar fréttar.

**fanney@frettabladid.is**



**VÍSAR ÁSÖKUNUM Á BUG** Starfsmennirnir fyrrverandi bera þungar sakir á vinnufélaga sína hjá sérstökum saksóknara sem vísar þeim á bug. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Önnur meint brot á réttlátri málsmeðferð

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í dómi sem féll þann 5. júní síðastliðinn í Imon-málinu svokallaða kom fram að sérstakur saksóknari hefði brotið lög um meðferð með því að hlera samtöl sakborninga og verjenda þeirra. Í málinu voru fyrrverandi stjórnendur Landsbankans ákærðir af sérstökum saksóknara.

Hörður Felix Harðarson, verjandi Hreiðars Más Sigurðssonar, kærði hleranir sérstaks saksóknara á samtölum milli sín og Hreiðars til ríkissaksóknara. Hörður komst að því fyrir tilviljun að símtölin hefðu verið hleruð þegar hann var að hlusta á samtöl sem hleruð höfðu verið og heyrði sjálfan sig á upptöku ræða við Hreiðar. Ríkissaksóknari komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að aðhafast í málinu.

Hreiðar lagði einnig fram kæru á hendur sérstökum saksóknara og fyrrverandi héraðsdómara fyrir brot í opinberu starfi með því að hafa falsað hlerunarúrskurð. Í kærunni heldur Hreiðar því fram að rangt hafi verið farið með staðsetningu þinghalds þar sem úrskurðurinn var kveðinn upp, sem og hver mætti til þinghaldsins. Þá hafi engin gögn legið fyrir við þinghaldið líkt og lög kveða á um. Ríkissaksóknari vísaði kærunni frá á þeim grundvelli að meint brot væri fyrnt.


Beltone First™

Snjallara heyrnartæki



Nýja Beltone First™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Komdu og prófaðu, það er engu líkt!

heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Friedrichshafen | 23° | New York | 22° |
| Aþena | 28° | Gautaborg | 19° | Orlando | 28° |
| Basel | 29° | Kaupmannahöfn | 19° | Ósló | 17° |
| Berlín | 17° | Las Palmas | 24° | París | 22° |
| Billund | 20° | London | 21° | San Francisco | 19° |
| Frankfurt | 18° | Mallorca | 26° | Stokkhólmur | 14° |




**Á MORGUN** Hæg N-læg eða breytileg átt. Stöku skúrir.




**SUNNUDAGUR** Hægur vindur. Léttir til allra syðst.

**FREMUR SKÝJAÐ** Áfram verður hæglætisveður á landinu. Horfur á rigningu eða skúrum í dag, fyrst vestan til en síðar NA- og A-lands. Úrkomulítið suðaustanlands. Á morgun og sunnudaginn dregur úr vætu en þó má búast við skúrum á stöku stað.



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Jutlandia Polyrattan

SPARAÐU 5000 KRÓNUR



FULLT VERÐ: 34.990

29.990

**KLINT BORÐ**
Glæsilegt borð úr áli og veðurþolnu, fléttuðu polyrattan efni með viðarlíkis borðplötu. Stærð á borði: Ø120 sm.
Vnr. 3745901

**LIMHAMN GARÐHÚSGÖGN**
Sett úr áli og fléttuðu, veðurþolnu polyrattan efni. Borð með hertri glerplötu sem hægt er að breyta í skemil, 3ja sæta tungusófi og armstóll. Slitsterkar sessur með polyester áklæði fylgja. Stærð á borði: B54 x L65 x H29 sm. Tungusófi + borð/skemill + stóll + sessur.
Vnr. 3737600

ALLT SETTIÐ VERÐ AÐEINS
99.990

BORÐ/SKEMILL + TUNGUSÓFI + STÓLL + SESSUR



NÝTT

Jutlandia Polyrattan

VIÐHALDSFRÍTT

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR



SPARAÐU 5000 KRÓNUR

Jutlandia Harðviður

FULLT VERÐ: 24.900

19.990

FSC

**ST. LUCIA SÓLBEKKUR**
Góður sólbekkur úr gegnheilum harðviði. Stærð: B71 x L198 sm.
Vnr. 20753001

**KARLSHAMN GARÐHÚSGÖGN**
Sett úr áli og sterku, veðurþolnu polyrattan efni. Flott borð, 3ja sæta sófi og 2 armstólar. Slitsterkar sessur og púðar með polyester áklæði fylgja.
Stærð á borði: B57 x L105 x H35 sm.
Stóll: B75 x L71 x H81 sm.
Sófi: B81 x L173 x H79 sm.
Vnr. 3747500

FULLT VERÐ: 139.990

99.990

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR



VIÐHALDSFRÍTT

SPARAÐU 30.000 AF SETTI

Jutlandia Polyrattan

BORÐ + SÓFI + 2 STÓLAR + SESSUR



SÓLSTÓLL
7.995

**GEDSER SÓLSTÓLL**
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Stólinn er hægt að leggja saman.
Vnr. 3738568, 3738513, 3738500

FRÁBÆRT VERÐ



SPARAÐU 2000 KRÓNUR

FULLT VERÐ: 12.995

10.995

4 MANNA



800 mm
5,90 kg

**BAHAMAS TJALD**
Frábært 4 manna tjald með góðu fortjaldi úr vönduðu polyester efni. Góður frágangur á saumum svo að bleyta nái ekki inn. Sterkur vatnsheldur botn og sterkar fíberstangir. Stærð: (210 + 200) x 240 x 130 sm. Þéttleiki: 800 mm/cm2. Þyngd: 5,9 kg. Vnr. 905-11-1008

**DELUXE SKJÓLTJALD, ÚTILEGUBORÐ OG ÚTILEGUSTÓLL**
Sterkt og gott skjóltjald með 3 vængjum og gluggum.
Hælar og stangir fylgja með. Stærð: 4,0 x 1,4 m. **7.995** nú **5.995**
Útileguborð með stillanlegri borðplötu. St. 60 x 80 sm. **2.995**
Útilegustóll úr hvítlakkaðri röragrind með doppóttu áklæði, fæst í 3 litum **2.495**
Vnr. 908-10-1018, 908-10-1017, 41412001



STÓLL
2.495

25% AFSLÁTTUR

BORÐ
2.995

SKJÓLTJALD
FULLT VERÐ: 7.995
5.995

50% AFSLÁTTUR

2 MANNA TJALD FULLT VERÐ: 3.995

1.995



**WOOLFORD TJALD**
2ja manna tjald úr vatnsvörðu, akrýlhúðuðu nylon efni. Þéttur botn og sterkar stangir. St. 220 x 150 x 100 sm.
Vnr. X61900160

2 MANNA



20%-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BLÓMAPOTTUM

**VELOUR VINDSÆNGUR**
Virkilega góðar og vandaðar vindsængur með velour efni. Nokkrar stærðir:
B76 x L191 x H22 sm. **1.995** nú **1.595**
B137 x L191 x H22 sm. **3.695** nú **2.955**
B152 x 201 x H22 sm. **4.495** nú **3.595**
B183 x 201 x H22 sm. **5.995** nú **4.795**
Vnr. 4733600, 4734100, 4733200, 4735900

INTEX



20% AFSLÁTTUR

VERÐ NÚ FRÁ:
1.595

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
Gildir til 22.06.14

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver er aftur orðinn bæjarstjóri eftir 23 ára hlé?
2. Hver er framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs?
3. Erfðamengi hvaða berjategundar á að skoða?

**SVÖR:**

1. Sturla Böðvarsson.
2. Frosti Ólafsson.
3. Villta íslenska jarðarberja.

Elliðaár verða opnaðar í dag en gæðum laxveiðimanna er misskipt þar sem veiði er þegar hafin:

# Laxveiðisumarið 2013 var það fjórða besta

**VEIÐI** Laxveiði á stöng sumarið 2013 var sú fjórða mesta sem skráð hefur verið. Meiri veiði var aðeins árin 2008-2010.

Þetta sýnir lokaúrvinnsla Veiðimálastofnunar á tölfræðigögnum frá veiðisumrinu 2013 sem birt var í gær.

Þar er minnt á þann mikla viðsnúning sem varð í veiði á milli ára, en sumarið 2012 er það daprasta sem annálar greina frá. „Þetta sýnir hversu miklar breytingar geta orðið í laxgengd og veiði. Skýringar þess er einkum að leita í breytingum á afföllum laxa í sjó,“ segir í frétt VMST.

Eins og hefð er fyrir hefst laxveiðin í Elliðaánum í dag. Nokkuð er gengið af fiski, en þó ekki í sama mæli og í fyrra. Fréttir af veiði í þeim ám þar sem veiði er þegar hafin eru ekki eintóna. Þverá og Kjarrá voru opnaðar með hvelli. Í Norðurá höfðu veiðst 57 laxar á miðvikudag, en þá höfðu tveir til fimm laxar verið að veiðast dagana á undan. Blanda er byrjuð að gefa vel, eftir erfiða byrjun.

Í fyrrasumar voru lokatölurnar 68.042 laxar veiddir en af þeim var 23.133 sleppt aftur; 84% var smálax, alls 57.237, og 10.805 (16%) stórlaxar með tveggja ára sjávardvöl.

Flestir laxar veiddust í Ytri-Rangá eða 5.453 laxar, þá kom Eystri-Rangá með 4.797 og Miðfjarðará með 3.659 laxa. -shá



**VIÐ SJÁVARFOSS** Veiði í Elliðaám hófst klukkan sjö í morgun eins og löng hefð er fyrir á þessum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HÓPMYNDIN** Styrkþegar Virðingar voru að vonum sáttir með gjöfina. MYND/VIRÐING

Enzo fékk peninga til að aðstoða konur í Suður-Afríku:

## Átta fengu styrk hjá Virðingu

**VIÐSKIPTI Átta fengu styrk úr samfélagssjóði verðbréfafyrirtækisins Virðingar. Úthlutunin fór fram í gær.**

**Á meðal styrkþega voru hjálparsamtökin Enza. Þau hlutu styrk til að aðstoða konur í fátækrahverfum Suður-Afríku við að koma á fót eigin atvinnurekstri.**

**Hluti af styrkjunum kemur úr góðgerðarsjóði starfsmanna sem leggja til hans andvirði eins vinnudags á ári. Úr þeim sjóði fékk meðal annarra Hestamannafélagið Hörður fé til að halda reiðnámskeið fyrir fatlaða.** -ih

Samkomulagi náð um gróðurhúsalofttegundir:

# Ísland á að minnka losun um 31 prósent

**LOFTSLAGSMÁL** Ísland þarf að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda um 31 prósent fyrir árið 2020 að undanskilinni losun frá stóriðju.

Það er hluti af samkomulagi sem samninganefndir Íslands og Evrópusambandsins undirrituðu í gær um sameiginleg markmið í loftslagsmálum. Samkomulagið er hluti af Kýótó-bókuninni.

Losun gróðurhúsalofttegunda að undanskilinni stóriðju var 2,78 milljónir tonna árið 2012. Árið 2020 á losunin að vera 1,98 milljónir tonna. Því þarf að draga úr losun um tæplega þriðjung.

Stefnt er að því að helmingi markmiðsins verði náð með gróðursetningu trjáa. Hinum helmingnum á að ná með minnkandi losun gróðurhúsalofttegunda og hugsanlega með kaupum á losunarheimildum.

Sá hluti mengunarkerfisins sem nær til stóriðju er á sameiginlegri ábyrgð Íslands og allra þjóða Evrópusambandsins. Í þeim hluta ganga losunarkvótar kaupum og sölum. Markmið þess hluta er að draga úr mengun milli 1990 og 2020. Þessi hluti samkomulagsins tekur til 40 prósenta af mengun Íslands. -ih



**DRAGA SKAL ÚR LOSUN** Ísland þarf að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2020. NORDICPHOTOS/AFP

# Flugvél Loftleiða allri breytt í fyrsta farrými

Franska flugfélagið La Compagnie leigir farþegaþotu af Loftleiðum Icelandic og mun eingöngu bjóða ferðir á fyrsta farrými. Flýgur á milli Parísar og Newark í Bandaríkjunum. Loftleiðir eru einnig með „VIP“-þotu sem flýgur um allan heim.

**VIÐSKIPTI** Loftleiðir Icelandic, dótturfélag Icelandair Group, hefur gert fimm ára samning um leigu á farþegaþotu til franska flugfélagsins La Compagnie. Flugfélagið mun nota vélina í áætlunarflug á milli Parísar og Newark í Bandaríkjunum og eingöngu selja ferðir á fyrsta farrými.

„Um borð í vélinni verða eingöngu svokölluð „lie-flat“ sæti sem hægt er að leggja niður svo farþegar geti sofið þægilega í þeim. Vélin verður því öll hin glæsilegasta að innan,“ segir Sigfús Ólafsson, markaðsstjóri Loftleiða Icelandic.

Farþegaþotan sem um ræðir er af gerðinni Boeing 757-200. Hún er nú í Indianapolis í Bandaríkjunum þar sem unnið er við breytingar á vélinni. La Compagnie mun hefja áætlunarflugið í júlí.

„Vélin fer inn á franskt flugrekendaskírteini og flugfélagið mun reka hana í sínum flota en fá viðhaldsþjónustu frá okkur,“ segir Sigfús. Hann segir flugvirkja Icelandair í París og þjónustuaðila fyrirtækisins í Newark koma til með að sjá um viðhald á vélinni.

Mörg erlend flugfélög buðu áður upp á ferðir yfir Atlantshafið þar sem eingöngu voru í boði sæti á fyrsta farrými. Á meðal þeirra voru Silverjet, MAXjet og L'Avion. Þau gáfust þó upp á ferðunum þegar alþjóðlega fjármálakreppan skall á.

La Compagnie ætlar aftur á móti að bæta annarri vél við flota sinn. Sigfús segir bæði fyrirtækin áhugasöm um að kanna möguleikann á því að sú vél komi einnig frá Loftleiðum. Samstarfinu fylgi mikil verkfræði- og eftirlitsvinna og að sú vinna fari öll fram í Keflavík.

„Þetta er mjög ánægjulegt fyrir okkur því við erum orðnir miklir sérfræðingar í þessum geira. Við höfum verið með „VIP“-þotu sem hefur farið með sterkefnaða Ameríkana í heimsreisur. Það er orðinn mikilvægur þáttur í tekjuöflun okkar.“

Sigfús segir vél Loftleiða hafa farið í yfir tuttugu heimsreisur á síðustu tíu árum. Flogið er með íslenskri áhöfn; flugfreyjum, hlaðmönnum, flugvirkjum og kokkum.

„Við verðum áfram á þeim vettvangi og munum einnig bæta þessum „lie-flat“-sætum í þá vél.“ haraldur@frettabladid.is





**TILBÚIN AÐ UTAN** La Compagnie hefur nú merkt sér farþegaþotu Loftleiða. Hún tekur 74 sæti eftir breytingarnar. MYND/LOFTLEIÐIR ICELANDIC



**Um borð í vélinni verða eingöngu svokölluð „lie-flat“ sæti sem hægt er að leggja niður svo farþegar geti sofið þægilega í þeim. Vélin verður því öll hin glæsilegasta að innan.**

*Sigfús Ólafsson, markaðsstjóri Loftleiða Icelandic.*

Beiðni um endurupptöku á Guðmundar- og Geirfinnsmálinu verður lögð fyrir endurupptökunefnd á næstu dögum:

# Erla vill að afkomendum verði ljóst að hún er saklaus

**DÓMSMÁL** Formleg beiðni um endurupptöku á Guðmundar- og Geirfinnsmálinu verður lögð fyrir endurupptökunefnd á næstu dögum.

Beiðnin er lögð fram fyrir hönd Erlu Bolladóttur en hún var dæmd til fangelsisvistar ásamt öðrum ungmennum árið 1980 fyrir morð á Guðmundi og Geirfinni sem hurfu báðir árið 1974.

Ástæður fyrir endurupptöku á málinu núna eru fyrst og fremst tvær að sögn Erlu Bolladóttur. Annars vegar vegna nýlegrar skipunar endurupptökunefndar. Hins vegar vegna niðurstöðu starfshóps sem fjallaði um málið sem var að það væri hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburður Erlu hefði verið óáreiðanlegur, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, og því ekki hægt að reiða sig á framburðinn sem grundvöll fyrir dómi.

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Erlu, segir ekkert mál af þessari stærðargráðu hafa komið inn á borð endurupptökunefndar.

„Við erum að tala um gríðarlegt skjalamagn, þúsundir og aftur þúsundir blaðsíðna,“ segir Ragnar og er því ómögulegt að áætla hvenær vinnu nefndarinnar ljúki.

Erla Bolladóttir segir endurupptöku málsins vera henni afar mikilvæga.

„Að vera hafður fyrir rangri sök er eitthvað sem lætur mann aldrei í friði, ég tala nú ekki um í svo alvarlegu máli,“ segir Erla og segir tvennt skipta sig mestu máli. „Ég vil að í huga afkomenda minna verði ljóst að amma þeirra eða langamma var saklaus. Einnig er þetta mikilvægt fyrir samfélagið. Þetta mál hefur valdið miklu vantrausti í garð dómskerfisins og það þarf að hreinsa þetta upp. Annars heldur það áfram að vera mein í kerfinu.“ -ebg

**Við erum að tala um gríðarlegt skjalamagn, þúsundir og aftur þúsundir blaðsíðna.**

*Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Erlu Bolladóttur.*



**ENDURUPPTAKA MIKILVÆG** Erla Bolladóttir segir að það að vera höfð fyrir rangri sök láti hana aldrei í friði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


200.000 kr. í AFSLÁTT!
Verð: 3.290.000 kr.
Hyundai i30 Classic IOP15
Skráður júní 2013, 1,4TDi dísil, beinsk.
Ekinn 17.000 km.
Tilboð: 3.190.000 kr.
Ford Focus Trend UYA01
Skráður nóv. 2012, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 21.000 km.
Ásett verð: 3.390.000 kr.
í ábyrgð
Verð 2.190.000 kr.
Toyota Corolla Sol ZAN58
Skráður sept. 2009, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 64.000 km.
200.000 kr. í AFSLÁTT!
Tilboð: 1.490.000 kr.
Toyota Auris Terra PIR54
Skráður maí 2008, 1,4i bensín, beinsk.
Ekinn 79.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.
NOTAÐIR BÍLAR
MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ
Gerðu betri bílakaup!
BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband strax!
400.000 kr. í AFSLÁTT!
Tilboð: 5.390.000 kr.
Toyota Land Cruiser 120 VX ADH19
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 5.790.000 kr.
140.000 kr. í AFSLÁTT!
Tilboð: 850.000 kr.
Ford Focus Trend YN201
Skráður apríl 2005, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 141.000 km.
Ásett verð: 990.000 kr.
130.000 kr. í AFSLÁTT!
Tilboð: 1.320.000 kr.
Ford Escape XLT AWD NH054
Skráður okt. 2006, 3,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 81.000 mílur.
Ásett verð: 1.450.000 kr.
FINNDU BÍLINN ÞINN
Skoðaðu fleiri dæmi hér!
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.
TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ
SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING
400.000 kr. í AFSLÁTT!
Tilboð: 1.390.000 kr.
Hyundai I30 Classic NKL79
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 122.000 km.
Ásett verð: 1.790.000 kr.
Verð: 2.490.000 kr.
Mazda CX-7 AWD YO428
Skráður mars 2007, 3,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 59.000 mílur.
500.000 kr. í AFSLÁTT!
Tilboð: 1.790.000 kr.
Kia Sorrento EX AWD SN967
Skráður febr. 2006, 3,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 140.000 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.
Verð: 1.290.000 kr.
Chevrolet Spark LSV41
Skráður apríl 2011, 1,2i bensín, beinsk.
Ekinn 65.000 km.
300.000 kr. í AFSLÁTT!
Tilboð: 1.190.000 kr.
Audi A6 UZ308
Skráður febrúar 2004, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 137.000 km.
Ásett verð: 1.490.000 kr.
300.000 kr. í AFSLÁTT!
Tilboð: 1.890.000 kr.
Toyota Auris Terra MXJ73
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.
Ekinn 70.000 km.
Ásett verð: 2.190.000 kr.
500.000 kr. í AFSLÁTT!
Tilboð: 2.190.000 kr.
Ford Explorer XLT 4x4 NV751
Skráður maí 2007, 1,3i bensín, sjálfsk.
Ekinn 110.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.
FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050
50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

# Bílaleigubílar langdýrastir á Íslandi

Vikuleiga á smábíl á Íslandi í sumar kostar 76 þúsund þar sem verðið er lægst, hjá þeim bílaleigum sem Fréttablaðið kannaði verð hjá í gær. Hægt er að fá sambærilegan bíl á sama tíma á rúmum þriðjungi þess verðs í Danmörku. Snýst um framboð og eftirspurn segir forstjóri ALP.



**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is

Ferðamenn sem leigja bíl í vikutíma á Íslandi í júlí geta búist við að þurfa að greiða nærri þrefalt hærri leigu en fyrir sambærilegan bíl í Danmörku. Samkvæmt óformlegri verðkönnun Fréttablaðsins á bílaleigum í nágrannalöndunum eru íslensku bílaleigubílarnir langdýrastir.

Fyrir bílaleigubíl af minnstu og ódýrustu gerð hér á landi þarf að greiða 76.403 krónur fyrir vikutíma um miðjan júlí hjá bílaleigunni Sixt, sem bauð upp á besta verðið samkvæmt samanburði á vefsíðum bílaleiganna í gær.

Aðrar bílaleigur voru dýrari, leigan fór hæst í 118.900 krónur hjá Hertz. Meðalverðið á bílaleigubíl fyrir viku um miðjan júlí reyndist vera um 98.500 krónur hjá þeim bílaleigum sem Fréttablaðið skoðaði. Það eru rúmar 14 þúsund krónur á dag.

Bílaleigur í nágrannalöndunum bjóða upp á mun betra verð. Í Danmörku má leigja bíl í viku í júlí fyrir tæplega 28 þúsund krónur. Í Svíþjóð þarf að greiða tæplega 33 þúsund fyrir sama tíma. Í Noregi, eina landinu í verðkönnuninni sem komst nálægt Íslandi í verði, var ódýrasti bíllinn á rúmar 63 þúsund krónur.

Ísland kemur ekki betur út í samanburði við lönd utan Norðurlandanna. Ódýrasti bíllinn í Bretlandi kostar 33 þúsund krónur þessa viku um miðjan júlí. Sambærilegur bíll kostar rúmlega 41 þúsund í Frakklandi, og aðeins 29 þúsund krónur í Þýskalandi.

Til að bera saman sambærilega bíla var aðeins skoðuð leiga á nýjum eða mjög nýlegum bílum. Hægt er að leigja ódýrari bíla hjá ýmsum bílaleigum, en þá eru bílarnir gjarnan eldri. Aðeins voru skoðaðar þrjár bílaleigur í löndum öðrum en Íslandi og aðeins skoðað verð sem boðið var upp á á síðunum. Því er ekki útilokað að hægt sé að finna hagstæðara verð.

### Snýst um framboð og eftirspurn

„Þetta er bara framboð og eftirspurn," segir Hjálmar Pétursson, forstjóri ALP, sem rekur bílaleigurnar Budget og Avis. Hann segir að á móti komi að íslenskar bílaleigur séu ódýrari á veturna.

Ekki var hægt að sannreyna þá fullyrðingu, því þegar Fréttablaðið reyndi að bóka bíl í febrúar á næsta ári var verðið svipað og nú. Hjálmar segir að ekki sé búið að breyta verðskránni, en það verði gert.

„Hringdu í mig í febrúar, þá færðu súper-díl, þá er allt flæðandi í bílum og engir kúnnar," segir Hjálmar.

„Við erum dýrir á sumrin, það er bara þannig, er það ekki bara gott? Það er þá nóg að gera," segir Hjálmar. Hann segir að eðlilega vilji bílaleigurnar hafa verðið hátt, en á sama tíma sé mikil samkeppni í útleigu á bílum hér á landi. Það þýði ekki að tala um að ferðamenn skilji ekki nóg eftir hér á landi og svo fara að tala um að verð á þjónustu sé of hátt.

Hann segir ýmsar ástæður fyrir því að bílaleigubílarnir séu dýrari hér, til að mynda aðflutningsgjöld af bílum, flutningskostnað og skatta. Staðreyndin sé einfaldlega sú að framboð og eftirspurn ráði verðinu. Hjálmar bendir á að afkoman hjá bílaleigum hafi ekki verið sérlega góð síðustu ár svo verðið sé sannarlega ekki of hátt.

## Samanburður á bílaleigukostnaði í nokkrum Evrópulöndum




> **Við erum dýrir á sumrin, það er bara þannig, er það ekki bara gott? Það er þá nóg að gera.**
> *Hjálmar Pétursson, forstjóri ALP.*




Verð: 4.590.000 kr.

Nú er komið að því að upplifa BMW. Lykilorðin eru gæði, sparneytni og afl. Komdu og reynsluaktu BMW 116d Sport með leðurklæddu stýri, upphituðum framsætum, rafdrifnu léttstýri, fjarlægðarvara að aftan, stillanlegum armpúða, SENSATEC BLACK sætum og álfelgum. Þú gerir ekki einungis góð kaup heldur færð allt það besta í þessum þægilega millistærðar-bíl sem sameinar alla helstu kosti BMW.

B|L BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Á vit ævintýranna í nýjum ŠKODA Yeti Outdoor.

**Betri eru þúsundir stjarna á næturhimni en fimm stjörnur á hóteli.** Þú getur áð hvar sem þér dettur í hug, þökk sé torfærustillingunni í Yeti. Þú getur slappað af og látið fara vel um þig þótt undirlagið sé ójafnt. Þú kemst heilu og höldnu á leiðarenda og VarioFlex aftursætakerfið tryggir að þú getir tekið allan nauðsynlegan aukabúnað með þér. Geymslurými er aldrei vandamál því þú býrð einfaldlega til pláss með því að færa til aftursætin. Þá kemur sér ekki síður vel að vera með dráttarkúlu sem staðalbúnað. Leggðu drög að óbyggðaferðinni strax í dag með því að fá reynsluakstur hjá ŠKODA. Nú fæst sjálfskiptur Yeti á enn betra verði en áður.

**ŠKODA Yeti Outdoor kostar frá 5.220.000,-**

ŠKODA lumar á ýmsu til að létta ökumönnum lífið.



Torfærustilling


Dráttarkúla


Bluetooth


VarioFlex aftursætakerfi

**HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is**
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

skoda.is

Maríus Sigurjónsson, formaður Flugvirkjasambands Íslands, segir atburðarásina á miðvikudag ekki fyrir fram ákveðna:

# Flugvirkjar segjast ekki hafa lagt gildru fyrir Alþingi

**KJARAMÁL** Maríus Sigurjónsson, formaður Flugvirkjasambands Íslands, segir það fjarri lagi að atburðarásin á miðvikudag hafi verið fyrir fram ákveðin. Eftir að hafa verið kallað saman úr sumarfríi ræddi Alþingi um hugsanlega lagasetningu á fyrirhugað verkfall flugvirkja hjá Icelandair.

„Ég hef heyrt gagnrýnisraddir um að þetta hafi verið fyrir fram plott. Þetta var ekki þannig sett upp af okkar hendi. Ef einhver heldur að við höfum verið að veiða Alþingi í gildru þá sáu þeir alveg um að spenna þá gildru upp sjálfir,“ segir Maríus.

Hann greinir frá því að eini glugginn sem flugvirkjar fengu til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við þingið og þingmenn hafi verið eftir fyrstu umræðu á fundi umhverfis- og samgöngunefndar. „Þetta er sá tími sem okkur er skammtaður til að hafa áhrif á ákvörðun þingsins. Við notuðum hann vel að okkar mati. Svo sáum við nefndarálitið sem var jákvætt fyrir lagasetningu og eftir það byrjuðu umræðurnar aftur. Þá ákváðum við að aflýsa verkfallinu í staðinn fyrir að fá lög og gerðardóm. Það myndi þýða eitt til tvö ár í frosti í samskiptum [við Icelandair] og eitt til tvö ár í kjaraeyðimörk fyrir okkar félagsmenn. Við vorum ekki tilbúnir í þann fórnarkostnað alveg strax,“ segir hann. „Ég hef heyrt að einhverjir þingmenn hafi kvartað en þetta er bara kostnaður þess að hafa lýðræði.“

Flugvirkjar funda næst hjá Ríkissáttasemjara eftir helgi. Að sögn Maríusar munu þeir halda frið næsta mánuðinn til að gefa færi á samningum. **-fb**



**VIÐ SAMNINGABORÐIÐ** Maríus Sigurjónsson og félagar í Flugvirkjasambandi Íslands við samningaborðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Advania hvetur fólk til að vera samferða í bíl:

# Færri bílar rýmka til

**SAMGÖNGUMÁL** Hugbúnaðarfyrirtækið Advania hvetur nú starfsfólk annarra fyrirtækja í grennd við Borgartún til að fjölmenna í bíla og nýta aðrar samgöngur en einkabílinn til að komast til og frá vinnu.

Mikið hefur verið kvartað yfir fáum bílastæðum við Borgartún. „Við höfum rætt málin heilmikið við nágranna okkar og erum að velta því fyrir okkur hvernig við getum tæklað þessi mál meira í sameiningu,“ segir Ægir Már Þórisson, mannauðsstjóri Advania.

„Þessi „carpool“-menning þekkist víða í útlöndum og þar eru jafnvel sérstakar akreinar fyrir fólk sem er fleira en eitt í bíl. Alveg eins og strætó hefur forgang gæti maður hugsað sér að fólk sem sameinast í bíla á morgnana og seinnipartinn hefði forgang.“

Starfsfólk Advania fór í meðmælagöngu um Borgartúnið í maí meðal annars til þess að hvetja nágranna sína til að taka upp bíllausan lífsstíl. „Það er eins og í öllum rekstri, það eru einhverjar aðstæður sem koma upp og það þarf bara að díla við það. Maður sér ekki fyrir sér að það þjóni neinum tilgangi að fara að kvarta mikið,“ segir Ægir. **-ssb**



**MEÐMÆLAGANGAN** Gangan er sögð hafa verið farin fyrst og fremst til skemmtunar. MYND/SIGURJÓN RAGNAR



**DVALARHEIMILIÐ HLÍÐ** Starfsfólk Hlíðar átelur stjórn öldrunarheimilisins. MYND/HEIDA.IS


Sumarhappdrætti
## Krabbameinsfélagsins

Útdráttur
17. júní 2014

## Vinningar

Birt án ábyrgðar

**Chevrolet Trax LT, 4.690.000 kr.**
126161

**Greiðsla upp í bifreið eða íbúð að verðmæti 1.000.000 kr.**
72857

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 200.000 kr.**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2874 | 28369 | 59922 | 98417 | 122591 |
| 3834 | 31346 | 64449 | 100923 | 125018 |
| 4730 | 32708 | 66616 | 103340 | 127943 |
| 7307 | 34228 | 67911 | 104903 | 132276 |
| 7496 | 35742 | 70916 | 106340 | 133230 |
| 8012 | 38316 | 72549 | 108068 | 133435 |
| 10137 | 44954 | 72984 | 108264 | 134603 |
| 13232 | 46822 | 74099 | 108782 | 136996 |
| 14609 | 47163 | 77247 | 110147 | 139481 |
| 15408 | 49414 | 77561 | 112923 | 140644 |
| 16261 | 49724 | 83788 | 113003 | 142098 |
| 16471 | 50287 | 83846 | 113327 | 142318 |
| 20030 | 52110 | 84031 | 113904 | 143813 |
| 21773 | 57647 | 85097 | 116829 | 143815 |
| 22564 | 58538 | 86846 | 117061 | 144130 |
| 27246 | 59659 | 94925 | 120366 | 144320 |

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1326 | 28817 | 56926 | 77369 | 97510 | 117346 | 131691 |
| 4434 | 28827 | 57422 | 77713 | 100197 | 118377 | 132854 |
| 5526 | 29292 | 57987 | 78941 | 101284 | 118834 | 133183 |
| 7533 | 34382 | 60034 | 79083 | 101887 | 121479 | 134218 |
| 9837 | 36380 | 60475 | 79155 | 104427 | 122098 | 134378 |
| 10316 | 38389 | 64255 | 80495 | 105658 | 123892 | 135486 |
| 11561 | 39310 | 64704 | 83121 | 106198 | 124073 | 140719 |
| 13204 | 45275 | 64790 | 84457 | 106402 | 124708 | 142089 |
| 17224 | 46584 | 66531 | 90839 | 107441 | 125880 | 143769 |
| 18244 | 48393 | 67406 | 91037 | 109108 | 126384 | 146760 |
| 19023 | 48472 | 68251 | 91286 | 112797 | 126665 | 149833 |
| 20687 | 49196 | 70222 | 92463 | 114177 | 129971 | 150535 |
| 21732 | 50776 | 71961 | 93044 | 114633 | 130399 | |
| 27588 | 55072 | 73290 | 93879 | 115837 | 130995 | |
| 28545 | 56117 | 74824 | 93995 | 115979 | 131432 | |

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim
á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að
Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Byrjað verður að greiða út
vinninga þann 2. júlí nk.

Krabbameinsfélagið
www.krabb.is


# Starfsfólk óánægt með stjórn Hlíðar

Starfsmenn öldrunarheimilisins Hlíðar á Akureyri eru margir hverjir afar ósáttir með yfirstjórn stofnunarinnar. Þeir telja ekki nægjanlega hlustað á athugasemdir starfsmanna. Framkvæmdastjóri fjarlægði undirskriftalista starfsmanna.

**AKUREYRI** Starfsmenn öldrunarheimilisins Hlíðar á Akureyri eru afar óánægðir með yfirstjórn heimilisins og hafa ítrekað reynt að benda á atriði sem þarfnast lagfæringar án árangurs. Til að mynda var undirskriftalisti sem starfsmenn stofnuðu til, til þess að þrýsta á umbætur á vaktakerfi vinnustaðarins, fjarlægður af framkvæmdastjóra heimilisins þegar hann varð hans var á kaffistofu einnar deildarinnar.

Starfsmenn eru orðnir langþreyttir á úrræðaleysi yfirstjórnar og vilja að vinna þeirra sé metin að verðleikum. Starfsmenn sem blaðamaður hefur haft samband við vildu ekki koma fram undir nafni, þar sem það gæti haft áhrif á stöðu þeirra innan heimilisins.

Að sögn starfsmanna hefur þeim verið sagt að þeir geti átt von á uppsögn ef reynt er að krefjast úrbóta eða auka faglega starfsemi í húsinu. Þetta séu einhvers konar varnarviðbrögð stjórnenda, að ef starfsmönnum mislíkar aðstæður þá ættu þeir að hugsa sinn gang á vinnustaðnum.

Þeir starfsmenn sem blaðamaður hafði samband við lýsa ástandinu sem grafalvarlegu og segja að það sé farið að bitna á íbúum heimilisins. Ef ekki verði gerð bragarbót á störfum heimilisins gæti alveg farið svo að hópuppsögnum verði beitt.

Að sögn viðmælenda blaðsins finnst þeim stjórnendur ekki sýna vinnu þeirra virðingu, og stjórnendur deildanna sýna þetta sama viðhorf sem gerir það að verkum að fólk sé ekki ánægt í starfi. Stefna öldrunarheimilisins snúi að því að veita íbúum ánægjulegt ævikvöld og það sé erfitt að veita þeim þá þjónustu þegar starfsfólk er óánægt.

Halldór Sigurður Guðmundsson er framkvæmdastjóri öldrunarheimila Akureyrar.

„Það var haldinn fundur með starfsmönnum eftir að þessi undirskriftalisti var fjarlægður. Sú skýring, sem gefin var starfsmönnum sem stóðu fyrir þessum lista, var einföld. Á þessum tíma var starfandi á vegum Akureyrarbæjar nefnd um hvernig mætti bæta ímynd og jákvæða umfjöllun um öldrunarheimilin. Þessi undirskriftalisti harmoneraði ekki með því. Ég gerði athugasemd við það að það væri verið að standa að undirskriftasöfnun á heimili aldraðs fólks,“ segir Halldór Sigurður.

Hvað óánægju starfsfólks varðar telur Halldór að um sé að ræða minnihlutahóp sem sé óánægður.

„Ég held að það sé einfalt að segja að það sé ekki rétt upplifun, á árinu 2013 gerðum við þrjár kannanir á viðhorfi starfsmanna til líðanar í starfi og engar vísbendingar voru um þetta í þeim, heldur þvert á móti. Mjög stór hluti er ánægður í starfi,“ segir Halldór Sigurður Guðmundsson. sveinn@frettabladid.is

## FYRIRKOMULAGIÐ VAR EKKI TÍMABUNDIÐ

Akureyri Starfsmenn Hlíðar eru margir hverjir afar óánægðir með vaktafyrirkomulagið á vinnustaðnum. Fjöldi starfsmanna fær ekki að vinna átta tíma vinnudag, heldur aðeins sjö og hálfa klukkustund. Því þurfa starfsmenn að vinna heila vakt til að jafna þetta út launalaust að mati starfsmanna. Á annað hundrað starfsmanna skrifaði nafn sitt undir mótmæli þess efnis sem voru send bæjarstjóra.

Starfsmenn vilja meina að þetta kerfi hafi verið sett á, á sínum tíma, sem tímabundin áhrif til að bregðast við hruninu 2008.

Halldór Sigurður Guðmundsson framkvæmdastjóri vill ekki meina að þetta hafi verið tímabundin aðgerð. „Þessi breyting var samþykkt 2008 af starfsmönnum sem og stjórnendum. Mér er ekki kunnugt um það að þetta hafi verið tímabundin aðgerð. Ef þú kíkir á starfsmannakannanir frá árinu 2013 þá sýna þær að meirihlutinn er ekki að gefa okkur þau skilaboð að við eigum að breyta til. Auðvitað viljum við reyna að koma til móts við fólk en við verðum líka að hugsa um það skattfé sem okkur er falið að moða úr.

Laun eru um 75 prósent af öllum útgjöldum svo við verðum að fara varlega með þessa peninga sem okkur eru skaffaðir. Við höfum ekki svigrúm til að vera með fólk sem bíður bara eftir því að bjallan hringi,“ segir Halldór.

> **Á þessum tíma var starfandi á vegum Akureyrarbæjar nefnd um hvernig mætti bæta ímynd og jákvæða umfjöllun um öldrunarheimilin. Þessi undirskriftalisti harmoneraði ekki með því.**
>
> *Halldór Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri öldrunarheimila Akureyrar.*



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook



**NÝJASTI FLÓTTAMANNAHÓPURINN** Flóttamannabúðir í Kúrdahéruðum Íraks, skammt frá borginni Arbil. Fjöldi fólks hefur forðað sér eftir að herskáir íslamistar hófu stórsókn og hafa á skömmum tíma náð stórum hluta landsins á sitt vald. NORDICPHOTOS/AFP



**FLÓTTAFÓLK Á FILIPPSEYJUM** Kona á sjötugsaldri gefur barnabarni sínu mat í flóttamannabúðum á Filippseyjum. Fjölskyldan hraktist að heiman eftir að átök brutust út í Maguindanao-héraði. Hún segir að einu sinni á dag sé matarskammti úthlutað. MYND/UNHCR



**Í FLÓTTAMANNABÚÐUM Í BÚRKÍNA FASÓ** Þessi kona frá Malí hefur fundið skjól í flóttamannabúðunum Sag-Nionogo í Búrkína Fasó. Þar eru þúsundir manna sem hröktust að heiman vegna ofbeldismanna í norðanverðu Malí. MYND/UNHCR

# Fimmtíu milljónir manns á flótta

Flóttamenn í heiminum hafa ekki verið fleiri síðan á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Um síðustu áramót voru þeir 51,2 milljónir og hafði þá fjölgað um sex milljónir á einu ári. Mestu munar þar um þá sem hrakist hafa að heiman vegna borgarastyrjaldarinnar í Sýrlandi.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**FLÓTTAFÓLK** Alls voru 51,2 milljónir manna á flótta á heimsvísu um síðustu áramót. Þetta er í fyrsta sinn frá árum seinni heimsstyrjaldarinnar sem fjöldi flóttamanna fer yfir 50 milljónir. Frá þessu er skýrt í skýrslu sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna birtir í dag.

Í skýrslunni kemur fram að flóttamönnum hafi fjölgað um sex milljónir frá ársbyrjun til ársloka 2013. Mestan þátt í þessari fjölgun á borgarastyrjöldin í Sýrlandi, en alls hafa 2,5 milljónir Sýrlendinga hrakist úr landi vegna átakanna og 6,5 milljónir að auki eru á flótta innan landamæranna. Alls eru því níu milljónir Sýrlendinga, eða meira en þriðjungur þjóðarinnar, á flótta vegna borgarastyrjaldarinnar.

Töluverður fjöldi fólks hefur einnig hrakist að heiman í Afríkuríkjum á síðasta ári. Einkum munar þar um ástandið í Mið-Afríkulýðveldinu og svo undir lok ársins í Suður-Súdan.

### Þrír meginhópar flóttamanna

Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um þrjá meginhópa flóttamanna. Hinir eiginlegu flóttamenn, sem svo eru skilgreindir í skýrslum, eru 16,7 milljónir. Þeir hafa allir hrakist úr landi.

Til viðbótar þeim kemur fólk sem er á flótta innan eigin landamæra, en þetta er fjölmennasti hópurinn. Alls voru 33,3 milljónir manna á vergangi í eigin landi í lok síðasta árs. Oft eiga hjálparstofnanir erfiðast með að koma þessum hópi til aðstoðar, því hann er að stórum hluta fastur innan átakasvæða.

Þriðji hópurinn er svo hælisleitendur, en þeir voru 1,1 milljón í lok ársins.

### Vandinn orðinn illviðráðanlegur

Samtals eru þetta 51,2 milljónir manna. Fjöldinn er orðinn það mikill að Flóttamannastofnunin á orðið í mestu erfiðleikum með að ráða við vandann. Verulega reynir þar á styrktaraðila stofnunarinnar.

Stór hluti byrðarinnar hefur lent á þeim löndum sem eru í næsta nágrenni við helstu átakasvæði heims. Geta þeirra til að hýsa flóttafólk er oft harla takmörkuð.

Fjölmennustu hópar flóttamanna eru Afganar, Sýrlendingar og Sómalar, en samtals eru þeir um helmingur allra flóttamanna í heiminum. Þau lönd sem hafa tekið við flestum flóttamönnum undanfarið eru Pakistan, Íran og Líbanon.



**MÚSLIMAR Á FLÓTTA Í MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDINU** Fjöldi múslima hefur hreiðrað um sig til bráðabirgða í flóttamannabúðum í Yaloke eftir að vígasveitir tóku að ofsækja þá síðastliðinn vetur. NORDICPHOTOS/AFP

## Fjöldi flóttamanna 1989-2013*

*í milljónum
**Heimild:** *Flóttamannastofnun SÞ*




Sumarsmellur!
20 TIL 30% AFSLÁTTUR
ÖLL SUMARBLÓM, MATJURTIR, ÁVAXTATRÉ O.FL.
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# SUMARBAKKINN

FRÁBÆR Í SÓLBAÐIÐ,
PARTÝIÐ, HÁDEGIS- EÐA
KVÖLDMATINN

BÚIÐ TIL DAGLEGA



RÚLLA MÁNAÐARINS

MANGÓ M/ TEMPURARÆKJU
OG SPICY KRABBASALATI



## 20 BITA BAKKI ÁSAMT SKORNUM MELÓNUM

2 LAXA NIGIRI, 2 TÚNA NIGIRI, 2 TAMAGO NIGIRI, 2 MANGÓ RÚLLUR M/ TEMPURARÆKJU OG SPICY KRABBASALATI, 2 MAKI MARINATE LAX, 2 MAKI M/ REYKTUM LAXI OG RJÓMAOSTI, 2 CALIFORNIA, 2 M/ RÆKJU OG SÚRRI GÚRKU, 2 HOSOMAKI M/ GÚRKU OG SESAM, 2 HOSOMAKI M/ TÚNA OG TEMPURA.



**Old Amsterdam ostur**
Smurostur, sneiðar, snakk eða bitar.

LOKS KOMIÐ AFTUR!



**3 Stjernet Salami**
Ekta dönsk salami.

GOTT Á GRILLIÐ!



**Grillbrauð Hagkaups Hvítlauks-osta**
Nú þegar sumarið er komið er tilvalið að prófa nýjung á grillið. Hvítlauksosta grillbrauð Hagkaups er hentugt og fljótlegt meðlæti sem passar með flestum mat og er með ríkulegu hvítlauksbragði.



259kr/stk
verð áður 299

**OKF Tea Story**
3 bragðgóðar tegundir.

KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!



**Guy Fieri sósur**
Draga fram rokkað bragð á grillinu þínu.

NÝTT



**Lay´s**
Deep Ridged snakk.

Gildir til 22. júní á meðan birgðir endast.



# EKTA ÍTALSKUR GELATÓ



TONITTO GELATO
BEINT FRÁ ÍTALÍU.




## NAUTA RIB-EYE MEÐ GRANATEPLASÓSU FYRIR 4

600 g Nauta Rib-Eye
salt
pipar
olía til að pensla með

Penslið kjötið með olíu. Kryddið það með salti og pipar. Grillið á heitu grilli í 4 mínútur á hvorri hlið. Setjið kjötið á miðlungsheitan stað og grillið áfram í 4 mínútur. Snúið kjötinu reglulega í síðara grillferlinu.

Granateplasósa:
1 stk granatepli
30 g púðursykur
3 msk trönuberjasafi
1 msk sojasósa
1 tsk worcestershiresósa
salt
pipar

Skerið granateplið í tvennt og losið öll fræin innan úr því. Setjið fræin í pott með sykrinum, trönuberjasafanum, sojasósunni og worcestershiresósunni. Sjóðið niður um helming. Kryddið með salti og pipar.






















HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Nú erum við aftur farin að rífast um hvalveiðar:

# Dauðarefsingar og hvalveiðar

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra lýsti þeirri skoðun sinni á Facebook í gær að honum þætti undarlegt að þjóð sem gengi illa að aflífa fanga væri að gagnrýna Íslendinga fyrir hvalveiðar.

Tilefnið var að Bandaríkjamenn hafa gagnrýnt veiðar okkar Íslendinga á langreyði og Barack Obama hefur sagst vilja endurskoða tvíhliða samstarf þjóðanna. Þá kom í ljós í síðustu viku að við fáum ekki að vera með á ráðstefnunni Our Ocean sem Bandaríkjastjórn stendur fyrir. Ástæðan? Jú, hvalveiðar Íslendinga.



**Mikael Torfason**

mikael@frettabladid.is

Jæja, efnislega má eflaust gagnrýna þá ákvörðun Bandaríkjamanna að vilja ekkert með Íslendinga hafa á ráðstefnu á sínum vegum, enda Íslendingar með helstu sérfræðingum í sjávarútvegsmálum. En við megum nú vera algerlega rökþrota ef við ætlum að blanda óskyldum fyrirbærum saman. Dauðarefsingar eru eitt og hvalveiðar annað.

En jú, kannski er með góðum vilja hægt að fagna því ef Bjarni ætlar að vera talsmaður mannréttinda í heiminum og vilji hann segja Bandaríkjamönnum til syndanna á hann auðvitað að gera það. En það er verulega óskynsamlegt að halda því fram að Bandaríkjamenn eigi ekkert með að gagnrýna hvalveiðar okkar því þeim gangi svo illa að „aflífa fólk eftir dauðadóma í eigin réttarkerfi“, svo að vitnað sé í orð Bjarna sjálfs á Facebook.

Við gerum flest meiri kröfur til æðstu ráðamanna þjóðarinnar. Það má vel færa rök fyrir hvalveiðum Íslendinga og halda því fram að við sem veiðisamfélag eigum erfitt með að horfa á tilfinningaleg rök í þessu samhengi.

Hér á landi finnst mörgum að það sé réttur okkar sem fullvalda þjóðar að drepa okkar hval sem er að sögn ekki í útrýmingarhættu. Þetta gæti jafnvel talist til grundvallarmannréttinda á Íslandi en heimurinn er ekki að hlusta á þessi rök og það er mjög ólíklegt að innlegg Bjarna Benediktssonar verði til þess að hlustað verði á skynsamleg rök Íslendinga.

Að þessu sögðu þá getum við ekki lengur neitað að horfast í augu við þá staðreynd að hvalveiðar stórskaða hagsmuni Íslendinga á alþjóðavettvangi.

Samtök ferðaþjónustunnar hér á landi hafa mótmælt veiðunum og sagt þær valda iðnaði sem veltir hundruðum milljarða á ári miklu tjóni. Stór hluti ferðamanna sem kemur til Íslands fer í hvalaskoðunarferðir og við höfum miklu meira upp úr því að sýna ferðafólki hval en úr því að lofa Kristjáni Loftssyni og félögum að drepa hann. Þeir geta ekki einu sinni selt hvalkjötið erlendis og skaða með veiðunum markaði fyrir aðrar íslenskar sjávarafurðir.

Eina skynsamlega niðurstaðan er að við Íslendingar hættum að láta stjórnast af tilfinningum þegar kemur að hvalveiðum. Við getum ekki fórnað meiri hagsmunum fyrir minni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ólýðræði**

Karli Garðarssyni, þingmanni Framsóknarflokksins, finnst meirihlutinn í Reykjavík haga sér með ólýðræðislegum hætti með því að veita flokknum ekki aukasæti í nefndum og ráðum líkt og Sjálfstæðisflokknum stóð til boða. Hann sagði það undarlegt í ljósi þess að Framsókn hefði fengið rúmlega tíu prósent atkvæða. Karl nefndi það þó ekki að Framsóknarflokkurinn fékk öll þau nefndarsæti sem honum ber á grundvelli þessara tíu prósenta atkvæða. Hins vegar fékk flokkurinn ekki aukasæti sem meirihlutinn afsalaði sér til Sjálfstæðisflokksins. Hvort það er ólýðræðislegt eða ekki skal ósagt látið, en hins vegar hægt að hafa nokkurn skilning á því að málflutningur líkt og sá sem Framsókn bauð upp á í kosningabaráttunni sé ekki eitthvað sem meirihlutinn hefur áhuga á að auka á nefndarfundum.

**Ekki viljalaust verkfæri**

Ingibjörg Pálmadóttir, eigandi 365 miðla og annarra fyrirtækja, skrifaði grein í Kvennablaðið í gær, á kvenréttindadaginn, þar sem hún ræðir umfjöllun fjölmiðla um hana sjálfa. Ingibjörg gerir athugasemdir við það að þegar fyrirtæki hennar eru til umfjöllunar sé iðulega hringt í eiginmann hennar. Hún segir forkastanlegt að íslenskir fjölmiðlakarlmenn skuli ekki trúa því að hún, konan, geti átt og rekið fyrirtæki – látið sé liggja að því að hún sé eitthvert eggjunarfífl Jóns Ásgeirs, eiginmanns síns. Ingibjörg segist stundum hlusta á skoðanir hans, en hún sé hins vegar eldri, reyndari og betur menntuð en hann og í krafti eigin þekkingar og getu taki hún ákvarðanir er lúta að sínum eignum. Ingibjörg segir að endingu í grein sinni að hún hafi ekki orðið að viljalausu verkfæri þegar hún gifti sig tæplega fimmtug.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Nubo fer á kreik á ný

UTANRÍKISMÁL



**Elín Hirst**

alþingismaður

Tilraunir Kínverjans Huangs Nubo til að kaupa hluta af Svalbarða vekja mikla tortryggni í Noregi. Það er kunnuglegt stef því stutt er síðan Nubo sótti fast að eignast hina gríðarmiklu jörð Grímsstaði á Fjöllum, en því var afstýrt sem betur fer. Nú vill Nubo kaupa stórt svæði við höfuðstað Svalbarða, Longyearbyen, og byggja þar hótel. Áhrifamiklir norskir stjórnmálamenn hafa varað við sölunni. Í norskri umræðu hefur einnig verið vitnað í vasklega framgöngu Ögmundar Jónassonar, fyrrverandi innanríkisráðherra Íslands, sem barðist hart gegn því að Nubo fengi að kaupa Grímsstaði á Fjöllum.

Vegna umræðunnar í Noregi er ekki úr vegi að rifja upp samtal sem undirrituð átti við Miles Yu, umsjónarmann fréttaskýringardálksins Inside China hjá dagblaðinu The Washington Times, um það leyti sem Nubo-málið stóð sem hæst hér á landi. Skilaboð Miles Yu til Íslendinga voru eftirfarandi: „Þjóðfélagsgerð Kína er því gjörólík því sem við þekkjum og að mörgu leyti ósamræmanleg vestrænni lýðræðishefð, ekki síst í mannréttindamálum. Hvað viðskipti snertir þá stjórnar kínverski kommúnistaflokkurinn öllu. Þar er ekki til neitt sem heitir einkafjárfesting. Flokkurinn er á bak við allt og getur yfirtekið kínversk fyrirtæki á erlendri grundu hvenær sem honum sýnist. Flokkurinn ræður því enn fremur hvaða flokksgæðingar fá aðgang að peningum og viðskiptatækifærum, innanlands sem utan. Huang Nubo er einmitt í nánum tengslum við háttsetta valdamenn í kínverska kommúnistaflokknum og félagi í flokknum.

**➜ Allar athafnir kínverskra stjórnvalda eru vel ígrundaðar og hugsaðar áratugi fram í tímann og augljóslega ætla þau sér að ná fótfestu á norðurslóðum.**

Allar athafnir kínverskra stjórnvalda eru vel ígrundaðar og hugsaðar áratugi fram í tímann og augljóslega ætla þau sér að ná fótfestu á norðurslóðum, bæði vegna auðlinda sem þar er að finna og einnig vegna þess að nýja siglingaleiðin sem senn opnast um heimskautið styttir vegalengdir frá Kína til Evrópu um þúsundir kílómetra. Þá skortir Kínverja meira landrými enda þjóðin gríðarlega fjölmenn.“

Þetta voru skilaboð Miles Yu, blaðamanns og sérfræðings í kínverskum málefnum hjá The Washington Times. Auðvitað er þetta mergurinn málsins og vonandi að Norðmenn átti sig í tíma eins og við Íslendingar gerðum góðu heilli.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Fjórfrelsi án frelsis

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



> Erlendum tryggingafélögum var sagt að breyta sér í íslenska húsbréfasjóði.

Ökuþórinn opnar augun. Þarna standa læknar og fjölskylda hans. Hann getur lítið hreyft sig. Þetta lítur ekki vel út.

Smám saman lærir hann að tjá sig með því að depla augnlokunum. Hann spyr:

„M-U-N-É-G-G-E-T-A-G-E-N-G-I-Ð?“

Læknarnir færa honum vondar fréttir.

„M-U-N-É-G-G-E-T-A-K-E-Y-R-T?“

Lögmaður mannsins sem hefur hingað til setið hljóður í horni sjúkrastofunnar stendur upp og segir:

„Ja, þú ert allavega enn þá með bílpróf.“

### Mun EES halda?

Menn spyrja gjarnan: „Mun EES-samningurinn halda þrátt fyrir gjaldeyrishöftin?“ Þetta er ekki gagnleg spurning. EES-samningurinn er ekki eitthvert plagg sem maður hengir upp á vegg. Það skiptir ekki máli hvort EES-samningurinn sjálfur haldi lagalega séð. Það sem skiptir máli er hvort venjulegt fólk á Íslandi muni áfram græða eitthvað á því að hafa hann.

EES-samningurinn snýst um fjórfrelsið: Frjálsa flutninga á fólki, peningum, vörum og þjónustu milli margra Evrópulanda. Og hvernig er fjórfrelsið að halda?

Við höfum sett á gjaldeyrishöft svo frjálsir fjármagnsflutningar heyra sögunni til. Vissulega virðast samstarfsþjóðir okkar hafa viðurkennt þennan neyðarrétt okkar en til lengdar er sameiginlegur markaður án frjálsra fjármagnsflutninga lítils virði.

Það er auðvitað tómt mál að tala um frjálst flæði á vörum þegar maður getur ekki borgað fyrir vörurnar. Sama gildir að sjálfsögðu um frjálst flæði á þjónustu. Flest þjónusta er þannig að sá sem veitir þjónustuna vill fá borgað. Og jafnvel þótt yfirvöldin geri fyrirheit um að þjónustukaup verði áfram heimil mun alltaf verða þörf á því að skerpa skilgreiningarnar á „þjónustu“. Dæmi um það mátti sjá í vikunni þegar Seðlabankinn ákvað að skapa óvissu um viðbótarlífeyristryggingar þúsunda Íslendinga.

### Enn má fólk flytja út

Sem betur fer virðist frjálst flæði fólks milli Íslands og Evrópu enn halda þótt höftin hjálpi vissulega ekki til. En segjum að margir Íslendingar myndu loksins gefast upp á öllu ruglinu og ákveða að flytja burt af landinu. Segjum að stjórnvöld reyndu að streitast við til að reyna að stöðva þennan landflótta með einhverjum hætti. Menn gætu til dæmis byrjað að setja refsigjald á námslán fólks sem flytur úr landi eða gert eitthvað enn verra. Segjum sem svo að EES-stofnanir féllust á rétt okkar til að gera eitthvað svona rugl. Við gætum glaðst yfir því að „EES-samningurinn héldi“. En hvers virði væri samningur utan um fjórfrelsið þar sem allt frelsi væri undanskilið?

### Á 70 ára afmælinu

Það er sama hve gott samfélag okkur tekst að búa til, það er minna virði að búa í því ef maður hefur ekki allavega þann möguleika að flytja annað. Mikið af fólki vill búa í sól þegar það verður eldra. Gamlir Íslendingar myndu flytja til Flórída. Gamlir Þjóðverjar til Spánar. Ég er ekki að segja að mig dreymi ekkert heitar en að drekka hvítvín undir pálmatré eftir sjötugt en mér þætti ömurlegt að eiga ekki möguleika á því.

Þeir lesendur sem eru á fyrri hluta sinnar starfsævi þurfa að átta sig á þessu: Sé litið til sögunnar er verulegar líkur á því að þegar þeir hætta að vinna verði „tímabundin gjaldeyrishöft“ við lýði á Íslandi og ævisparnaður þeirra verður því bundinn við þessa fallegu en litlu eyju. Á launaseðlinum ætti í raun að standa „AÐEINS TIL NOTKUNAR INNANLANDS“ við hliðina á öllum krónutölum.

Í auglýsingum er stundum látið eins og fjárhagslegt öryggi á efri árum sé fyrst spurning um okkar eigin fyrirhyggju. En því miður: Aðgerðir íslenskra stjórnvalda í framtíðinni eru risastór óvissuþáttur í þeirri jöfnu.

Aukinni markaðshlutdeild erlendra tryggingarfélaga var mætt með hörku. Erlendum tryggingafélögum var sagt að breyta sér í íslenska húsbréfasjóði. Hver veit hvað mönnum dettur í hug næst? Hvað þurfa margar bókabúðir að fara á hausinn áður en lokað verður á netverslun með vísan í milljarða af gjaldeyri sem tapast í hverjum mánuði? Og svo verður sagt að þetta brjóti ekki EES-samninginn. Auðvitað ekki.

Gaman að halda bílprófinu. Verst að geta ekki keyrt.

## AF NETINU

### Nálgast konurnar í sundurgerð í hárgreiðslu



Hárið er prýði konunnar var einhvern tíma sagt og það er stór hluti af lífi kvenna og öllu í kringum þær.

Um miðja síðustu öld báru strákar svonefnt brilljantín í hárið til þess að geta greitt í það liði, sem oftast voru þannig gerðir að skipt var hægra megin eftir endilöngu höfðinu og var hárið greitt í nokkurs konar snjóhengju eins og enn má sjá merki um hjá forseta vorum.

Einkenni rokkstjörnunnar Bill Haley (sem mér fannst reyndar aldrei vera sannur rokkari) var snúinn lokkur, sem lá fram á enni hans.

Að öðru leyti var hárgreiðsla karla algert aukaatriði í sambandi við útlit þeirra þar til Bítlarnir komu til sögunnar og fóru að láta hár sitt verða æ síðara.

Þá fauk brilljantínið út í veður og vind og þótti fólki það hafa verið afar hallærislegt.

Næsta bylting voru hipparnir í lok sjöunda áratugarins og þar á eftir pönkararnir með hanakömbum sínum og öðrum sérkennum, leðri og dinglumdangli.

Hin síðari ár hefur brilljantínhárgreiðsla aftur orðið meira áberandi en áður var og kannski var enski knattspyrnumaðurinn David Beckham eitt besta dæmið um það.

En mér sýnist að á HM sé sundurgerðin í hárgreiðslu karla að komast á nýtt og hærra stig og fjölbreytnin og sundurgerðin farin að nálgast það sem gerist hjá konum.

Og dásamlegt var þegar Haukur Harðarson, íþróttafréttamaður Sjónvarpsins, hrópaði upp í sárum tapleik Portúgala: „Það gengur allt á afturfótunum hjá Portúgölum. Ronaldo er heillum horfinn, meira að segja hárgreiðslan hjá honum er farin í vaskinn!“

http://omarragnarsson.blog.is/blog

*Ómar Ragnarsson*

# Íslam á Íslandi

TRÚMÁL
Anna Lára Steindal
heimspekingur



Undanfarna daga og vikur hefur umræða um múslima og íslam á Íslandi verið nokkuð fyrirferðarmikil í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum á Íslandi. Þessi umræða hefur þróast á viðsjárverða braut sem sundrar í stað þess að sameina, elur á andúð í stað þess að færa fólk nær hvert öðru. Þessi umræða byggist á fordómum, fyrir fram gefnum hugmyndum og staðalímyndum sem standast ekki nánari skoðun. Sem innlegg í umræðuna langar mig að koma eftirfarandi á framfæri:

Mannréttindi eru ekki ósamrýmanleg íslam. Ég á hóp vinkvenna í Egyptalandi sem eru trúaðir múslimar en jafnframt gallharðir femínistar sem velja að ganga með slæðu um leið og þær berjast fyrir auknum réttindum fyrir konur í arabaheiminum – þar á meðal réttindum til að velja hvort þær bera slæðu eða ekki. Kvenréttindi eru ekki ósamrýmanleg íslam og ekki eru allar arabískar konur kúgaðar.

Ég á félaga (flestir karlar) í Pakistan og Afganistan sem hafa helgað líf sitt baráttunni fyrir auknum réttindum kvenna og baráttunni fyrir mannréttindum og mannvirðingu yfirleitt. Múslimakarlar fara ekki allir gegn konum og þeim sem ekki eru múslimar með ofríki og kúgun sem er réttlætt í nafni trúar.

Ég þekki marga múslima í Bretlandi, Belgíu, Íslandi og víðar í Evrópu, sem eru góðar og vel meinandi manneskjur sem vanda sig við að lifa í sátt við samfélag sitt. Ég þekki líka múslima í Evrópu sem búa við erfitt hlutskipti, mismunun og útskúfun sem er ekki til þess að auðvelda þeim þetta verkefni.

Ég þekki ungt fólk í Norður-Afríku sem tók virkan þátt í arabíska vorinu, knúið áfram af draumnum um lýðræði, sjálfræði og mannvirðingu. Sum þeirra leggja lífið ítrekað að veði í þessari baráttu gegn yfirgangsöflum. Ýmist með því að halda uppi friðsamlegu andófi eða með því að upplýsa (á samfélagsmiðlum, skýrslum og skrifum á formlegri vettvangi og þátttöku í fundum og verkefnum) umheiminn um það sem er að eiga sér stað. Þeirra beittasta vopn er gagnrýnin hugsun. Og þau vanda sig við að veita óhlutdrægar upplýsingar og vera málefnaleg.

Sumir múslimar sem ég þekki eru gamalgrónir Evrópubúar sem hafa snúist til íslams vegna þess að boðskapur Múhameðs (friður sé með honum) snerti þá. Aðrir eru af annarri eða þriðju kynslóð flóttamanna eða innflytjenda og eru jafnmiklir Vesturlandabúar og ég eða þú! Enn aðrir hafa neyðst til þess að yfirgefa heimalandið og allt sem þeim var kært. Ekki vegna þess að þá langaði svo til Evrópu heldur vegna þess að þeim er ekki vært í heimalandinu. Ástandið í Mið-Austurlöndum er flestum að einhverju leyti kunnugt en fæstir átta sig á rullunni sem heimsveldapólitík (geopolitics) spilar í þeirri sorgarsögu. Þar leika Vesturlönd hlutverk ásamt mörgum öðrum og almenningur er að verulegu leyti leiksoppur afla sem erfitt er að ráða við. Og jú, jú, sumir múslimar sem koma til Evrópu eru vafasamur pappír sem koma af öðrum, sjálfhverfari og viðsjárverðari ástæðum. Þá á auðvitað að tækla á sama hátt og aðra sem koma með svipað hugarfar í vafasömum erindagjörðum.

> ➔Ég á hóp vinkvenna í Egyptalandi sem eru trúaðir múslimar en jafnframt gallharðir femínistar sem velja að ganga með slæðu …

### Sameinum en sundrum ekki

Eitt get ég fullyrt; ég hef ekki átt eins vitlegar umræður við neinn um mikilvægi þess að berjast gegn öfgasinnuðum íslamistum og yfirgangi í nafni íslams og einmitt múslima. Sannleikurinn er nefnilega sá að það eru líklega engir eins áfram um að uppræta öfgaíslam og þróa áhrifaríkar leiðir til gagnkvæmrar aðlögunar og múslimar sjálfir! Og einmitt vegna þess að ég hef öðlast innsýn í þrotlausa baráttu margra þeirra og fórnir verð ég ákaflega döpur að verða vitni að þeirri sorglegu umræðu um múslima og íslam á Íslandi sem er ofan á á Íslandi í dag.

En umræða á borð við þá sem er í gangi á Íslandi í dag hjálpar ekki hætis hót vegna þess að hún byggist á veikum grunni, elur á andúð og mismunun, sundrar í stað þess að sameina. Eru andúð, sundrung og mismunun virkilega þau gildi sem við viljum standa fyrir?

**visir.is**
Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.


BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

## VINNINGASKRÁ

**Vorhappdrætti 2014. Dregið 16. júní 2014**

**1. vinningur:**
**Chevrolet Cruze LT, bensín 1,8 l, sjálfskiptur 4 dyra frá Bílabúð Benna. Verðmæti kr. 3.290.000**
18515

**2. vinningur:**
**Chevrolet Spark LT, 1,2 l. beinskiptur frá Bílabúð Benna. Verðmæti kr. 1.990.000**
62925

**3. - 47. vinningur:**
**Ferðavinningur að eigin vali fyrir 2 eða fleiri með Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 300.000**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 13389 | 15628 | 20197 | 31132 | 40554 | 43892 | 50374 | 56137 | 64425 |
| 13573 | 16853 | 24740 | 33313 | 40931 | 44664 | 50695 | 56794 | 66371 |
| 13653 | 17837 | 25480 | 36818 | 41331 | 45861 | 52044 | 58541 | 66559 |
| 14216 | 18048 | 28004 | 37341 | 42496 | 46481 | 53530 | 60920 | 67648 |
| 14224 | 20026 | 31103 | 40192 | 42871 | 49878 | 55981 | 63846 | 68382 |

**48. - 92. vinningur**
**Apple ipad mini Retina, wi-fi, 4g, 16GB, örþunnur með 7,9” skjá frá epli.is. Hver að verðmæti kr. 69.990**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 13824 | 22613 | 26189 | 31193 | 35948 | 48201 | 55350 | 59337 | 65030 |
| 14961 | 23377 | 26922 | 32430 | 42881 | 48685 | 55474 | 60292 | 65534 |
| 17753 | 24117 | 28103 | 33210 | 44882 | 48997 | 55903 | 61487 | 66775 |
| 18106 | 24326 | 29098 | 34971 | 45870 | 54192 | 55908 | 61973 | 67337 |
| 18304 | 24447 | 30159 | 35596 | 46357 | 54741 | 57892 | 64992 | 71669 |

**93 - 142. vinningur**
**Gisting ásamt morgunverði í tvær nætur fyrir 2 auk kvöldverðar annað kvöldið hjá einhverju Fosshótelana. Hver að verðmæti kr. 65.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 12078 | 16963 | 24682 | 30106 | 35759 | 47068 | 50485 | 55122 | 63532 | 65636 |
| 13560 | 19970 | 25947 | 32050 | 40759 | 48619 | 51109 | 58529 | 63596 | 65649 |
| 14955 | 20874 | 26472 | 33229 | 44090 | 48777 | 51606 | 58577 | 64351 | 66801 |
| 15053 | 22875 | 28187 | 34877 | 44562 | 48929 | 54049 | 59010 | 64428 | 70021 |
| 15829 | 23851 | 28888 | 34927 | 46992 | 49713 | 54319 | 63352 | 64600 | 71144 |

*Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17.*
*Upplýsingasími 525 0000. Birt án ábyrgðar*

# Ábyrgar fiskveiðar og afkoma þjóðar

SJÁVARÚTVEGUR



Kristján Þórarinsson
stofnvistfræðingur hjá LÍÚ

Löng reynsla af fiskveiðum og fiskveiðistjórnun víða um heim hefur kennt mönnum að skynsamlegt er að gæta varúðar og stunda hóflega sókn í fiskistofna. Með þessu móti má ná góðum og tiltölulega stöðugum afla, skapa mikil verðmæti og forðast að taka áhættu með fiskistofnana. Af þessum sökum eru ákvæði í alþjóðasamningum frá 1995, sem Ísland er aðili að, þess efnis að fara eigi svokallaða varúðarleið við stjórn fiskveiða. Í henni felst setning varúðarmarka og formlegrar nýtingarstefnu til lengri tíma litið byggt á bestu fáanlegri vísindalegri ráðgjöf.

Erlendir kaupendur sjávarafurða gera í vaxandi mæli kröfu um að sýnt sé fram á að uppruna afurðanna sé að finna í ábyrgum veiðum þar sem varúðarleið er fylgt. Fyrir þessari kröfu eru nokkrar ástæður. Ein ástæðan er sú að alþjóðasamningar gera ráð fyrir að þannig sé staðið að málum og það gera helstu samkeppnisaðilar okkar. Önnur ástæða er að kaupendur eiga hagsmuna að gæta varðandi sjálfbærni og stöðugleika veiðanna. Þeir fjárfesta í viðskiptasambandi við framleiðandann og vilja tryggingu fyrir því að geta fengið vöruna afhenta yfir lengri tíma. Loks bætist við þrýstingur frá umhverfisverndarsamtökum.

Íslensk stjórnvöld hafa þegar sett sér nýtingarstefnu samkvæmt varúðarleið fyrir veiðar úr stærstu botnfiskstofnunum: þorski, ýsu, ufsa og gullkarfa. Þetta ber vissulega að þakka, en mátti þó ekki seinna vera. En tegundirnar eru fleiri. Hér má nefna allar flatfisktegundirnar, djúpkarfa, steinbít, löngu, keilu, sumargotssíld og fleira. Talsvert vantar upp á rannsóknir og mælingar á flestum þessum tegundum til að unnt sé að tryggja skynsamlega nýtingu og fá sem bestan afrakstur. Sérstakt viðfangsefni rannsókna er að kanna hvernig varúðarleið verði best útfærð fyrir hina minni stofna í blönduðum veiðum. Því er enn mikið verk að vinna.

### Orðspor Íslands

Mikilvægustu markaðir okkar fyrir ferskan og frosinn fisk – þeir sem greiða hæst verð – eru í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, en þar eru verslunarkeðjur fáar og stórar. Það eru því fáeinir innkaupastjórar í hverju landi sem ráða mestu um stöðu okkar á þessum markaði. Mikilvægt er að þessir menn sjái að Íslendingar stundi ábyrgar fiskveiðar og fylgi varúðarleið í samræmi við alþjóðlegar kröfur. Því fleiri sem undantekningarnar eru og því lengur sem dregst að rannsaka og setja nýtingarstefnu til langs tíma fyrir ýmsar fisktegundir, því meiri skaði verður á okkar orðspori hjá þessum mikilvæga hópi.

Rétt er að undirstrika þetta atriði sérstaklega: Umræðan um orðspor Íslands fer aðeins að litlu leyti fram á opinberum vettvangi og áhrif af skertu orðspori gera ekki boð á undan sér. Ef við verðum undir í þessari umræðu þá munu áhrifin með tíð og tíma birtast í formi minni tekna af sjávarútvegi Íslendinga og lakari lífskjara.

**➜ Til að ná árangri þarf frekari stefnumótun af hálfu stjórnvalda …**

Til að ná árangri þarf frekari stefnumótun af hálfu stjórnvalda, skilning í samfélaginu og talsverða undirbúningsvinnu á sviði hafrannsókna. Stjórnvöld og forystumenn íslensks sjávarútvegs þurfa að taka höndum saman um að koma þessum málum í betra horf. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið.

# Er vatnið í kringum Ísland salt?

FERÐAÞJÓNUSTA



Bryndís Kristjánsdóttir
leiðsögumaður

Þetta er raunveruleg spurning sem rútubílstjóri í ferð með útlendinga fékk nú á dögunum. Spurningin kom frá „leiðsögumanninum“ sem var útlendingur og hafði aldrei komið til Íslands áður! Sem betur fer talaði þessi bílstjóri annað tungumál en bara íslensku og gat því svarað spurningunni. En hvorki hann né „leiðsögumaðurinn“ sögðu ferðamönnunum frá því hvernig hafstraumunum í kringum landið er háttað sem leiðir til þess að Ísland er byggilegt og fiskimiðin jafn gjöful og raun ber vitni. Enda ekki í verkahring bílstjórans að fræða útlenda „leiðsögumenn“ svo þeir geti sagt fólkinu, sem þeir eru að fara með um landið, rétt og vel frá landinu og þjóðinni sem þar býr. Það á eingöngu að vera í verkahring leiðsögumanna sem hlotið hafa viðurkennda fagmenntun á Íslandi.

Umræddur rútubílstjóri hafði frá fleiru ótrúlegu að segja úr ferð sinni með útlenda „leiðsögumanninn“ sem aldrei hafði komið hingað áður, til dæmis að hann vildi fá staðfestingu bílstjórans á því að í öllum jöklum byggju útilegumenn með fjölskyldur sínar. Bílstjórinn reyndi auðvitað að malda í móinn en „leiðsögumaðurinn“ sagði ferðafólkinu engu að síður að svona háttaði til á Íslandi.

### Öryggi og landvernd

Þessi dæmi eru bara tvö af ótal slíkum sem við leiðsögumenn heyrum á ferðum okkar með ferðamenn um landið. Hér eru alls konar „leiðsögumenn“, útlendir sem innlendir, á ferð með stóra og smáa hópa ferðamanna og guð má vita hvaða bull þeim er sagt í ferðunum, því oft er ekki einu sinni innlendur bílstjóri með í ferð. Að ekki sé minnst á að ferðamenn, sem þannig háttar til með, virðast ekki fá neina leiðsögn í því hvernig ganga þarf um landið svo vernda megi viðkvæman gróður, fuglar á eggjum séu ekki truflaðir eða að þeir fari sér ekki að voða á hættulegum stöðum – sem eru óteljandi á Íslandi.

Í minni síðustu ferð sá ég rennandi blauta konu í Reynisfjöru; væntanlega hafði enginn sagt henni frá hættulegu öldunum þar og ein þeirra því gripið hana. Gott að ekki fór verr í þetta sinn. Í Dyrhólaey sá ég svo ferðamannahóp sem fór beinustu leið yfir varnargirðingu og út á ystu klettabrún. Hópurinn virti þannig að vettugi aðgerðir sem við á Íslandi erum að grípa til til varnar gróðri og fuglum – og til að stuðla að öryggi þeirra sjálfra.

### Vönduð ferðaþjónusta

Einföld leið til að koma í veg fyrir bullið, átroðninginn og slysahættuna er að ferðamenn fái vandaða fræðslu um landið og hópar séu alls ekki á ferð með öðrum en fagmenntuðum leiðsögumönnum. Einhverjir hafa reynt að koma þeim kvitti á kreik að ekki séu til nógu margir slíkir í landinu, sem er fjarri sannleikanum. Hjá Félagi leiðsögumanna er skrá yfir rúmlega 600 fagmenntaða félagsmenn og þeim til viðbótar er stór hópur

**➜ Einföld leið til að koma í veg fyrir bullið, átroðninginn og slysahættuna er að ferðamenn fái vandaða fræðslu um landið og hópar séu alls ekki á ferð með öðrum en fagmenntuðum leiðsögumönnum.**

sem ekki hefur starfað við fagið þar sem ekki var vinnu að fá. Þar sem ferðaþjónustan er nú orðinn sá máttugi stólpi í íslensku samfélagi sem raun ber vitni þá þarf að gæta þess afar vel að hún viðhaldist sem slík og eflist. Það gerist ekki nema með góðri innri uppbyggingu ferðaþjónustunnar á landinu öllu og þar verða fagmennska og vönduð vinnubrögð að ráða.

FRÉTTABLAÐIÐ ER HELGARBLAÐIÐ

FAGNAR HVERJU ÁRI SEM BÆTIST VIÐ



Lilja Sigurðardóttir leikritaskáld skilur ekkert í fólki sem vill verða aftur ungt. Hún kveðst hafa verið dapur unglingur en áttað sig snemma á því að hún væri upp á kvenhöndina. Hún vann sína fyrstu Grímu í vikunni fyrir fyrsta leikritið, Stóru börnin.

„Vona að við séum nógu góðir fyrir Ísland“

Hljómsveitin Massive Attack í einkaviðtali við Fréttablaðið en sveitin vinsæla spilar á Secret Solstice-hátíðinni.





Vinalega Vesturland

Fréttablaðið skoðar hvað Vesturland hefur upp á að bjóða fyrir ferðalanga sumarsins.



Blanda af skipulagi, umburðarlyndi og úthaldi

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ræðir uppvöxtinn, flókið fjölskyldulíf, skellinn í kosningunum 2010 og hvernig hann lærði sitthvað af fyrirrennara sínum, Jóni Gnarr, sem hann segist líta upp til.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | visir.is

HELGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS *Ómissandi hluti af góðri helgi*



XYLITOL
WRIGLEY'S
Extra
SUPERBERRIES flavoured
sugarfree gum
25
BITAR
NÝTT
BRAGÐ
BORÐA
DREKKA
TYGGJA
FYRIR STERKAR OG HREINAR TENNUR
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS NÝBAKAÐ 198 kr. 4 stk.
Bónus nýbakaðar Mjúkar kringlur
BÓNUS NÝBAKAÐ 259 kr. 770g
Bónus nýbökuð Heilkornabrauð
BÓNUS NÝBAKAÐ 259 kr. 650g
Bónus nýbökuð Normalbrauð
BÓNUS NÝBAKAÐ 498 kr. 470g
Bónus nýbökuð vínarbrauðslengja
BÓNUS NÝBAKAÐ
BÓNUS NÝBAKAÐ 498 kr. 470g
Bónus nýbökuð vínarbrauðslengja
379 kr. 340g
Sollu-Lífrænt Hnetusmjör 340g
GRÓFT OG FÍNT
149 kr 5 stk.
159 kr 4 stk.
HEINZ TOMATO KETCHUP
159 kr 570g
Cronions
119 kr 100g
Steiktur laukur 100g
Prins BITAR
ÆÐI BITAR
Hraun BITAR
579 kr. 3 x 200g
Góu þrennan Prins-Æði-Hraun bitar
Kolsýrt vatn
129 kr 2 ltr.
pepsi
pepsi MAX
195 kr. 2 ltr.
Doritos
195 kr. 170g
Doritos allar gerðir 170g
Coca-Cola light
Coca-Cola zero
Coca-Cola
79 kr. 330ml
Mountain Dew
Egils APPELSÍN
mix
pepsi MAX
pepsi
7UP
75 kr. 330ml
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
norðanfiskur
1898
krónur kg.
Norðanfiskur Íslenskir laxabitar
beinhreinsaðir m.roði
2013
SLÁTRAÐ
1198
krónur kg.
Kaupfél. Skagfirðinga Frosið heilt lambalæri FROSIÐ
SS
1898
kr. kg.
SLÁTURFÉLAGIÐ FROSNAR Lamba-tvírifjur
BÓNUS Grillkjöt
Bónus BBQ grísakótilettur
1198
kr. kg.
Bónus BBQ grill grísakótilettur
2013
SLÁTRAÐ
1198
KR.KG
KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSNAR
2013
SLÁTRAÐ
1498
krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSIÐ
SS
Frera fyrir bigið
759
kr. kg
Sláturfélag Suðurlands
Frosinn grillsagður lambaframpartur
KJARNAFÆÐI
1598
kr 10 stk. 120g
100% KJÖT
1598
kr 10 stk. 120g
Kjarnafæði Frosnir Nautahamborgarar
10x120g
2013
SLÁTRAÐ
3598
krónur kg.
Kaupfélag Skagfirðinga Frosið lambafillet
Fjalla
BÓNUS
Grísakótilettur
BÓNUS
Grísakótilettur
1398
kr. kg
BÓNUS úrb. GRILL-Grísakótilettur
Fjalla
Fjalla ferskt
kryddað lambalæri
1298
KR.KG
FJALLA ferskt
Kryddað lambalæri
Pôlskar
PYLSUR
KJARNAFÆÐI
87% KJÖTINNIHALD
298
kr pk. 4 stk.
Kjarnafæði Pólskar Pylsur
NAUTA Veisla
Ferskir nautgripa-
hamborgarar
2 x 140g
100% KJÖT
100% KJÖT
439
kr. boxið
Nautaveislu Ferskir nautgripahamborgarar 2 x 140g
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARÍA ÁGÚSTA EINARSDÓTTIR**
**Reykjavík,**

lést föstudaginn 13. júní 2014.
Útför hennar verður í Bústaðakirkju mánudaginn 23. júní kl. 11.00.



**Trausti Ólafsson**
**Elísabet Traustadóttir** **Sigurður Matthíasson**
**Matthías Trausti Sigurðsson**
**Aldís María Sigurðardóttir**
**Bjartur Snær Sigurðsson**
**Elísa Sól Sigurðardóttir**
**Lilja Dís Matthíasardóttir**

✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,

**GUÐRÍÐAR EYRÚNAR JÓNSDÓTTUR**
**Laufrima 4, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Grundar.



**Viggó Þorsteinsson**
**Guðrún Ágústa Viggósdóttir** **Helgi Hólm Kristjánsson**
**Rannveig Rúna Viggósdóttir** **Gunnar Þórðarson**
**Agnes Viggósdóttir** **Júlíus Þór Jónsson**
**Salome Herdís Viggósdóttir** **Baldur Pétursson**
**Jón Bachman Viggósson**
**Ólöf Soffía Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝

Kærar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar og afa,

**ARNAR ÞÓRS KARLSSONAR**
**skriftvélavirkja,**
**Sigtúni 37.**

Starfsfólk hjúkrunarheimilisins Sólvangs fær okkar bestu þakkir fyrir góða og hlýja umönnun.



**Soffía Zophoníasdóttir**
**Karl Friðjón Arnarson, Úlfar Snær Arnarson**
**og fjölskyldur.**







# Amma og mamma fallegar fyrirmyndir

**Hallfríður Ólafsdóttir, höfundur bókanna um tónelsku músina Maxímús Músikús, var sæmd riddarakrossi á þjóðhátíðardaginn fyrir þátt sinn í tónlistaruppeldi æskufólks. Hún er þriðja konan í beinan kvenlegg til að bera orðuna.**

„Þrátt fyrir að Maxímús hafi oft fengið fallegt hrós þá finnst mér þetta vera æðsta viðurkenning frá íslensku þjóðinni sem ég og verkefnið mitt getum fengið og þykir afar vænt um hana.“ Þetta segir Hallfríður Ólafsdóttir tónlistarmaður sem var sæmd riddarakrossi á Bessastöðum á þjóðhátíðardaginn fyrir frumkvæði að tónlistaruppeldi æskufólks því Maxímús Músikús er hennar hugarsmíð og nú hefur hún gefið út fjórar bækur um þá tónelsku mús. Þær eru alþekktar á meðal íslenskra barna. Bækurnar hafa verið þýddar á fjölda tungumála og Maxa-tónleikar verið haldnir víðs vegar, nú síðast í Stokkhólmi þar sem Konunglega fílharmónían flutti Maxímúsar-dagskrá fyrir þúsundir sænskra barna.

Hallfríður er þriðja konan í beinan kvenlegg til að bera orðuna, hún segir ríkt í þeim öllum að fræða og hjálpa. „Amma mín, Þóra Jónsdóttir, vann öflugt barnastarf í gegnum bindindishreyfinguna á Siglufirði á fyrri hluta síðustu aldar. Setti upp leikrit með börnunum, samdi þau jafnvel sjálf og bjó til búningana. Móðir mín, Stefanía María Pétursdóttir, hefur starfað að þjóðþrifamálum í gegnum kvenfélögin og var lengi formaður Kvenfélagasambands Íslands,“ lýsir Hallfríður og bætir við. „Þær eru báðar fallegar og ósérhlífnar fyrirmyndir fyrir mig.“

En hvað er að frétta af músinni?

„Ég er að vinna að því að gera tónleikaefnið um hana aðgengilegt á öðrum tungumálum. Fyrsta sagan er tilbúin á nokkrum málum og var flutt víða á síðasta vetri. Nú liggur fyrir beiðni um að gera tónleikahandrit að bók númer tvö á þýsku og sænsku. Þriðja bókin er tilbúin og var flutt af Berlínarfílharmóníunni. Svo er fjórða bókin eftir. Í kringum hverja sögu er sem sagt dálítill snjóbolti. Einnig erum við að vinna að þrautum, púslum og spilum sem eiga að gleðja börnin.“

gun@frettabladid.is



**MAXÍMÚSARMÓÐIRIN**
„Ég er að vinna að því að gera tónleikaefnið um músina aðgengilegt á öðrum tungumálum,“ segir Hallfríður.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

✝

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**DÓRA ÞORVALDSDÓTTIR**
**Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð,**
**(Þórsgötu 17),**

lést föstudaginn 13. júní síðastliðinn.
Útför hennar fer fram þriðjudaginn 24. júní frá Fossvogskirkju klukkan 13.00.



**Hrafnkell Hall** **Guðrún Jakobína Ólafsdóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn,**
**börn Þóris Jóns Hall, tengdabörn og barnabörn.**

✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HELGI THORVALDSSON**

lést 16. júní á hjúkrunarheimilinu Eir.
Jarðarförin verður auglýst síðar.



**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hákon, Hrafnhildur, Guðrún og Jóhanna**

✝

Elskulegur faðir okkar, vinur og félagi, bróðir, tengdafaðir, afi og langafi, mágur og frændi,

**SIGFÚS SVEINSSON**
**frá Siglufirði,**



lést í faðmi fjölskyldu sinnar þann 14. júní á Landspítalanum. Innilegar þakkir til allra þeirra sem komu að umönnun hans, sérstaklega starfsfólks 13E og starfsfólks blóðskilunardeildar, ásamt Söru Skúlínu Jónsdóttur lækni, Runólfi Pálssyni lækni og Rósu Kristjánsdóttur djákna. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Þórdís Sigfúsdóttir**
**Nanna Hafdís Sigfúsdóttir**
**Sveinn Albert Sigfússon**
**Vigdís Þóra Sigfúsdóttir**
**Hrannar Sigfússon**
**Guðrún Ólöf Sveinsdóttir og fjölskylda**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabarn.**

✝

Ástkær móðir okkar, dóttir, tengdamóðir og amma,

**ERNA BRYNDÍS HALLDÓRSDÓTTIR**

lést þriðjudaginn 17. júní á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 25. júní kl. 13.00.



**Gabríela Bryndís Ernudóttir** **Björn Þór Hilmarsson**
**Helga Bryndís Ernudóttir**
**Lilja Björk Björnsdóttir** **Egill Tryggvason**
**Sturla Þór Björnsson** **Rebekka Halldórsdóttir**
**Sigrún Guðmundsdóttir**
**Sigurður Freyr Björnsson** **Berglind Björgúlfsdóttir**
**Matthías Björnsson** **Anette Schou**
**Ólöf Emilie Manniche**
**Ósk Anne Sophie Manniche**
**Ida Sif Manniche**
**Helgi Baldur Björnsson**
**og önnur barnabörn.**

✝

**KRISTJÁN ÞORGEIRSSON**
**frá Ármúla,**
**Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,**

sem lést þann 8. júní verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju í dag, föstudaginn 20. júní kl. 15.



**Ásta Kristjánsdóttir**
**María Kristjánsdóttir**
**Guðmundur Vignir Þórðarson**
**Ingibjörg Kristjánsdóttir** **Kristinn Orri Erlendsson**
**Páll Kristjánsson** **Katrín Tómasdóttir**
**Höskuldur Svavarsson**
**Þórunn Þorgeirsdóttir**
**og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## JÓN ÓLAFS Á GLJÚFRASTEINI

**Jón Ólafsson tónlistarmaður leikur á píanó og syngur á stofutónleikum Gljúfrasteins á sunnudaginn, 22. júní, kl. 16. Jón flytur lögin sín við íslensk ljóð, meðal annars eftir Halldór Laxness, Jónas Guðlaugsson, Stefán Mána og Hallgrím Helgason.**









**HOLLT OG GOTT** Úlfar býður upp á grillaðar kjúklingabringur og grænmeti. Afar ljúffengur sumarmatur. MYND/GVA

# ELDAÐ MEÐ HOLTA

***HOLTA KYNNIR** Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að sterkkrydduðum kjúklingabringum með grilluðu grænmeti. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## GRILLAÐAR, STERKKRYDDAÐAR KJÚKLINGABRINGUR

### MEÐ GRILLUÐUM MAÍS, RAUÐLAUK OG PORTOBELLOSVEPPUM

**Fyrir 4**

2 msk. olía
800 g kjúklingabringur
1 tsk. paprikuduft
1 tsk. chili-flögur
1 tsk. broddkúmen
1 tsk. kanill
1 tsk. salt

Penslið bringurnar með olíu. Blandið kryddinu saman og kryddið bringurnar á öllum hliðum. Grillið á milliheitu grilli í 13–15 mínútur eða þar til kjarnhiti sýnir 70°C. Berið bringurnar fram með portobellosveppum og til dæmis grilluðum rauðlauk, maís og sætum kartöflum.

### GRILLAÐIR PORTOBELLOSVEPPIR

3 stórir portobellosveppir
Olía eða olíusprey
1 msk. timjanlauf
Salt og nýmalaður pipar
3 sneiðar Stóri Dímon

Penslið sveppina með olíu og kryddið með salti og pipar. Grillið í 2 mínútur á fan-hliðinni. Snúið sveppunum við og stráið timjanlaufum í hattana og leggið ostsneið yfir. Grillið í 5 mínútur í viðbót.











**TÖFRUM LÍKAST** Hópur fólks mun eyða helginni á Galtarvita á Sumarsólstöðufögnuði Slíjm SF en Slíjm heldur utan um vinnustofur listamanna í Galtarvita. Bandaríski listamaðurinn Elizabeth Peyton lýkur dvöl sinni í vitanum um helgina. MYND/SLÍJM SF

# MÖGNUÐ ORKA Í GALTARVITA

**HELGIN** *Kristín Gunnarsdóttir og Edda Kristín Sigurjónsdóttir munu eyða sumarsólstöðum í Galtarvita ásamt fleirum. Undanfarin ár hafa þær boðið listamanni að dvelja í vitanum en þær standa að fyrirtækinu Slíjm SF.*

Galtarviti er ótrúlegur staður og þarna er mögnuð orka. Í vitanum er ekkert netsamband, ekkert símasamband og ekki fært þangað á bíl," útskýrir Kristín Gunnarsdóttir en hún ætlar að eyða helginni í Galtarvita. Ástæðan er sumarsólstöðufögnuður í vitanum sem hún stendur fyrir ásamt Eddu Kristínu Sigurjónsdóttur en saman mynda þær fyrirtækið Slíjm SF. Slíjm er í samstarfi við aðstandendur Galtarvita, áhugamannafélagið Gölt.

„Fólk fær í dag ekki mörg tækifæri til að vera eitt og algjörlega í friði fyrir umheiminum. Þegar Óli vitavörður bað okkur um að halda utan um listamannadvöl í vitanum, ákváðum við að bjóða einum listamanni í hvert sinn að koma til að vera einn með sjálfum sér," segir Kristín.

Dvölinni lýkur svo með sumarsólstöðufögnuði sem gestir geta sótt og listamaðurinn sem lokið hefur dvöl tilnefnir þann næsta. Bandaríski listamaðurinn Elizabeth Peyton hefur dvalið í vitanum undanfarna daga og segir Kristín spennandi að vita hvern hún muni tilnefna.

„Fyrstur var það Hrafnkell Sigurðsson og hann benti á Ragnar Kjartansson, Ragnar benti svo á Elisabeth Peyton sem kom okkur skemmtilega á óvart, að verkefnið skyldi færast út fyrir landsteinana."



**FALLEGT UMHVERFI** Það er engu líkt að upplifa sumarsólstöður við Galtarvita.

### ÆVINTÝRALEGUR STAÐUR

Ekki er auðvelt að komast að vitanum en eins og áður sagði er ekkert vegasamband við staðinn. Undanfarin ár hefur verið gengið yfir Öskubak en sú leið er ófær í ár.

„Björgunarsveitirnar munu sigla með gesti á staðinn frá Suðureyri og rennur fargjaldið beint til björgunarsveitanna. Svo bjóðum við upp á kvöldverð og miðnætursnarl og stemningu fram eftir nóttu," segir Kristín og fullyrðir að það sé engu líkt að upplifa sumarsólstöður í Galtarvita. „Maður horfir á sólina renna sér mjúklega um yfirborð sjávar og rísa svo aftur. Það er töfrum líkast."

Nánar má forvitnast um vinnustofur listamanna í Galtarvita á Facebook-síðu Slíjm SF.



**SLÍJM SF** Kristín Gunnarsdóttir skipar fyrirtækið Slíjm SF ásamt Eddu Kristínu Sigurjónsdóttur. Þær verða í Galtarvita um helgina. MYND/VALLI

### ELIZABETH PEYTON

Frægðarsól Elizabeth Peyton tók að rísa um miðjan tíunda áratuginn og varð hún þekkt fyrir portrettmálverk sín á tímum þegar gagnrýnendur og jafnvel listamenn höfðu úrskurðað portrettmálverkið dautt. Í verkum sínum fæst hún helst við portrettmyndir af poppstjörnum, kóngafólki, kærustum sínum og elskhugum og dregur gjarnan fram kvenlega eiginleika þeirra. Marie Antoinette, Kurt Cobain, David Bowie, Kanye West, Jarvis Cocker, prinsarnir William og Harry og nú síðast Justin Bieber eru á meðal þeirra sem Elizabeth hefur valið sem viðfangsefni sín.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512 5447



## Algjört undraefni

Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaaldri. „Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrravetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægu sinni með vöruna. Ég var að byrja á breytingaaldrinum en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum," segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun voru öll einkennin horfin.



„Nú sef ég samfelldan svefn, finn ekki fyrir hitakófum eða fótaóeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamanum. Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna fyrir breytingaaldrinum. Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst Femarelle, þvílíkt undraefni."

LG BOGIÐ OLED SJÓNVARP
Heimsins fyrsta bogna OLED sjónvarpið
LG Life's Good
Sjónvarpsmiðstöðin SÍÐUMÚLA 2 WWW.SM.IS

FLOTT Á 5.000 KR



Kjólar 5.000 margir litir

Mussur 5.000 margar gerðir





Gallajakkar 9.900 st S-XL

Síðir kjólar 5.000 margir litir

Bolir 5.000 margar gerðir og litir



FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201
Sjá fleiri myndir á



# Lífið

FÖSTUDAGUR
20. JÚNÍ 2014


*Rakel Jónsdóttir fatahönnuður*
**SÉR UM BÚNINGAHÖNNUN GÖTULEIKHÚSSINS 2**

*Sigrún Edda Oddsdóttir markaðsfræðingur*
**HÁLSMENIN RÚNDA FYRIR KRAKKA 4**

*Catherine Côté naglasérfræðingur*
**NAGLALISTIN SPENNANDI OG LITRÍK 10**


*Bryndís Jakobs*

## ER EKKERT GRÝLUBARN


FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

# HVER ER?



Nafn?
**Ásgeir Orri Ásgeirsson**
Aldur? **24 ára.**

Starf? Tónlistarframleiðsla hjá stopwaitgo.

Maki?
Get ekki sagt það!

Stjörnumerki?
Hrúturinn góði.

Uppáhaldsstaður? NY City! Það er borg og staður að mínu skapi.

Við hvað ertu hræddur? Ég er skíthræddur við sjóinn, get ekki bara vaðið svona út í óvissuna eins og öllum finnst svo sjálfsagt.

Uppáhaldshreyfing?
Cross to the fit hjá Kötlu.

Uppáhaldslistamaður? Gustav Klimt, Pinterest er klárlega staðurinn til að sækja innblástur.

Hverju ertu stoltastur af?
Öllum afrekunum hingað til á lífsleiðinni.

Uppáhaldsbíómynd?
Saving Private Ryan er búið að vera svarið mitt í langan langan tíma. Þyrfti að fara að endurskoða þetta samt bráðlega.

A- eða B-manneskja?
A-manneskja, klárlega.

## HVERJIR HVAR?

Einn eftirsóttasti plötusnúður heims, hinn franski David Guetta, spilaði á stórtónleikum í Laugardalshöllinni síðastliðið mánudagskvöld. Tónlist Guetta er þekkt víða en smáskífur á borð við When Love Takes Over og Sexy Bitch hafa hljómað á næturklúbbum borgarinnar. Tónleikarnir fóru vel fram og íslenskir plötusnúðar og tónlistarmenn hituðu upp fyrir goðið. Ber þar einna helst að nefna Dj Muscleboy og Óla Geir.







# HÖNNUN AFAR FALLEG VIÐUNDRASÝNING Á 17. JÚNÍ

*Rakel Jónsdóttir fatahönnuður sér um heildarhönnun og listrænt útlit Götuleikhússins sem vakti athygli á 17. júní í miðbænum fyrir hvíta og hugmyndaríka búninga.*

„Pælingin með þessari hugmynd var að sækja innblástur til gamla sirkussins. Þetta átti að vera eins konar viðundrasýning eins og í gamla daga en við vildum sýna þetta á pínu skrítinn og fallegan hátt,“ segir Rakel Jónsdóttir fatahönnuður þegar hún útskýrir búninga meðlima Götuleikhússins í miðborginni á 17. júní. Rakel kláraði fatahönnunarnám sitt í Listaháskólanum fyrir skömmu og var í kjölfarið boðið að spreyta sig á búningahönnun og listrænu útliti Götuleikhússins sem er starfandi á vegum Hins Hússins í sumar. Leikarahópurinn er allt áhugafólk og samanstendur af níu manns undir leikstjórn Benedikts Gröndal. „Ég sé um heildarútlitið og þróa hugmyndir með hópnum, hanna og sauma búningana en þetta er mikil samvinna því allir leggja sitt af mörkum. Á þjóðhátíðardaginn voru þau öll hvít og fín en hver og einn hafði einhver skrítin einkenni. Þarna voru til dæmis síamstvíburar, menn með ofvaxna vöðva og feiti maðurinn var alveg hnöttóttur.“ Næsta uppákoma Götuleikhússins er föstudaginn 27. júní kl. 12 á Laugaveginum.



Rakel Jónsdóttir fatahönnuður










# SNYRTIBUDDAN

## MAMMA ER MÍN FYRIRMYND

„Anna og Fríða, vinkonur mínar í sveitinni, segja að þurrsjampó, ilmvatnið, eyelinerinn og alls konar naglalakk sé eitthvað sem ég sé aldrei án,“ segir Andrea Sóleyjar og Björgvinsdóttir sem rekur skemmtistaðinn Frón á Selfossi. Lífið fékk að kíkja í snyrtibudduna hennar en Andrea segir að móðir sín sé fyrirmyndin í snyrtimennsku og fínheitum.



**B&B krem** Ein besta uppfinning aldarinnar, gerir kraftaverk bæði á morgnana og áður en ég mæti til vinnu á kvöldin. Það er svo hentugt því mér hefur aldrei líkað að nota púður eða meik.




**Limited edt. cherry blossom frá Escada**
Ilmvatnið mitt er algert möst.

**Þurrsjampó með kókoslykt frá Batiste**
Hárið mitt er fíngert og mér finnst það gefa fyllingu. .

**Blautur H&M eyeliner**
Ég kaupi minnst tvo í einu. Ég hef þróað gríðarlega góða tækni og línan heppnast í hvert sinn.

**Aldrei án slaufuhringsins og fisksins**
Fiskurinn hennar Steinu frá Hring eftir Hring og lokkar og hringar af öllum gerðum eru ómissandi alla daga í vinnu og veislum.

**Lífið**
www.visir.is/lifid

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Arnþór Birkisson**




# SUMAR BÆKUR ERU
# SUMARBÆKUR




## SPENNU-TRYLLIR SUMARSINS

„... háskinn er rétt undir yfirborðinu og bíður þess að brjótast fram."
**THE COAST**

„Hörkuspennandi ..."
**NORRAN**




www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

Opið alla virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 11–15
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575-5636

# SKART HANDGERÐ HÁLSMEN FYRIR BÖRNIN

***Sigrún Edda Oddsdóttir markaðsfræðingur býr í Kaupmannahöfn og hannar litrík hálsmen fyrir litlar dömur sem hún kallar Rúnda.***

„Ég hef verið að gera þessi hálsmen í tvö ár fyrir sjálfa mig og vini í en ég hef alla tíð verið að skapa. Svo fékk ég tækifæri til að gera eitthvað úr þessu og stökk á það,“ segir Sigrún Edda Oddsdóttir. Hún hefur verið búsett í Kaupmannahöfn í Danmörku í tæplega fjögur ár og kláraði mastersnám í markaðsfræði fyrir skömmu. Í atvinnuleitinni eftir námið bauðst henni að sækja námskeið í vefsíðugerð og myndvinnslu en lokaverkefnið snerist um að fullhanna vefsíðu. „Ég ákvað því að gera eitthvað úr þessu og hannaði vörumerkið Rúnda í kringum hálsmenin sem öll eru handgerð. Mitt í ferlinu ákvað ég að þróa hálsmenin og gera barnaútgáfur í fleiri litum sem mér þótti skemmtilegt. Það hefur verið ákveðin vöntun á barnaskarti á markaðnum,“ segir Sigrún Edda. Hálsmenin eru með segullás að aftan og opnast auðveldlega sem veitir meira öryggi fyrir börn. „Nafnið Rúnda er hálfgert fjölskyldugrín en það er samsett stytting af nafninu mínu sem systkini mín kölluðu mig þegar ég var yngri.“ Hálsmenin eru seld í versluninni Kraum á Íslandi, versluninni 22:22 Scandinavian Fashion and Design í Kaupmannahöfn og í gegnum runda.dk. Hægt er að skoða hálsmenin nánar á Facebook-síðunni Rúnda necklaces.
















# HEF LÆRT AÐ MAÐUR Á EKKI AÐ OFHUGSA ALLT

## RÓS KRISTJÁNSDÓTTIR FYRIRSÆTA OG MANNFRÆÐINEMI

1. **Þegar ég var ung þá hélt ég að…** ég vissi allt.
2. **En núna veit ég…** minna en þá.
3. **Ég mun eflaust aldrei skilja…** rasisma og fordóma.
4. **Ég hef engan sérstakan áhuga á…** því að vera með fólki sem er neikvætt.
5. **Karlmenn eru…** alls konar.
6. **Ég hef lært að maður á alls ekki að…** ofhugsa allt.
7. **Ég fæ samviskubit þegar…** ég sinni vinkonum mínum ekki nógu vel.
8. **Ég slekk á sjónvarpinu þegar…** auglýsingar byrja.
9. **Um þessar mundir er ég mjög upptekin af…** Orange is the new black.
10. **Ég vildi óska þess að fleiri vissu af…** Arrested development, það eru fyndnustu þættir sem ég hef horft á.



# LÆRDÓMSRIT
## BÓKMENNTAFÉLAGSINS

IÐA

**2.990 kr.** tilboð gildir til 27. júní




Lækjargata 2a og Vesturgata 2a 101 Reykjavík opið 9-22 alla daga

# BRYNDÍS JAKOBS
# ÞURFTI NÆÐI TIL AÐ VERA SJÁLFSTÆÐ

***Bryndís Jakobsdóttir ætlaði að verða læknir eða sálfræðingur en tónlistargenið í blóðinu hafði loks yfirhöndina og krækti í hana. Hún talar við Lífið um tónsmíðarnar, útgáfusamninginn í Danmörku, fjölskyldutengslin og hvernig það er að vera ung móðir í Kaupmannahöfn.***

*Álfrún Pálsdóttir*
alfrun@frettabladid.is

Það var ekki á planinu hjá mér að hafa tónlist að atvinnu. Ég ætlaði að verða læknir en tónlistin krækti í mig og yfirtók allt, sem er auðvitað mjög skemmtilegt."

Bryndísi Jakobsdóttur þarf vart að kynna fyrir landsmönnum. Hún er komin af tveimur vinsælustu tónlistarmönnum landsins, þeim Jakobi Frímanni Magnússyni og Ragnhildi Gísladóttur, og hefur því fengið endurkast af sviðsljósinu allt frá blautu barnsbeini. Nú fetar hún í fótspor þeirra, í Kaupmannahöfn, þar sem hún er búsett ásamt tveimur sonum.

Bryndís er í stuttu stoppi hér á landi, ástæðan er Secret Solstice Festival þar sem hún kemur fram á morgun, laugardag, kl. 17, ásamt hljómsveit undir nafninu Disa.

„Í hljómsveitinni eru danskir vinir mínir úr skólanum sem ég er í og líka utan hans. Það er mjög gaman að fá þau hingað að spila með mér og ég held að ég hafi ekki spilað hérna heima síðan 2011. Ég hef spilað mikið í Danmörku og Þýskalandi en lítið hérna heima svo þetta er spennandi. Þó svo að mér þyki vænst um Ísland af öllum stöðum í heiminum og hjartað alltaf hér, má segja að það sé erfiðara að spila fyrir tíu manns sem maður þekkir vel en þúsund ókunnuga."

### *Kom út með hreint blað*

Fimm ár eru síðan Bryndís flutti til Kaupmannahafnar en hún stundar nám í lagasmíði við Rytmisk Musik Konservatory. Henni líkar vel í Kaupmannahöfn sem hún vill meina að sé hæfilega stór borg fyrir sig og sína. Hún er samt ekki komin til Danmerkur til að vera.

„Mig langaði að fara þangað sem ég fengi næði til að vera sjálfstæð. Utan heimahaganna er auðveldara að feta sig áfram án þrýstings frá einum eða neinum, án viðmiða og væntinga. Mig langaði ekki til London þar sem ég ólst upp og mér fannst Ameríka allt of stór. Það er frábært að eiga börn í Kaupmannahöfn. Það er sérstaklega frábært að vera tónlistarmaður í Kaupmannahöfn þar sem er fullt af styrkjum úti um allt. Maður eiginlega skilur ekki hvernig þetta gengur upp en það er aldeilis upplagt fyrir mig í þessu tónlistargrúski þar sem maður er að finna sig."

Bryndís segir að það hafi verið hollt fyrir sig að flytja til Danmerkur og koma sér á framfæri án þess að vera með fjölskyldutengslin hérna heima á bakinu. „Það var mjög gott fyrir mig tónlistarlega séð því ég kom út með hreint blað og fólk spurði mig: „Hvernig listakona ertu?" og ekki að miða við neitt annað. Ég var ekki litla grýlubarnið. Það tekur tíma að búa til tengsl."

### *Oft ruglað saman við barnfóstruna*

Bryndís á strákana Magnús og Jóhannes Karl sem eru þriggja og hálfs og tveggja ára gamlir, sjálf er hún tuttugu og sex ára og því nokkuð ung í barneignum miðað við þá þróun sem hefur átt sér stað undanfarin ár þar sem meðalaldurinn í barneignum er alltaf að verða hærri og hærri.

„Þetta er ungt og mér hefur oft verið ruglað saman við barnfóstruna þegar ég er með strákana í strætó, ómáluð í náttfötunum, þar sem maður virkar yngri. Úti í Danmörku eru konur líka að bíða með barneignir alveg fram undir fertugt. En ég er alveg búin núna. Tveir eru nóg í bili," segir Bryndís brosandi og heldur áfram. „Þetta hefur verið draumur minn númer eitt síðan ég var þriggja ára. Var búin að finna nöfn og allt. Fyrsti og stærsti draumur minn alla tíð."

Mads Mouritz, barnsfaðir Bryndísar, er einnig tónlistarmaður en saman skipa þau dúettinn Song for Wendy. Bryndís segir vinnutíma tónlistarbransans ekki vera þann fjölskylduvænsta. „Þetta er oft púsluspil en svona var ég alin upp líka. Strákarnir koma oft með á tónleika og í stúdíó. Það kom fyrir að ég var að gefa brjóst og taka upp á sama tíma. Svo vinnur maður líka bara meira á kvöldin. Sem er allt í lagi. Danir er líka svo ofurskipulagðir og ég er sko alls ekki með það í mér. Mjög fínt fyrir mig en Danirnir mega



Bryndís komst inn í eftirsótt tónsmíðanám við Rytmisk Musik Konservatory í Kaupmannahöfn en borgina segir hún vera mjög hentuga fyrir fjölskyldufólk. Bryndís stefnir þó á að flytja annað eftir að hún útskrifast á næsta ári þar sem hennar bíða nýjar áskoranir.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR





# SUMARDRYKKIR

FÖSTUDAGUR **20. JÚNÍ 2014**

## Ljúf lautarferð

Hvað er betra en að klingja glösum í góðra vina hópi í sólinni?
**SÍÐA 2**

## Léttir og ferskir

Víkingur Kristjánsson hendir í nokkra góða kokteila á nýjum hótelbar við Laugaveg. **SÍÐA 3**

## Óáfengar veigar

Sumardrykkir og kokteilar eru margir hverjir ekki síðri án áfengis.
**SÍÐA 4**



Sælustundir sumarsins í góðra vina hópi. MYND/ANTON

# Ljúfar veigar í lautarferðina

Sælustundir sumarsins eru flestar í góðra vina hópi og hvað er betra en að klingja glösum í sólinni? Samúel Þór Harðarson vínþjónn gefur uppskriftir að svalandi sumarveigum sem einfalt og fljótlegt er að blanda og slá þannig upp veislu úti á túni eða niðri á strönd.

Ég nota Mickey Finn-eplalíkjör í drykkina en Mickey Finn hefur alltaf verið þekkt fyrir gæðakokteila, búna til úr ekta ávöxtum. Til að mynda þarf 40 epli til að búa til einn lítra af Mickey Finn Sour Apple,“ segir Samúel en líkjörinn á sér langa sögu.

„Mickey Finn var írskur að uppruna en fluttist til Ameríku þegar tímarnir voru erfiðir heima fyrir. Þegar hann kom til Chicago hófst ferill hans í barmennsku og áður en langt um leið hafði hann unnið sig upp í bransanum og var orðinn einn af aðalbareigendum Chicago-borgar. Í dag er Mickey Finn næstsöluhæsti líkjörinn á Írlandi á eftir Baileys og söluhæsti eplalíkjörinn á Íslandi.“






## FERSKUR GRANAT- OG HINDBERJADRYKKUR

6 cl Stolichnaya-vodki
24-36 cl Mickey Finn Sour Raspberry
Granateplasafi
Granatepli

*Byrjum á að fylla könnu af klökum. Hellum svo 6 cl af Stolichnaya-vodka yfir og svo er Hammer-gini og Mickey Finn Sour Raspberry skellt í könnuna. Fyllt upp með granateplasafa. Út í þennan drykk er frábært að bæta við ferskum granateplum.*



## BLÁBERJA- OG FERSKJUDRYKKUR

6 cl Hammer-gin
24-36 cl Mickey Finn Sour Blueberry
Ferskjusafi
Bláber

*Byrjum á að fylla könnu af klökum. Hellum svo 6 cl af Stolichnaya-vodka yfir og svo er Hammer-gini og Mickey Finn Sour Blueberry skellt í könnuna. Fyllt upp með ferskjusafa. Frábært að bæta við ferskum bláberjum í þennan drykk.*



## GRÆNA SKRÍMSLIÐ

6 cl Stolichnaya-vodki
24-36 cl Mickey Finn Sour Apple
Engiferöl

*Byrjum á að fylla könnu af klökum. Stolichnaya-vodka og Mickey Finn Sour Apple er svo skellt í könnuna og fyllt upp með engiferöli. Út í drykkinn er mjög fallegt að setja nokkrar súraldinsneiðar.*

# Léttir og ferskir kokteilar í sumar

**Víkingur Kristjánsson rak tvo skemmtistaði við Garda-vatn þar sem hann bjó í 23 ár. Nú er hann kominn heim og ætlar að henda í góða kokteila á nýjum hótelbar við Laugaveg. Víkingur segir að kokteilstemning sé mikil hér á landi um þessar mundir og vínþekking hafi aukist hjá Íslendingum.**

Víkingur segir að barmenning á Íslandi hafi breyst mikið á undanförnum tveimur árum. Nú hafa kokteilbarir litið dagsins ljós og skemmtileg stemning myndast oft á þessum börum. „Ég ætla að gefa uppskriftir að vinsælum sumardrykkjum sem jafnframt er mjög einfalt að búa til heima í góðu veðri,“ segir hann. „Kokteilar með viskíi hafa verið að slá í gegn hér á landi bæði hjá körlum og konum. Fólk er farið að spá mikið í tegundir og margir eru mjög fróðir um vín og til dæmis um viskí.“

## Viskíkokteill vinsæll

„Ég gef hér uppskrift að vinsælum kokteil sem nefnist Johnnie Ginger, hann er nýr og mjög vinsæll á börum borgarinnar. Notað er skoskt viskí sem er það frægasta í heimi og hefur lengi verið vinsælt í Bandaríkjunum. Einnig gef ég uppskriftir að brasilískum vodkakokteil, sem passar vel núna og nefnist Smirnoff Caipiroska, Baileys-krapa og Grand Fresh. Allir þessir kokteilar eru léttir og ferskir,“ segir Víkingur.

„Það var töluverð kokteilstemning hér á landi í kringum 1980 og þá komu nokkrar bækur út með hinum ýmsu kokteilum. Því miður voru ekki allar uppskriftirnar réttar. Þess vegna er betra að fara í bækur frá 1920-1940 til að fá alvöru kokteiluppskriftir,“ útskýrirh ann.

## Kokteilar fyrir alla

Víkingur segir að það sé gaman að fylgjast með gestum á kokteilbörum. „Mér finnst þekking á hinum og þessum víntegundum hafa aukist mikið. Fólk hefur greinilega smakkað eitt og annað erlendis og biður um það hér. Áður fyrr var markaðurinn lítill og sumar tegundir voru ekki fáanlegar. Kokteilar eru fyrir alla, eldri konur biðja gjarnan um góðan kokteil eða hvítvínsglas fyrir mat en hjá yngra fólkinu eru þetta bæði kynin.“

Víkingur hefur lengi starfað á börum og er ánægður í starfinu. Ég byrjaði fyrst með skóla og hef ílengst í þessu. Ég kann vel við kvöld- og helgarvinnu. Það hefur líka aukist að fólk komi á barinn í miðri viku en það þekktist varla hér á landi á meðan það þótti sjálfsagt í útlöndum,“ segir hann.

## Nýr hótelbar

Á næstu dögum verður opnað nýtt hótel á Laugavegi 66, Hótel Alda, og þar verður flottur vínbar. Þar mun Víkingur þjóna gestum. „Ég hlakka mjög til að starfa þar. Þetta verður staður fyrir alla, fjölbreytt úrval af víni, bjór og kokteilum.“

Þegar Víkingur flutti heim frá Ítalíu fékk hann strax vinnu á Marina Hótel þar sem hann starfaði með Ásgeiri Má Björnssyni yfirbarþjóni. „Það er maðurinn sem kom með kokteilheiminn til Íslands en hann starfaði lengi í Danmörku. Síðan starfaði ég um tíma á veitingahúsinu Koli,“ segir hann og hér koma vinsælu kokteilarnir. Öllum drykkjunum nema Baileys á að hræra í með skeið áður en þeir eru bornir fram.



Víkingur er hér á veitingahúsinu Koli, þar sem hann hefur starfað, með flotta sumarkokteila. MYNDIR/GVA




## JOHNNIE GINGER

Fullt af klaka
Einfaldur (3 cl) Johnnie Walker Red Label
Fyllt upp með engiferöli (ginger ale)
Límónusneið kreist út í og sett í drykkinn til skrauts

*Borið fram í lágu glasi. Límónan er nauðsynleg til að fríska drykkinn upp og kóróna bragðið. Einnig er gott að nota engiferbjór (ginger beer) í staðinn fyrir engiferöl (ginger ale). Víkingi finnst gott að setja smávegis Angostura Bitter út í sem kryddar aðeins drykkinn.*




## GRAND LEMON FRESH

Glasið fyllt af klaka
Einfaldur (3 cl) Grand Marnier
Einfaldur (3 cl) ferskjulíkjör
Hálf sítróna kreist út í
Toppað með Kristal eða sódavatni
Sítrónusneið til skrauts
Hrært í með skeið

*Borið fram í háu glasi með klaka og einnig hægt að skreyta með appelsínuberki og grænu laufi. Drykkurinn þekkist einnig sem Grand Fresh og þá er notað 7-Up í staðinn fyrir sódavatn og sítrónu en Víkingur kýs að nota ferskan sítrónusafa í staðinn. Það er mjög gott að skreyta með mintu og ágætt að slá henni aðeins í lófann fyrst til að opna bragðið.*




## SMIRNOFF CAIPIROSKA

Tvöfaldur Smirnoff (6 cl)
4 kreistar límónusneiðar
2 teskeiðar hrásykur
Toppað með hreinum Kristal
Mulinn ís

*Kreistið límónusneiðar út í glas. Setjið eina heila ofan í glasið og bætið sykri út í. Merjið saman með staut, þó ekki of mikið. Bætið vodka út í og hrærið þar til sykurinn er leystur upp. Setjið mulinn ís saman við og hrærið. Skreytið með límónu. Góður drykkur fyrir mat.*




## BAILEYS-KRAPI

Baileys original eða Baileys biscotti (ný bragðtegund)
Klakar
Hægt að skreyta með súkkulaðispónum og kaffibaunum

*Baileys ásamt litlum klökum er sett í blandara og blandað þar til Baileys er orðið að flauelskrapi. Mjög frískandi og bragðgóður drykkur í sumarrigningunni. Þetta er svona nammidrykkur fyrir alla. Einfalt og sniðugt í staðinn fyrir eftirrétt. Gott er að setja vel af súkkulaði og kaffibaunum yfir til skrauts.*

# Óáfengar sumarsprengjur

Sumardrykkir og kokteilar eru margir hverjir ekkert síðri án áfengis. Hinn vinsæli drykkur Mojito er til dæmis mjög fínn svaladrykkur án rommsins. Hér fyrir neðan eru gefnar þrjár uppskriftir að drykkjum sem gaman er að bjóða upp á í veislum eða samkomum sem fara fram um miðjan dag eða á virkum degi þegar sólin skín á mannskapinn.



## SANGRIA

**Fyrir 8**

2 bollar sjóðandi vatn
2 tepokar af svörtu tei
2 kanilstangir
½ bolli sykur
3 bollar granateplasafi
1 bolli nýkreistur appelsínusafi
1 appelsína skorin í hringlaga sneiðar
1 súraldin (lime) skorin í sneiðar
1 epli skorið í litla bita
3 bollar sódavatn

*Hellið sjóðandi vatni yfir tepokana og kanilstangirnar og látið standa í fimm mínútur. Takið pokana upp úr og bætið sykri við og látið hann leysast upp.*

*Blandið nú saman í könnu öllum hráefnunum nema sódavatninu og kælið í það minnsta í klukkustund, helst yfir nótt.*

*Rétt áður en drykkurinn er borinn fram er sódavatninu bætt við. Berið fram í glösum með ísmolum.*

## RÓSMARÍN-LÍMÓNAÐI

**Fyrir 8**

1 bolli súraldinsafi (um sex lime)
¾ bolli sykur
Börkur af 2 súraldinum
2 rósmaríngreinar og fleiri til skrauts
4-6 bollar sódavatn

*Setjið súraldinsafann og sykurinn í pott og hitið að suðu. Lækkið hitann og hrærið þar til sykurinn er leystur upp. Bætið við rifnum berkinum og rósmarínstilkunum. Látið krauma í mínútu til viðbótar. Setjið lok á pottinn og geymið í kæli yfir nótt.*

*Sigtið börkinn og rósmarínið frá. Blandið leginum við sódavatnið í flösku eða krukku með loki. Berið fram með ísmolum og dálitlu af fersku rósmaríni.*





## KUMQUAT OG BLEIK PIPARKORN

**Fyrir 10-12**

1 bolli sykur
1 bolli vatn
2 tsk. þurrkuð bleik piparkorn sem er búið að merja örlítið
24 kumquat-ávextir, skornir í hringlaga sneiðar og fræhreinsaðir
Ísmolar (má sleppa)
3 lítrar sódavatn



*Blandið sykri og vatni í pott. Hitið að suðu og látið krauma í fimm mínútur meðan sykurinn leysist upp.*

*Blandið bleiku piparkornunum við. Takið af hitanum og látið standa í hálftíma. Sigtið blönduna með fínu sigti og geymið piparkornin til skrauts. Kælið.*

*Fyrir hvern drykk þarf að kremja um 12 kumquat-sneiðar með 2 msk. af sírópinu í glasi sem rúmar um 230 ml. Bætið við ísmolum og fyllið upp í með sódavatni. Skreytið með nokkrum piparkornum.*

Vínkjallarinn.is
– víngerðarefni fyrir kröfuharða

Allt til bjórgerðar!

Yfir 100 tegundir bragðefna í mat og drykk









Vínkjallarinn
Suðurhraun 2b
Garðabæ
Sími 564 4299

vinkjallarinn@vinkjallarinn.is
www.vinkjallarinn.is

> *„Mig langaði að fara þangað sem ég fengi næði til að vera sjálfstæð. Utan heimahaganna er auðveldara að feta sig áfram án þrýstings frá einum eða neinum, án viðmiða og væntinga.*

## Myndaalbúmið



Bryndís með sonum sínum í góðu glensi.



Bryndís með yngri syni sínum, Jóhannesi Karli, í stúdíóinu.



Magnús þriggja ára og Jóhannes Karl, tveggja ára.

líka taka smá af þessu „þetta reddast“ hugarfari Íslendinga. Besta blandan er sitt lítið af hvoru tveggja.“

### Hefur hent heilli plötu

Bryndís er komin á samning hjá danska útgáfufyrirtækinu Tiger Spring, og er fyrsta smáskífan væntanleg með haustinu. Hún kemur út á netinu og ræðst af viðbrögðum hvar Bryndís fylgir henni eftir, hvort sem það verður í Brasilíu eða Evrópu.

„Ég á efni í þrjár plötur og hef tekið upp heila plötu og hent henni. Tekið upp smáskífu og hent henni. Það var ekki nógu gott. Og mér finnst það fínt, lærdómsríkt. Mig langaði í ákveðinn hljóm og var með ákveðin lög í huga. Svo gerði ég plötuna og hún varð ekki að því sem mig langaði. Þá vildi ég bara halda áfram þangað til ég yrði sátt. Þetta tekur tíma og verður að fá að gera það,“ segir Bryndís og viðurkennir að hún sé ákveðinn fullkomnunarsinni þegar kemur að tónlistinni.

„Á sumu sviðum, já. Með laglínur og söng. Þar er ég næstum óþolandi. En svo er ég líka hrifin af því að hafa hlutina hráa. Ef mér finnst ekki eitthvað vera geggjað þá er ekki þess virði að gefa það út.“

Hún kveðst stundum leita til foreldra sinna varðandi tónlistarráðgjöf og segir þau vera meira vini en hefðbundna foreldra. „Þau eru svo ung í anda og það er engin hlutverkaskipting okkar á milli. Hefur alltaf verið þannig. Þau eru alltaf jákvæð og stuðningsrík. Ég sendi þeim stundum lög ef ég er ánægð og fæ alltaf góð viðbrögð frá þeim. Ég gæti örugglega ropað í míkrófóninn og þeim fyndist það æðislegt,“ segir Bryndís hlæjandi.

En hvar væri hún ef hún hefði ekki farið í tónlistina?

„Ég ætlaði alltaf að verða sálfræðingur. Opna mína eigin stofu, læra nálastungu og eyða dögunum með róandi tónlist og ilmkerti. Ég var líka með læknadraum. Núna er tónlistin eitthvað sem ég á að gera. Hitt gerist bara seinna.“

### Nýjar áskoranir

Bryndís veit ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér en hana langar til að prufa að búa annars staðar en í Danmörku. Hún á eitt ár eftir af námi sínu og verður þá bachelor í lagasmíðum. Hún er mjög ánægð með námið en þar hefur hún kynnst mismunandi stílum í tónlist.

„Það er góður titill og ég er spennt að klára. Ég er búin að kynnast fullt af góðu fólki og náð að finna mig í lagasmíðunum. Ég finn samt að ég er búin með Danmörku og langar að nálgast nýjar áskoranir annars staðar. Byggja nýtt tengslanet og fá nýjan innblástur,“ segir Bryndís sem hefur ekki áhyggjur af því að fara á flakk með fjölskylduna. „Það krefst bara öðruvísi skipulags og er áskorun. Einhvern veginn þá reddast hlutirnir alltaf.“



# VEISLA UGLUÞEMAÐ SLÓ ALGJÖRLEGA Í GEGN

***Berglind Hreiðarsdóttir hélt upp á fimm ára afmæli dóttur sinnar og var með sniðugar hugmyndir.***

„Krökkunum fannst þetta æðislega skemmtilegt og þá helst litlu kökupinnarnir, hrískökurnar á íspríkunum og poppið í litríku pokunum. Hugmyndin að afmælinu kom þegar við bjuggum erlendis og Elín Heiða dóttir mín var með ugluþema í herberginu sínu. Svo sáum við þessar afmælisvörur á Amazon og urðum að panta þær," segir Berglind Hreiðarsdóttir sem hélt upp á afmæli fimm ára dóttur sinnar með pompi og prakt fyrir skömmu. Berglind segir að allir áhugasamir um kökugerð og skreytingar geti auðveldlega spreytt sig á ugluþemanu en hún heldur reglulega kökuskreytinganámskeið undir nafninu Gotterí og gersemar. Á síðunni gotteri.is er að finna ýmsar sniðugar hugmyndir og leiðbeiningar fyrir veislur og skreytingar en einnig er hægt að skrá sig á kökuskreytinganámskeið.


Elín Heiða og vinir hennar voru ánægð með fínu veisluna.
















## Óttastu að þyngjast ef þú hættir að reykja?

Sýnt hefur verið fram á að notkun Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmís í ráðlögðum skömmtum hjá konum, getur hjálpað til við að vinna gegn þyngdaraukningu hjá þeim í kjölfar þess að reykingum er hætt.






**Fæst án lyfseðils í næsta apóteki**

**Mjúkt nikótínlyfjatyggigúmmí með mintu- og ávaxtabragði**

**Nicorette lyfjatyggigúmmí 2 og 4 mg** (inniheldur nikótín) er notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Það dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðveldar reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. **Skammtar:** Börn yngri en 15 ára mega ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Fullorðnir: eitt lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Nota má lyfjatyggigúmmíið eitt og sér eða samtímis Nicorette Invisi forðaplástri. Skammta skal ákveða út frá hve háður nikótíni viðkomandi er en hámarksdagskammtur er 24 stk. Mælt er með 2 mg lyfjatyggigúmmí fyrir þá sem eru lítið háðir nikótíni en 4 mg fyrir þá sem hafa mikla nikótínþörf eða hefur ekki tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Tyggið hægt og látið lyfjatyggigúmmíið liggja í munninum þess á milli. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár. Einstaka aðilar geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skulu einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá sjúklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, óméðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgur eða virkt skeifugarnar- eða magasár. Lyfjatyggigúmmíið getur átt til að festast við gervitennur og í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær. Nicorette inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, sem getur valdið ertingu í slímhúðum, og xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif. Nicorette Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með frúktósaóþol ekki nota það. **Aðgát í návist barna:** Ráðlagðir skammtar nikótíns fyrir fullorðna geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir ungum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá og fleygið notuðu tyggigúmmíi þar sem börn ná ekki til. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota lyfjatyggigúmmíið í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

nicorette nicotin

IS/NIC/2014-12-F-3

# SKRIFSTOFAN Í ÞÍNUM LITUM

LEITZ WOW SERIES



**30% vildarafsláttur af öllum LEITZ WOW vörum**

### Bréfabindi, 80 mm



**Vildarverð**: 1.273 kr.
**Verð áður**: ~~1.819~~ kr.

### Lausblaðamappa, 2 hringir



**Vildarverð**: 825 kr.
**Verð áður**: ~~1.179~~ kr.

### Gatari í möppu, gatar 2 blöð



**Vildarverð**: 671 kr.
**Verð áður**: ~~959~~ kr.

### Teygjumappa, A4



**Vildarverð**: 489 kr.
**Verð áður**: ~~699~~ kr.

### Skæri, 205 mm Titan



**Vildarverð**: 2.449 kr.
**Verð áður**: ~~3.499~~ kr.

### Heftari, 30 blöð



**Vildarverð**: 3.296 kr.
**Verð áður**: ~~4.709~~ kr.

### Gatari, 30 blöð



**Vildarverð**: 2.323 kr.
**Verð áður**: ~~3.319~~ kr.

### Bréfakarfa, 15 lítrar



**Vildarverð**: 1.679 kr.
**Verð áður**: ~~2.399~~ kr.

### Bréfabakki



**Vildarverð**: 1.350 kr.
**Verð áður**: ~~1.929~~ kr.

### Skúffuskápur, 4 skúffur

**Vildarverð**: 12.593 kr.
**Verð áður**: ~~17.999~~ kr.



5 skúffur
**Vildarverð**: 13.993 kr.
**Verð áður**: ~~19.990~~ kr.

## Fyrirtækjaþjónusta Pennans

Í Pennanum má finna úrval ritfanga, rekstrarvara, húsgagna og kaffilausna sem henta fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum. Fyrirtækjaþjónusta Pennans hefur verið starfrækt síðan 1997. Starfsfólk Fyrirtækjaþjónustu Pennans kappkostar að veita faglega og persónulega þjónustu um land allt. Fyrirtæki sem nýta sér heildarþjónustu Pennans tryggja sér bestu kjörin sem í boði eru hverju sinni. Hægt er að sækja um reikningsviðskipti á www.penninn.is . Hafðu samband við ráðgjafa okkar í þjónustuveri í síma 540-2050 eða í gegnum netfangið pontun@penninn.is fyrir upplýsingar um vörur og þjónustu Pennans.



## Penninn Hallarmúla 4

Við Hallarmúla 4 er ein stærsta ritfangaverslun á landinu. Í versluninni er gott úrval af töskum, bókum, tímaritum og leikföngum auk þess sem þar er að finna eitt mesta úrval landsins í blek og dufthylkjum.

Sími: 540-2360, netfang: hallarmuli2@penninn.is

**5%** afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Penninn Eymundsson

540 2050 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðið gildir frá 14. júní, til og með 21. júní. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# TÍSKA ENDALAUSIR MÖGULEIKAR Í NAGLA-LISTINNI Í SUMAR

***Catherine Côté, eigandi naglastofunnar Rainbow Nails, fræðir lesendur um naglatískuna í sumar.***








Í sumar snýst naglatískan um að blanda saman litum og munstrum. Ljósir neonlitir eru vinsælir en gulur, appelsínugulur og bleikur eru fullkomnir litir sem passa við sólbrúnkuna í sumar. Svo er hægt að skreyta neglurnar með glitrandi Swarovski-steinum svo þú líkist einna helst prinsessu,“ segir Catherine Côté, eigandi Rainbow Nails á Skeggjagötu 10. „Möguleikarnir eru endalausir í naglalistinni. Sailor-þema, blönduð hönnun, grafísk mynstur og prentuð blóm eru mjög vinsæl um þessar mundir. Einnig eru pastel, coral og nude mjög fallegir og kvenlegir fyrir fínni tilefni. Mikilvægast er að fá eitthvað sem endurspeglar þinn eigin stíl og þú getur borið lengur,“ segir Catherine. Fyrir frekari naglainnblástur er hægt að skoða rainbownails_ á Instagram.

***Mikilvægast er að fá eitthvað sem endurspeglar þinn eigin stíl***






# TÍSKA KYNÞOKKA-FULLT BIKINÍSUMAR

Sumarið er tíminn þar sem konur ilma af dulúð og sól. Falleg sundföt eða bikiní eru nauðsynleg fyrir ströndina, sundlaugarnar og ferðalögin en sumartrendið býður upp á marga möguleika. Munstraðar, litríkar, háar bikiníbuxur og bönd eru eitthvað sem er áberandi í sumar.






# ÚTSALA

## ALLT Á AÐ SELJAST

# 60-80%

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM VEGNA FLUTNINGA**

Stakir jakkar á 5.000 kr

Skyrtur frá 4.000 kr

Gallabuxur frá 4.000 - 7.900 kr

Bolir frá 2.000 kr

Herra hafnarfjörður
S. 572 3400

FJÖRÐUR
www.fjordur.is





## ÚTSALAN ER HAFIN

# 30-50%

## AFSLÁTTUR

Mind Xtra
Smart verslun fyrir konur

Firði Hafnarfirði • Sími 556 3400

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

## facebook



**Boohoo.com**

https://www.facebook.com/boohoo.com

Facebook-síða bresku netverslunarinnar boohoo.com er full af nýjungum í hverri viku. Í vefversluninni er boðið upp á nýjustu tísku á viðráðanlegu verði fyrir tískuunnendur. Skór, sundföt, jakkar, pils eða kjólar. Úrvalið er endalaust.

## Pinterest



**That nordic feeling**

http://www.pinterest.com/nordicfeeling/

Hin danska Rikke starfar sem blaðamaður og bloggari hjá samnefndu bloggi. Á hinu skandinavíska bloggi er augljóst að hún hrífst af jarðlitum, innanhússhönnun, skreytingum og öðru fögru. Hingað er hægt að sækja skemmtilegan innblástur í hitt og þetta sem tengist heimilinu og lífsstíl almennt.

## Instagram



**In style swimwear**

http://instagram.com/instyleswimwear

Ert þú farin að huga að bikiníi eða öðrum sundfatnaði fyrir sumarið? Þessi bandaríska Instagram-síða er stútfull af flottum og ögrandi sundfatnaði sem hægt er að sækja innblástur í. Einnig er hægt að versla á síðunni Instyleswimwear.com.



# BLOGGARINN ÍSLENSKUR FÖRÐUNARBLOGGARI

**www.heiddisloa.com**

Heiðdís Lóa Óskarsdóttir er förðunarfræðingur af lífi og sál. Hún heldur úti bloggsíðunni heiddisloa.com þar sem hún birtir reglulega myndir af hinum ýmsu verkefnum sem hún eða aðrar innan bransans hafa unnið að.
Á blogginu er að finna förðunarkennslu, ýmislegt um húðumhirðu, æfingar og heilsu. Myndirnar eru ferskar og það er almennt gaman að fylgjast með blogginu þar sem Heiðdís Lóa hefur margt skemmtilegt fram að færa.









Culiacan
MEXICAN GRILL

# HÆTTU Í MEGRUN
# VERTU FIT



FIT réttirnir eru hannaðir með Alexöndru Sif, þjálfara hjá "Betri Árangur.is" sem hjálpað hefur fjölda kvenna að komast í sitt besta form. Þar er lögð áhersla á hreinan mat; próteinríkan og fitusnauðan. Þjálfararnir, sem allir eru með mikla reynslu af líkamsrækt, vilja að heilbrigt mataræði sé hluti af lífsstílnum en ekki kúr. Hættu í megrun og vertu FIT.



## FIT kjúklingasalat

Grillaðar kjúklingalundir, kál, ferskt salsa, kornsalsa, svartar baunir, rifinn ostur og létt sósa. Borið fram í bakaðri tortilluskál.

430 kcal. **1.790 KR**



## FIT kjúklingaspjót

Grilluð kjúklingaspjót, mexíkó-hrísgrjón, ferskt salsa, kornsalsa, svartar baunir, rifinn ostur (9%) og guacamole.

420 kcal. **1.790 KR**

Culiacan, Suðurlandsbraut 4. s. 533 1033 culiacan.is

Culiacan HollurogGóður





## BÍLAR & FARARTÆKI

bilfang.is S. 567 2000



VW CADDY MAXI Árgerð 2011. Ekinn 85 Þ.KM Verð kr. 2.690.000. verð með VSK Tilbúinn að skoða skipti á ódýrari



RENAULT KANGOO Árgerð 2012. Ekinn 37 Þ.KM Verð kr. 2.690.000. pláss mikill bíll tilbúinn að skoða skipti



PEUGEOT 307 XSI Árgerð 2006. Ekinn 84 Þ.KM Verð kr. 1.190.000. tilbúinn að skoða skipti

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**NÝTT HYMER HJÓLHÝSI**

ÚTSALA, Hymer Nova 540, Stórglæsilegt hús af flottustu gerð, lengd 7.69m, breidd 2.4m, ATH aðeins 1 stk í boði á þessu frábæra verði, Verð aðeins 4.490.000kr, Er í salnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

SUZUKI



Rafmagnsfjallareiðhjólin vinsælu fást hjá okkur. Þægileg 26" reiðhjól sem henta mjög vel fyrir íslenskar aðstæður. Verð kr. 188.900,- eigum einnig 2 gerðir 28" Borgarhjóla. Verð kr .168.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**
**SKEIFAN 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**SUZUKI@SUZUKI.IS**
**SUZUKI.IS - SUZUKISPORT.IS**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 42 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.290.000. Rnr.990693. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES BENZ Ml 320 cdi. Árgerð 2007, ekinn 136 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.140046.



TOYOTA Rav4 x. Árgerð 2011, ekinn 45 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.090.000. Rnr.161041.



SKODA Octavia ambiente. Árgerð 2005, ekinn 59 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.141181.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



NISSAN QASHQAI VISIA 03/2014, ekinn 3.430 km, bensín, 6 gíra, flott búinn bíll! Verð 4.390.000. Raðnr.252276 á www.BILO.is. Jepplingurinn nýji er í salnum!



TOYOTA AVENSIS nýr bíll! sjálfskiptur, 18" álfelgur, vindskeið, filmur ofl. Verð 5.280.000. Raðnr.252128 á www.BILO.is Er í sýningarsalnum okkar!

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

100bílar.is bílasala



**A-HÝSI!!**

Okkur vantar A-hýsi og alla ferðavagna á staðinn og á skrá, Komdu á staðinn eða sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is og í síma 5179999, www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu

Seldur.is

**KAUPUM ALLA BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningarbílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000



KIA SPORTAGE CRDI 4WD 2013 ekinn 30 þ.km. dísel sjálfskiptur verð 5.290.000 6 ár eftir af verksm.áb Uppl. 820-2206

Til sölu ford fiesta ,98 árg. ek. 134 þ. nýtt í bremsum og skoðaður. v. 200 þ. uppl. í s. 863 3865

## 0-250 þús.



Nissan Almera 1,6 árg 1999. ek. 200 þús. Smurbók fylgir. Parfnast smáv. lagfæringa en gengur vel. Verð: 220 þúsund. S. 867-7632.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



**GOTT VERÐ**

Til sölu Scania 143 - 450 Árgerð 1991 með kælivél TK SDZ max Uppl. í s. 892-1817

## Húsbílar



**HÚSBÍLL TIL SÖLU!**

Ford Transit, Hobby Siesta 650. Árg. 2007, Ek. 44þús. 4 manna. Verð 8,4 Milljónir. Upplýsingar í síma 896-2204 Árni.

## Fellihýsi



Til sölu Hobby hjólhýsi m. palli staðsett á laugarvatni. góð eign. verðh. 1200þ. uppl. í. s. 868 7157




## til sölu

**Land Rover Discovery 3 TDI V6 dísil**



**Sjálfskiptur, dráttarkúla, leðurinnrétting, 7 manna, loftpúðafjöðrun.**
**Skráður 08/2007**
**ekinn 119.000 þkm.**
**Verð kr. 5.490.000.-**

**Okkur bráðvantar nýlega og góða sölubíla á svæðið. Laus pláss bæði úti og inni. Hafðu endilega samband eða kíktu til okkar á Klettháls 1a.**

MB bílar • Kletthálsi 1a • 110 Reykjavík
www.mbbilar.is • S. 415 1150

## Bátar

**MAKRÍLGRÆJUR TIL SÖLU.**

Nýjar Makrílgræjur til sölu, slítarar og rennur fyrir 5 DNG rúllur. Smíðaðar af Járnkarlinum Þorlákshöfn fyrir Cleopötru 31. Ónotaðar. Nánari uppl. í s. 898 2514

## Bílaþjónusta

B.S.VERKTAKAR

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

Óska eftir vatnskassa í Grand cherokee 95' gerð sjálfskipt. 8982926.

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.




**TRJÁFELLINGAR**

Klippi, felli snyrti tré og runna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

bílaland
- NOTAÐIR BÍLAR -
www.bilaland.is



LAND ROVER Freelander SE. Árgerð 2008, ekinn 102 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 2.540.000.** Rnr.281509.



BMW 320i. Nýskr. 02/06, ekinn 145 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.990.000.** Rnr.120286.



HONDA CRV Executive. Nýskr. 02/07, ekinn 129 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.890.000.** Rnr.281739.



OPEL Astra Enjoy. Nýskr. 05/07, ekinn 96 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.370.000.** Rnr.191367.



NISSAN Note Visia. Nýskr. 10/07, ekinn 90 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.090.000.** Rnr.142185.



HYUNDAI Santa Fe 4x4. Nýskr. 10/05, ekinn 144 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 1.890.000.** Rnr.281707.



FORD Mondeo. Nýskr. 09/05, ekinn 166 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.090.000.** Rnr.142112.

Klettháls 11
525 8000
www.bilaland.is

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Teppahreinsun, gluggahreinsun, flutningsþrif, bónun o.s.fr. Uppl. Tómas, s. 699 6762 og www. gluggahreinsir.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Alhliða málningarþjónusta. Frí verkskoðun og tilboð. s.8919890 malarar@simnet.is

Málarar geta bætt við sig verkum. Gerum föst verðtilboð. Uppl. í síma 698 8629 & 856 9677.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald

TRÉSMÍÐI
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐA-VINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

**STRÚCTOR BYGGINGAÞJÓNUSTA EHF.**
Flísalagnir - Múrverk - Flotun. Áratuga reynsla. Þorsteinn s. 893 6994

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

Viltu spá í framtíðina? Les í bolla/spil. Síma og netspá möguleg. Sími 699 4686. Kristín

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

Hágæða sláttutraktórar



Verð frá 350.000 m/vsk.
STIGA
Vetrarsól ehf.
Askalind 4 • Kópavogi • S 564 1864

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
virðum ... börn eiga rétt á vernd og umönnun

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

## Gefins



**Pappadiskur í óskilum**
Eigandi þessa pappadisks getur sótt hann á umferðareyju við gatnamót Miklubrautar og Grensásvegar. Eða þar í nágrenninu (fer eftir vindátt). Af hverju er rusl í Reykjavík?

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"




**HLJÓMSVEITIN KLETTAR**
**RÚNAR ÞÓR, ÁSGEIR ÓSKARSS, SIGGI ÁRNA OG BJÖRGVIN GÍSLA SPILA Í KVÖLD.**

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina
Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu



## BÍLL DAGSINS

**Volkswagen Touran**
Nýskráður 9/2003, ekinn 135 þús.km., bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 690.000**

Bíll dagsins kr.
**499.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 12/2011, ekinn 70 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.950.000**



HONDA
**CR-V Panorama**
Nýskráður 4/2007, ekinn 143 þús.km., bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 2.400.000**



NISSAN
**Juke Acenta**
Nýskráður 6/2012, ekinn 23 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.190.000**



NISSAN
**Patrol GR**
Nýskráður 4/2006, ekinn 188 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.550.000**



HYUNDAI
**Terracan 2900 GLX**
Nýskráður 6/2005, ekinn 149 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.890.000**



HONDA
**Civic Comfort**
Nýskráður 3/2013, ekinn 15 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.190.000**



HONDA
**Accord Lifestyle**
Nýskráður 7/2013, ekinn 23 þús.km., bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 4.150.000**



FIAT
**Panda 4x4**
Nýskráður 8/2007, ekinn 35 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.190.000**

**Vegna mikillar sölu að undanförnu vantar okkur bíla á skrá!**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Lokað á laugardögum
í sumar.

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Vélar og verkfæri



Til sölu súluborvél,- hersluvél Makita BTW. 450 18 volt og segulborvél. Lítið notuð verkfæri, uppl. í s. 8931986

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd




**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 3 herb íbúð í miðbæ 101 Rvk. 140 pr. mán. 2 mán. fyrirfram. Með/án húsgagna. Uppl. 782 3386

## Sumarbústaðir



**TIL SÖLU**

Sumarbústaður 68 m2 í smíðum. Tæplega fokheldur en tilbúin til flutnings. Teikningar fylgja. Verð 5.800.000 Uppl. í s. 7742780

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**

Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu. 10 m2 milliloft mögulegt. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbíl á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060

35 fm húsnæði í gamla miðbænum fyrir fatahönnun, skartgripasmíði eða líkt. Uppl. í S. 820 4947.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**STARFSKRAFTUR ÓSKAST Í VERSLUN.**

Afgreiðsla og umsjón verslunarinnar og fl. Vinnutími 12-18 mán-föst auk laugardags. Menntun snyrtifræðings og förðunarfræðings mikill kostur.

**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „verslun" fyrir 30. júní**

**LOFTORKA REYKJAVÍK**

Óskar eftir vönum vörubílstjórum.

**Upplýsingar í síma 565 0875 eða 892 0525**

**GLUGGASMIÐJAN EHF**

óskar eftir að ráða smiði eða laghenta starfsmenn í tré og áldeild fyrirtækisins. Umsóknir sendist á gg@gluggasmidjan.is

Fiskvinnsla í Hafnarfirði óskar eftir vönu fólki til starfa, við snyrtingu og pökkun. Við leitum að fólki í framtíðarstörf. Áhugasamir sendi póst á vinna@hamrafell.is

Pípulagningamenn óskast i verkefni í Noregi í skamman tíma. Purfa að gefa hafið störf strax Upplýsingar Jóhannes 864-9677

Óska eftir meiraprófsbílstjóra. Mikil vinna framundan. Framtíðarvinna. Uppl. í s. 893 8423 & oskatak@simnet.is

Fagverk verktakar óska eftir vörubílsstjóra. vinsamlegast hafið samband á netfang villi@malbika.is

**MALBIKUN**

Fagverk verktakar óska eftir að ráða vanan mann í malbikun fram að jólum. Áhugsamir sendið upplýsingar á netfang: villigeir@malbika.is

## Atvinna óskast

**SAMNINGUR ÓSKAST**

óska eftir að komast á samning hjá húsasmíðameistara. Reglusamur kk. Uppl. í s. 782 3939

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Hreinsa þakrennur, laga veggjakrot, laga ryð á þökum ofl. Uppl. s. 8478704. manninn@hotmail.com.

## Einkamál




Heilsunudd? Íslensk kona býður upp á nudd. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8401.

Spennandi kona leitar kynna við karlmann, 50+. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8973

Flott kona býður gott nudd. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8168.

Kona býður upp á dekur og vellíðan. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8496.

Skyndikynni. Konur sem leita skyndikynna auglýsa sterklega á Rauða Torginu, og gefa oftast upp símanr. S. 535-9923. Karlar heyra og svara augl. í s. 905-2000 og 535-9920.

46 ára maður óksar eftir að kynnast reglusamri konu á aldrinum 40-50 ára. Áhugamál : tónlist, bíó, íþróttir, ferðalög. S. 868-5616.




STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

## til leigu

**HÁRGREIÐSLUFÓLK ATH.**

Stóll til leigu, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.) eða í síma 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO

## til sölu




## útsölur



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið


Albert B.Úlfarsson
lögg.fasteignasali
**414-4488**





Valur Viborg
Sölufulltrúi
**699-3500**

## Fallegt sumarhús á besta stað í Grímsnesi.




Fallegt sumarhús á besta stað í Grímsnesi. Húsið er 53,7 fm, ásamt 6,0 fm gestahúsi sem er nýtt í dag sem geymsla. Húsið er byggt 1990 og er allur frágangur til fyrirmyndar. 11.000 fm leigulóð á skipulögðu aflokuðu sumarhúsasvæði við Snæfoksstaði í Grímsnesi.

**Opið hús laugardaginn 21.06.14 frá 14-17. Eigandi verður á staðnum, hringið í síma 896-8073 til að opna hliðið eða fá leiðbeiningar um staðsetningu.**

Höfuðborg fasteignasala · Hlíðasmára 2, 6. h. · **hofudborg.is**

# JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

**534 1020**
**Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is**



## TIL LEIGU

**Kringlan 4-12, 103 Reykjavík**
Skrifstofuhúsnæði
Stærð **60 - 180 fm.**

**Laust 1. júlí.**
Allar nánari upplýsingar veitir:



**Ólafur Jóhannsson**
Rekstrarfræðingur
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*

**534 1023 / 824 6703**
**olafur@jofur.is**

Til leigu 180 fm. skrifstofuhúsnæði á 4. hæð í Kringlunni. Húsnæðið skiptist í opið rými, fundarherbergi, þrjár skrifstofur, kaffistofu, wc og geymslu. Vinnuaðstaða fyrir um 12-14 manns. Parket á gólfi, lagnastokkar á veggjum og kerfisloft með lýsingu. Snyrtilegt húsnæði í alla staði. Útgangur er út á þaksvalir hússins af stigagangi. Möguleiki á að leigja húsnæðið í þremur hlutum 60 fm., 120 fm. eða 180 fm.

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Frá 1957 Sala fasteigna í 57 ár
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Framúrskarandi fyrirtæki 2013



# Borgartún 25

Um er að ræða átta hæða skrifstofuhúsnæði auk kjallara, samtals 5.095,6 fm. Í kjallara er bílageymsla með 17 bílastæðum. Sameignarfermetrar eru 948,5 (þ.m.t. kjallari og geymslur). Hlutfall hins selda í sameign er 902,7 fm. Húsið er steinsteypt, byggt árið 2004 og stendur á 6.381 fm lóð. Undanskilinn í sölu þessari er matshluti 802 sem er 253,6 fm.

Nánari upplýsingar á eignamidlun.is og hjá sölumönnum:



Kjartan Hallgeirsson
gsm: 824 9093
kjartan@eignamidlun.is



Guðlaugur I. Guðlaugsson
gsm: 864 5464
gudlaugur@eignamidlun.is



Sverrir Kristinsson
löggiltur fasteignasali






# STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Félag Fasteignasala

vísir



★ | KL. 20:00
**The Internship**
Frábær gamanmynd með Vince Vaughn og Owen Wilson í aðalhlutverkum.

# Skemmtilegt föstudagskvöld

2 | KL. 19:35
**Impractical Jokers**
Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á um að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.



2 | KL. 20:00
**Mike And Molly**
Skemmtileg gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn.



2 | KL. 20:20
**NCIS: Los Angeles**
Spennuþáttaröð með Chris O' Donnell og LL Cool J í aðalhlutverkum.



G | KL. 20:10
**Spurningabomban**
Logi Bergmann stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:30
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 21:55
**Community**
Önnur gamanþáttaröðin um sjálfumglaðan lögfræðing sem missir lögmannsréttindi sín og neyðist til að setjast á skólabekk á ný.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | 7 | 3 | 8 | 4 | 5 |
| 5 | | | | | 2 | | | 7 |
| 7 | | | 9 | | | 6 | | |
| 6 | 2 | | 1 | | 9 | | | |
| 4 | | 3 | | | 8 | 1 | | |
| | 7 | | 4 | | | | 6 | |
| | | 9 | | | 4 | 5 | | |
| 3 | 6 | 5 | | 1 | | 4 | | 9 |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | | | 1 | | | 4 | |
| | | 1 | 8 | | | | | |
| | | 9 | | 2 | 3 | | | 1 |
| | 2 | | | | 7 | | 5 | 6 |
| | 1 | | | | 8 | 4 | | |
| | 7 | 3 | 9 | | | | | 8 |
| | | 8 | 3 | | | 2 | | |
| | | | 5 | | | | 3 | |
| 4 | | | | 9 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 5 | | | | 7 | | |
| 6 | | 2 | 3 | 1 | | | | 5 |
| | | 9 | | 6 | | | | |
| | 6 | | | | | | | |
| | | 4 | 6 | 3 | | | | |
| 1 | | | 7 | 2 | 9 | | | 8 |
| | | | 4 | | | 1 | | |
| | | | | | | 5 | | 9 |
| | 8 | | 2 | | 1 | 6 | 4 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 1 | 2 | 3 | 4 | 7 | 9 | 5 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 8 | 2 | 1 | 7 | 3 |
| 4 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 8 |
| 6 | 2 | 1 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 | 7 |
| 7 | 8 | 3 | 9 | 2 | 5 | 6 | 1 | 4 |
| 1 | 6 | 4 | 7 | 5 | 8 | 2 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 8 | 2 | 9 | 6 | 7 | 4 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 4 | 1 | 3 | 8 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 4 | 2 | 8 | 5 | 3 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 2 | 7 | 9 | 4 | 8 | 1 | 5 |
| 5 | 8 | 9 | 6 | 1 | 3 | 2 | 4 | 7 |
| 4 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 6 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 |
| 1 | 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 5 | 1 | 3 | 2 | 9 | 6 | 7 | 4 |
| 2 | 4 | 6 | 8 | 7 | 1 | 9 | 5 | 3 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 1 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 |
| 6 | 9 | 2 | 4 | 1 | 7 | 3 | 5 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 | 1 |
| 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 | 5 |
| 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 4 | 8 | 2 | 3 |
| 9 | 7 | 6 | 8 | 4 | 3 | 5 | 1 | 2 |
| 3 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 8 | 5 | 2 | 9 | 1 | 7 | 3 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Æskan er von framtíðarinnar."
*Jose Rizal*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT: 2.** óskert, **6.** tímaeining, **8.** mánuður, **9.** prjónavarningur, **11.** tveir eins, **12.** háðsglósur, **14.** farði, **16.** tveir eins, **17.** Þvottur, **18.** eyrir, **20.** tveir eins, **21.** malargryfja.

**LÓÐRÉTT: 1.** elds, **3.** 950, **4.** úrræðis, **5.** tala, **7.** starfræksla, **10.** er, **13.** lúsaegg, **15.** mögl, **16.** hald, **19.** ullarflóki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** allt, **6.** ár, **8.** maí, **9.** les, **11.** uu, **12.** skens, **14.** smink, **16.** tt, **17.** tau, **18.** aur, **20.** rr, **21.** krús.

**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** lm, **4.** lausnar, **5.** tíu, **7.** rekstur, **10.** sem, **13.** nít, **15.** kurr, **16.** tak, **19.** rú.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Loftur Baldvinsson (2007) hafði hvítt gegn Mikaeli Jóhanni Karlssyni (2051) í sjöundu umferð Wow air-mótsins fyrir skemmstu.**

**Hvítur á leik**



**26. Rd5! Bxd5?? 27. De8+!** og svartur gafst upp. 26...Df5 hefði dugað skammt vegna 27. h3! Carlsen er efstur á heimsmeistaramótinu í hraðskák að loknum fyrri degi mótsins. **www.skak.is** HM í hraðskák – síðari dagur.




# KOM GALLINN Í LJÓS EFTIR Á?

**HEFUR ÞÚ NÝLEGA KEYPT FASTEIGN EÐA ÁTT ÞÚ FASTEIGN OG TELUR AÐ HÚN SÉ GÖLLUÐ AÐ EINHVERJU LEYTI?**

**FJÖLBÝLISHÚS, HÆÐIR, PARHÚS, RAÐHÚS, EINBÝLISHÚS, SUMARHÚS, ATVINNUHÚSNÆÐI O.FL.**

### HEILDSTÆÐ RÁÐGJÖF VEGNA FASTEIGNAGALLAMÁLA

Mat á göllum fasteigna og lögfræðileg ráðgjöf í kjölfarið hefur hingað til verið flókið og tímafrekt ferli þar sem kostnaður hleypur yfirleitt á hundruðum þúsunda króna. Frumherji og Bonafide lögmenn bjóða nú upp á einfaldari, fljótvirkari og hagstæðari þjónustu en áður hefur þekkst hér á landi.

Þjónustan okkar hefur það markmið að auðvelda athugun á réttarstöðu þinni ef þig grunar að fasteignin þín sé gölluð. Ráðgjöfinni er fyrst og fremst ætlað að veita einstaklingum heildstæða mynd af þeim úrræðum sem í boði eru fyrir fast verð.

### EF GRUNUR LEIKUR Á GALLA

Þú hefur samband við okkur og lýsir meintum galla á fasteigninni. Afrit af öllum gögnum um fasteignakaupin eru send til okkar, m.a. söluyfirlit, kauptilboð og kaupsamningar.

Frumherji skoðar fasteignina. Sérhæfð lögfræðiráðgjöf Bonafide lögmanna um möguleg úrræði og næstu skref fylgir í kölfarið. Þjónusta þessara fagaðila er veitt fyrir fast verð kr. 95.900 miðað við einn galla og íbúð í eigu einstaklings/a á höfuðborgarsvæðinu (sjá galli.is).

### ALGENGIR FASTEIGNAGALLAR

- Leki frá þaki, gluggum eða útveggjum vegna ófullnægjandi frágangs.
- Galli í lagnakerfum fasteignar.
- Raka- og sveppamyndun.
- Frágangi almennt ábótavant.
- Gölluð eða röng efni notuð við byggingu.
- Aðrir byggingargallar, leyndir eða óleyndir.

Bonafide LÖGMENN

GALLI.IS

Frumherji

Galli.is - Klapparstíg 25-27 - 101 Reykjavík - Sími: 511 33 00 - Netfang: galli@galli.is - Vefsíða: www.galli.is

# Málþing til minningar um Matthías Viðar

Minningarmálþing um Matthías Viðar Sæmundsson, dósent í íslenskum bókmenntum, verður haldið á morgun í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins.

„Hugmyndin að málþinginu kom frá Soffíu Auði Birgisdóttur og hún kom henni á framfæri við Bókmennta- og listfræðastofnun HÍ. Við sem þar erum hoppuðum strax upp og sögðum „auðvitað“,“ segir Dagný Kristjánsdóttir prófessor um minningarmálþing um Matthías Viðar Sæmundsson sem hefði orðið sextugur þann 23. júní.

„Það eru tíu ár frá því Matthías Viðar dó og enn er hann svo nærverandi,“ heldur Dagný áfram. „Hann var svo sterkur karakter, örlátur og yndislegur maður. Líka spennandi fræðimaður og það var sárt að missa hann svona ungan.“

Á dagskránni eru níu fyrirlestrar um hin ýmsu málefni en að sögn Dagnýjar sveima þau öll kringum áhugamál og fræðilegar áherslur Matthíasar. „Hann skrifaði um miðaldirnar, hrylling, gotneskar bókmenntir og geðveiki, svona myrkar hliðar mannlífsins og þingið endurspeglar svolítið hans fræðilegu áherslur.“

Fyrirlestur Dagnýjar nefnist Ástin músanna er köld eins og þær sjálfar. Hún segir titilinn í anda Matthásar sem hafi átt til að búa til mjög fríkaða fyrirlestra- og greinatitla. „Það sem ég er að tala um er ungur maður og músan hans, efnið er sótt í Mánastein eftir Sjón og spænsku veikina,“ útskýrir hún.

Málþingið verður í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands og stendur yfir frá klukkan 10 til 16.30.

gun@frettabladid.is

## Fyrirlesarar á málþinginu

Bergljót Soffía Kristjánsdóttir: „Hleyptu af / eins og fara gerir“. Um eitt ljóða Sigfúsar Daðasonar, íróníu, samfélag, sögu og tilvist“.
Hermann Stefánsson: „Spegill melankólíunnar: Um argentínska skáldið Alejöndru Pizarnik“
Sveinn Yngvi Egilsson: „Svarti engillinn: Depurð og sköpun á 17. öld“
Dagný Kristjánsdóttir: „Ástin músanna er köld eins og þær sjálfar“
Þröstur Helgason: „Thor og Dieter. Módernísk(t) umbrot“
Birna Bjarnadóttir: „Könnunarleiðangur á töfrafjalli – brot úr skýrslu“
Soffía Auður Birgisdóttir: „Flakk: Um sjálfstjáningu Þórbergs Þórðarsonar“
Guðmundur Sæmundsson: „Er leikin knattspyrna á himnum? Um tengsl íþrótta og trúar“
Ármann Jakobsson: „Skrímslin fara á kreik um leið og skynsemin sofnar: Táningspiltur sér gandreið“



**PRÓFESSORINN** „Það eru tíu ár frá því Matthías Viðar dó og enn er hann svo nærverandi,“ segir Dagný. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SEXTÁN ELSKENDUR** Verkið, sem heitir Persónur og leikendur, er byggt á mastersritgerð Karls Ágústs Þorbergssonar, eins úr hópnum. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Rannsaka hvernig veruleikinn brenglast

Sviðslistahópurinn Sextán elskendur vinnur að nýju verki í Tjarnarbíói sem ber titilinn Persónur og leikendur. Þar er lagst í pælingar eins og Hlynur Páll lýsir.

„Í grunninn erum við að rannsaka það hvernig við sviðsetjum okkur sjálf – og við gerum það á hverjum degi. Við tölum ekki eins við alla – við tölum öðruvísi við besta vin okkur en ömmu okkar,“ segir Hlynur Páll Pálsson, einn meðlima sviðslistahópsins 16 elskenda sem leggur nú drög að nýju verki sem ber titilinn Persónur og leikendur.

„Og þessi sviðsetning er alls staðar, í netheimum, á Facebook og á Twitter erum við alltaf að búa til einhvern veruleika og reyna að fá á því staðfestingu að við séum til inni á þessum stöðum. Ef maður fær hundrað læk þá er maður að gera eitthvað rétt – en það er vert að taka fram að sýningin er alls ekki um samfélagsmiðla,“ útskýrir Hlynur og hlær. „Þetta er meira um það að landslagið er breytt – í því hvernig við sviðsetjum okkur. Um leið erum við líka að rannsaka það hvernig veruleikinn er að brenglast. Hvað er raunverulegt? Þetta á ekki bara við um internetið, líka raunveruleikasjónvarp, þætti eins og Innlit/Útlit eða í sviðslistum þar sem listafólk er að sviðsetja raunverulegar sögur í síauknum mæli, til dæmis sýningar á borð við Tengdó og Harmsögu.“

Hlynur bætir við að þessar pælingar hafi verið hvatinn að sýningunni, en segir hópinn ekki ganga út frá neinu ákveðnu. „Þetta er rannsókn.“

Hópurinn kemur til með að frumsýna í mars á næsta ári, en þangað til stendur hann í ströngu við undirbúningsvinnu. „Í fyrstu vinnubúðunum töluðum við alltof mikið. Þannig að í þeim næstu höfum við heitið því að vinnan fari fram á gólfinu svo það komi nú eitthvað út úr þessu,“ segir Hlynur og hlær.

Sextán elskendur er óhefðbundinn sviðslistahópur að því leytinu til að þau starfa eftir flötum strúktúr, þar sem enginn einn er listrænn stjórnandi. „Við ætlum reyndar aðeins að breyta til í ár og erum búin að ætla honum Karli Ágústi að verða leikstjóri hópsins, en verkið byggist að miklu leyti á mastersritgerð Kalla úr Listaháskólanum í Berlín. Það er líka gott að hafa leikstjóra því þá er minni ábyrgð á herðum hinna elskendanna,“ bætir Hlynur við, léttur í bragði.

16 elskendur eru Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Brynja Björnsdóttir, Davíð Freyr Þórunnarson, Eva Rún Snorradóttir, Friðgeir Einarsson, Gunnar Karel Másson, Hlynur Páll Pálsson, Karl Ágúst Þorbergsson, Ragnar Ísleifur Bragason, Saga Sigurðardóttir og Ylfa Ösp Áskelsdóttir.

olof@frettabladid.is

> **Í fyrstu vinnubúðunum töluðum við alltof mikið. Þannig að í þeim næstu höfum við heitið því að vinnan fari fram á gólfinu svo það komi nú eitthvað út úr þessu.**
>
> *Hlynur Páll Pálsson.*




# Gengið um miðborgina

Reykjavík Walks er bók eftir Guðjón Friðriksson sagnfræðing. Þar er lýst sex gönguleiðum í miðborginni.

„Það vantar svona bók. Leiðsögumenn segjast hafa verið að sýna fólki allt landið en svo þegar þeir koma til Reykjavíkur standa þeir á gati. Þessari bók er ætlað að fylla upp í það gat,“ segir Guðjón Friðriksson, rithöfundur og sagnfræðingur, um nýju bókina sína, Reykjavík Walks. Þar er lýst á ensku máli og með mörgum myndum sex gönguleiðum í miðbæ Reykjavíkur og nágrenni.

Ekki er bara sagt frá sögu og arkitektúr, söfnum og listaverkum heldur líka veitingahúsum, börum og verslunum og svo ýmsu smáskrýtnu og skemmtilegu. „Ég valdi efnið sjálfur og það er ekkert auglýsingatengt,“ segir höfundurinn.

Bókin er ríkulega myndskreytt og Guðjón segir hana meðal annars hugsaða sem gjafabók eða minjagrip.

-gun




**REYKJAVÍK WALKS** Bókin er 240 blaðsíður í litlu og handhægu broti. Bókaútgáfan Hildur gefur út.

# HVAÐ Á AÐ GERA Í SUMAR?




**Stjörnurnar á HM 2014**
Verð kr: 2.499.-




**Neymar - hinn nýi Pele**
Verð kr: 2.499.-







**Ísland ferðakortabók**
Verð kr: 3.299.-




**Surtsey í sjónmáli**
Verð kr: 7.499.-

**Amma biður að heilsa**
Verð kr: 3.499.-




**Romsu bókin +Segðu mér og segðu**
Verð kr: 2.999.-




**Náttúruleg skáldsaga**
Verð kr: 2.699.-




**Öngstræti**
Verð kr: 3.299.-




**25 gönguleiðir í Borgarfirði og Dölum**
Verð kr: 3.999.-



**NÝ VERSLUN**
**LAUGARVEGI 77**

Penninn Eymundsson

540 2050 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 20. JÚNÍ 2014**

### Tónleikar

**17.00** Perlur íslenskra sönglaga í Hörpu. Á tónleikunum fá áheyrendur að kynnast sígildri íslenskri tónlist. Tónleikar í þessari röð eru komnir á þriðja hundraðið og hafa verið fastur liður í sumardagskrá Hörpu frá opnun hússins. Listrænn stjórnandi tónleikanna er óperusöngvarinn Bjarni Thor Kristinsson. Miðaverð er 3.900 krónur og miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

**21.00** Sólstöðutónleikar og ljósmyndasýning í Skólahúsinu á Kópaskeri. Elvý G. Hreinsdóttir söngkona og Eyþór Ingi Jónsson organisti flytja hugljúfa tónlist sem fjallar á einn eða annan hátt um fugla. Þau segja einnig frá fuglum og sýna fjölda ljósmynda af norðlenskum fuglum. Miðaverð er 1.500 krónur en ókeypis fyrir grunnskólabörn.

**21.00** Eyþór Ingi og Atómskáldin koma fram á tónleikum í Menningarhúsinu Hof, Strandgötu 12 á Akureyri. Miðaverð er 1.500 krónur og miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

**22.00** Unnur Birna Bassadóttir með tónleika á Græna Hattinum. Það bíða margir spenntir eftir fyrstu sólóplötu Unnar Birnu Bassadóttur, en hún er væntanleg á komandi vetri. Á Græna hattinum mun Unnur flytja lög af þessari væntanlegu plötu, ásamt hljómsveit. Sum laganna verða frumflutt, en önnur hafa þegar heyrst í útvarpi. Unnur er fjölhæfur listamaður og hefur komið víða við, þrátt fyrir ungan aldur. Hún er fiðluleikari, söngkona og lagasmiður og er e.t.v. best þekkt sem fiðluleikari og söngkona Fjallabræðra. Miðaverð er 2.000 krónur og miða má nálgast á heimasíðu midi.is.



**23.00** Sváfnir Sigurðarson leikur og syngur á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Listasmiðja

**10.00** Boðið verður upp á dagsnámskeið í listsmiðju fyrir börn á aldrinum 6-9 ára í Ásmundarsafni. Frá píramída til geimdreka–ferðalag um sýninguna Meistarahendur. Hugrún Þorsteinsdóttir arkitekt og Ásdís Spanó myndlistarmaður, sem báðar eru listgreinakennarar, leiða smiðjuna og leiðbeina börnunum á ferðalagi þeirra um hin efnismiklu og kröftugu verk Ásmundar. Á námskeiðinu verður fjallað um sýninguna Meistarahendur þar sem valin verk innan- og utandyra verða skoðuð, en einnig verður spjallað um tilurð verkanna og efnisnotkun listamannsins. Að því loknu gefst börnunum tækifæri til að vinna eigin þrívíð verk í anda Ásmundar. Listsmiðjan er dagsnámskeið og fer fram frá kl. 10-13.

### Fræðsla

**12.30** Í Grasagarðinum býðst gestum að ganga um garðinn með leiðsögn alla föstudaga í sumar. Fjallað um starfsemi, sögu og safngripi Grasagarðsins. Allir velkomnir, lagt af stað frá aðalinngangi.

### Sýningar

**16.00** Vígsla og formleg afhending útilistaverksins Dans við áningarstaðinn við Presthólalón. Listakonan Yst flytur ávarp, viðstaddir syngja Vel er mætt. Vígslugestum er boðið að væta kverkar eftir sönginn á opnun áratugar-afmælissýningar í Bragganum. Afmælissýningin ber heitið Tíðir og er samvinnuverkefni Ystar og Ingibjargar Guðmundsdóttur frá Kópaskeri.

**19.00** How to become Icelandic in 60 minutes. Sýning á ensku flutt af Bjarna Hauki Þórssyni. Sýningin er í Kaldalóni í Hörpu og er miðaverð 4.200 krónur. Miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

**20.00** Sýningin Blam! í Borgarleikhúsinu. Þrír kúgaðir skrifstofumenn sólunda lífi sínu á sorglegustu skrifstofu veraldar undir vökulu auga siðblinds yfirmanns. Í hvert sinn sem hann lítur undan, nýta þeir tækifærið til að blamma: Að endurgera uppáhaldssenurnar sínar úr hasarmyndum. Þegar yfirmaðurinn fer að blamma með þeim færist fjör í leikinn og við tekur stórhættuleg saga sem leikin er á ógnarhraða og krefst ofurmannlegra átaka. Miðaverð er 4.750 krónur og miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

### Hátíðir

**15.30** Norræna húsið blæs til Midsommarfest við gróðurhúsið í samstarfi við sænska sendiráðið. Allir eru hjartanlega velkomnir að njóta umhverfisins, veitinga og skemmtidagskrár. Að sænskum sið reisum við midsommar-stöng við fiðlu- og harmonikkuundirleik. Sænskur kór mun syngja og skemmta. Kjörið tækifæri fyrir alla fjölskylduna að koma og fagna hásumrinu með okkur.

### Uppákomur

**19.00** Kjötsúpukvöld við Skólahúsið á Kópaskeri. Nokkrir íbúar þorpsins bjóða upp á kjötsúpu.

**23.30** Miðnæturganga á vegum Ferðafélagsins Norðurslóðar. Gengið verður á Snartarstaðanúp. Mæting í Skörðunum, við slóðann upp á Núpinn, um 7 km norðan Kópaskers.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabla-*



**GÍTARLEIKARINN** „Ég hef verið með Bítlana í forgrunni,“ segir Björn.

# Björn í bítlabænum

**Björn Thoroddsen ætlar að spila gömul bítlalög og klassíska rokkslagara á Paddy's í Keflavík í kvöld.**

„Ég ætla að spila bítlalögin og svona þetta skemmtilega stöff,“ segir gítarleikarinn Björn Thoroddsen sem snýr aftur á Paddy's í bítlabænum Keflavík annað kvöld.

„Ég hef verið að spila smá sóló tónleika og hef verið með Bítlana í forgrunni og það á vel við að koma með smá innlegg í bítlabæinn sjálfan,“ segir Björn en fyrir seinustu jól gaf hann út plötuna Bjössi Thor og Bítlarnir sem hefur fengið mjög fína dóma erlendis. „Ég er búinn að spila þessi lög útum allan heim, bæði í Kanada og Ameríku,“ segir Björn sem hefur verið mikið að spila sóló.

Björn hefur verið atvinnuhljóðfæraleikari frá árinu 1982 í leikhúsum, sjónvarpi, útvarpi og ýmsum hljómsveitum auk þess sem hann hefur starfað með eigin hljómsveit sem einfaldlega kallaðist Hljómsveit Björns Thoroddsen og Tríó Bjössa Thor. Á tónleikum sínum á Paddy's mun tónlistarmaðurinn þó koma einn fram en mun líklega vera með aukagítar á bak við skyldi eitthvað koma fyrir. „Ef það slitnar strengurinn á eina gítarnum þá er maður í vondum málum, sérstaklega ef maður er einn í hljómsveitinni,“ segir Björn og hlær.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 og er enginn aðgangseyrir.

-bþ







Áratuga reynsla af samlokugerð skilar sér til þín í ferskara og ljúffengara salati. Þú getur treyst á ferskt og vel útilátið gæðahráefni sem breytir venjulegri brauðsneið í veislu.



SÓMI

Ferskt á hverjum degi




565 6000 / somi.is

# LÍFIÐ

## Burberry Prorsum boðar stórar karlmannstöskur

Tískumerkið Burberry Prorsum kynnti vor- og sumartískuna 2015 fyrir herra í London í vikunni. Stórar og litríkar töskur eru afar áberandi í línunni.



# Fékk bogfimina á heilann

Guðjón Einarsson er einn af stofnendum Bogfimisetursins og ein fremsta bogaskytta Íslendinga. Hann segir íþróttina hafa blómstrað síðustu tvö ár og segir hvern sem er geta stundað hana.

„Þetta sport er búið að blómstra og er aðalsportið í dag. Ég held að fólk fíli kikkið þegar það dregur apparat að sér og sleppir því hratt frá sér í skotmarkið og hittir þann punkt sem það vildi hitta,“ segir Guðjón Einarsson, einn af stofnendum Bogfimisetursins. Guðjón opnaði setrið ásamt Guðmundi Erni Guðjónssyni í nóvember árið 2012. Þá var hann nýbyrjaður að æfa sportið en hann hætti í vinnu sinni sem bifreiðasmiður til að einbeita sér að Bogfimisetrinu.

„Ég byrjaði í apríl árið 2012 og fór á fyrsta Íslandsmeistaramótið utandyra í júlí sama ár. Áhuginn var svo mikill. Vinur minn átti verkstæði og það var akkúrat keppnisvegalengd á milli veggja þannig að við vorum oft að æfa okkur að skjóta til fjögur, fimm á nóttunni. Konan var ekki sátt,“ segir Guðjón hlæjandi. „Ég fékk þetta algjörlega á heilann. Þetta er algjör snilld.“

Guðjón segir að hver sem er geti kíkt í Bogfimisetrið, sem starfrækt er á Akureyri og í Kópavogi, og prófað íþróttina en mælir með að fólk hringi á undan sér um helgar þar sem hópar flykkist í sportið um þessar mundir.

„Þetta er afþreying sem öll fjölskyldan getur stundað. Þetta er einstaklingssport líka og ekki háð liðum. Hér getur maður komið að skjóta og verið algjörlega í sínum eigin heimi. Þetta er tæknilegt en í raun og veru þarf enga sérstaka hæfni til að stunda íþróttina. Maður

**Maður er mjög snöggur að ná þessu upp að vissu marki og síðan þarf maður að hugsa aðeins lengra. Þetta snýst að einhverju leyti um búnað en líka um manninn á bak við bogann.**

*Guðjón Einarsson.*

er mjög snöggur að ná þessu upp að vissu marki og síðan þarf maður að hugsa aðeins lengra. Þetta snýst að einhverju leyti um búnað en líka um manninn á bak við bogann,“ segir Guðjón.

Áður en Bogfimisetrið var opnað gat almenningur ekki prófað íþróttina neins staðar.

„Þá voru skráð tíu manns í bogfimi á Íslandi. Fyrsta árið sem við vorum með opið fjölgaði þeim í 250 og er fjöldinn nú kominn langt yfir þrjú hundruð manns,“ segir Guðjón en Bogfimisetrið leitar nú að útiaðstöðu.

Keppnisandinn er það sem heillar Guðjón mest við íþróttina en hann segir jafnframt að hópurinn sem stundar bogfimi sé mjög náinn.

„Þetta er mjög jákvætt sport og þéttur hópur sem stundar það. Félagsmenn hjálpa almenningi og hér er ekki til fýla. Það ríkir náttúrulega keppnisandi en alls ekki á neikvæðum nótum.“

liljakatrin@frettabladid.is



**STRANGAR ÆFINGAR** Í Kópavogi komast allt að 27 manns samtímis að til að æfa sig og 30 manns á Akureyri. MYND/ÚR EINKASAFNI



**EKKERT BOGIÐ VIÐ ÞETTA** Guðmundur Örn og Guðjón fara yfir bogfimina.



**KEPPNISMENN** Hér sést Guðjón æfa sig ásamt Guðmundi Erni og Krissa.

## Yngsti iðkandinn fjögurra ára

- Allir eru velkomnir til að æfa bogfimi í Bogfimisetrinu en fjórtán ára og yngri aðeins í fylgd með fullorðnum.
- Yngsta manneskjan sem stundar bogfimi reglulega í Bogfimisetrinu er fjögurra ára stelpa og sá elsti maður um nírætt.
- Skipulagðar æfingar í bogfimi hófust árið 1974 á Íslandi með stofnun Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík og Íþróttafélags fatlaðra á Akureyri.
- Staðalbogi í markbogfimi kallast sveigbogi.
- Svokallaður trissubogi er vinsæll sem veiðibogi.




FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM

speedo PUMA

# SUMAR ÚTSALA

# 30% AUKAAFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

SUNDBOLIR | BUXUR | FÓTBOLTASKÓR
STUTTERMABOLIR | JAKKAR | GOLFVÖRUR
GÖTUSKÓR | SUNDBUXUR | SOKKAR

## Sjáðu verðið!

**Verðdæmi:**

**Speedo dömubikiní**
Fullt verð: 11.990 kr.
Outlet verð: 7.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 5.595 kr.**
HEILDAR-AFSLÁTTUR 53%

**Puma barnafótboltaskór**
Fullt verð: 7.990 kr.
Outlet verð: 1.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 1.395 kr.**
HEILDAR-AFSLÁTTUR 82%

**Puma herrastuttermabolur**
Fullt verð: 6.990 kr.
Outlet verð: 2.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 2.095 kr.**
HEILDAR-AFSLÁTTUR 70%

**Speedo herrasundbuxur**
Fullt verð: 7.990 kr.
Outlet verð: 3.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 2.795 kr.**
HEILDAR-AFSLÁTTUR 65%

**Puma golf-derhúfur**
Fullt verð: 5.990 kr.
Outlet verð: 3.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 2.795 kr.**
HEILDAR-AFSLÁTTUR 53%

**Puma dömuhlaupaskór**
Fullt verð: 24.990 kr.
Outlet verð: 14.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 10.495 kr.**
HEILDAR-AFSLÁTTUR 58%

Speedo fylgihlutir eru ekki á útsölu

## Komdu og gerðu frábær kaup!

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

**Útsöluopnun:**
Virka daga kl. 11-18
Laugardag kl. 11-16
Sunnudag kl. 13-17

Við erum í Vínlandsleið í Grafarholti






# Tískudrottningin sem slær ekki feilnótu í fatavali

Letizia prinsessa tók við drottningartitlinum á Spáni í gær er eiginmaður hennar, Filippus, tók við krúnunni af föður sínum. Hin nýja drottning Spánar þykir ákaflega smart til fara og hikar ekki við að fara óhefðbundnar leiðir í fatavali. Galakjólnum er gjarna skipt út fyrir buxnadragt hjá drottningunni sem eitt sinn vann sem fréttakona. Í því starfi vakti hún meðal annars athygli fyrir fréttaflutning sinn frá falli tvíburaturnanna í New York 2001 og af Íraksstríðinu 2003. Ári síðar var hún kynnt sem unnusta Filippusar krónprins. Þau eiga tvær dætur saman.



**HVÍTKLÆDD** Í sumarlegum kjól í blúndujakka yfir.



**PILS** Ljós jakki og pils með fylgihlutum og skóm í stíl.



**DÖKKBLÁTT** Öðruvísi buxnadragt og skór í stíl.



**STÍLHREINT** Fallegur kjóll.



**KLASSÍSKT** Fatastíll Letiziu þykir vera klassískur og ekki með miklum íburði.



**VIÐ KRÝNINGUNA** Fataval drottningarinnar vakti athygli við krýninguna í gær en það var fallegt og sumarlegt í takt við tilefnið. NORDICPHOTOS/GETTY





TETRIZ VERÐUR SENDUR BEINT FRÁ

SECRET·SOLSTICE

FÖSTUDAGINN 20.JÚNÍ

KLUKKAN 12:00 Á X-INU 97,7

midi.is X 97·7 SMASH




# Nokkrum númerum of stór og stokkbólgin

Fyrir ári síðan lá ég uppi á fæðingardeild með lítinn nýfæddan dreng við hlið mér. Mér leið eins og hann væri Móses sem klauf Rauða hafið (það eina sem hægt er að kalla nýfæðingarlega píku). Ég man ekki hversu mörg spor þurfti að sauma því ég var svo pollslök á meðan ljósmóðirin saumaði, ég spjallaði bara við mömmu í símann. Svo langaði mig að raula lagið Ein ég sit og sauma. Það eina sem skipti máli var litli nýfæddi drengurinn og að þetta væri loksins búið. Ég var eiginlega bara skýjum ofar yfir því að fæðing væri afstaðin og ég mætti bara halla mér aftur og slaka á.

Ég játa það að ég óttaðist næstu daga. Mig langaði ekki til að kíkja á hana, eins og ljósmóðirin stakk upp á. Mér leið í henni eins og einhver í skó með stáltá hefði sparkað í hana og hún væri nú nokkrum númerum of stór og stokkbólgin. Ég sá hana fyrir mér sem víraða saman með silfurlituðum stálþræði og þarna væri allt lokað og læst. Þegar ljósmóðirin kom heim og spurði hvort ég væri búin að „gera nr. 2“ þá horfði ég á hana með forundran. Átti ég í alvörunni að fara að rembast?! Saumarnir gætu sprungið og allt galopnast og legið sigið niður í salernisskálina. Ímyndaði ég mér. Allt kom fyrir ekki og þetta hafðist allt með tíð og tíma en djöfull var þetta óþægilegt. Svo ég noti nú ekki sterkara orð.

Nú er komið sumar og ég sé fallegu ófrísku konurnar eins og þrýstnar býflugur sveima um borgina með kúluna langt út í loftið. Ég dáist að þeim og langar að segja þeim hversu fallegar þær séu, en á sama tíma þá langar mig pínu að kreista þær og andvarpa. Fæðing í gegnum leggöng er magnað ferli, sársaukafullt og skrýtið en umfram allt einstakt. Ekki gott einstakt en heldur ekki beint vont einstakt. Eftir keisarafæðingu eldra barnsins var ég svo glöð að píkan hefði sloppið við átökin og komist óteygð út úr öllu þessu havaríi. Svo varð ég leið yfir að hún hefði misst af tækifærinu til að skína. Hún hefði getað sýnt hvað í sér bjó en allt kom fyrir ekki.

Hér ári síðar eftir leggangafæðingu er ekki að sjá á henni átökin sem hún hefur háð og hún hefur að mestu „gleymt“ sársaukanum en hún er um leið líka pínu stolt. Píkan mín, sem ég áður taldi nokkuð pena puntdúkku, þurfti á þessari þrekraun að halda til þess að uppfylla sínar eigin hugmyndir um töffarann sem hún raunverulega er.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**

Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.

kynlif@frettabladid.is



# KRÓNAN

**Nýtt kortatímabil!**



## 44% afsláttur

**149 kr. kg**
Verð áður ~~268~~ kr. kg
Vatnsmelónur, rauðar

# HAMBORGARA-VEISLA!




**459 kr. pk.**
Ungnautahamborgarar, 120 g

**698 kr. pk.**
Grillborgarar með brauði, 4 stk.




**998 kr. pk.**
Heimsborgari m/beikoni og osti, 2 stk.

**998 kr. pk.**
Goða HM hamborgari m/öllu, 2 stk.

**398 kr. pk.**
Holta kjúklingagrillborgari, 2 stk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

| Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MAKE YOUR MOVE | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2 ÍSLTAL3D | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2 ÍSLTAL2D | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| MALEFICENT 3D | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| MALEFICENT VIP 2D | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | VIP |
| BLENDED | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 2D | KL. 8 - 10:30 | 14 |
| EDGE OF TOMORROW VIP 2D | KL. 10:20 | VIP |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MAKE YOUR MOVE | KL. 5:40 - 8 | 7 |
| BLENDED | KL. 10:20 | 10 |
| MALEFICENT 3D | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 10:10 | 14 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2 ÍSLTAL3D | KL. 5:40 | L |
| MAKE YOUR MOVE | KL. 5:35 - 8 - 10:25 | 7 |
| BLENDED | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| MALEFICENT 2D | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 8 - 10:30 | 14 |
| A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | KL. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| MAKE YOUR MOVE | KL. 5:40 - 8 - 10:10 | 7 |
| BLENDED | KL. 8 | 10 |
| MALEFICENT 2D | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 2D | KL. 10:20 | 14 |
| GODZILLA 2D | KL. 5:20 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| AÐ TEMJA DREKANN SINN ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| MAKE YOUR MOVE | KL. 8 | 7 |
| MALEFICENT 2D | KL. 5:50 | 10 |
| BLENDED | KL. 10:20 | 10 |
| 22 JUMP STREET | KL. 8 - 10:20 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| AÐ TEMJA DREKANN 2 2D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 3D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| BRICK MANSIONS | KL 5 - 10.40 | 12 |
| 22 JUMP STREET | KL 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 22 JUMP STREET LÚXUS | KL 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| FAULT IN OUR STARS | KL 8 - 10.40 | 12 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL | KL 3.30 | L |
| X-MEN 3D | KL 8 - 10.45 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 8 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| AÐ TEMJA DREKANN 2 2D ÍSL TAL | KL 5.45 | L |
| TRAIN…DRAGON 3D ENS. TAL ÓTEXT. | KL 8 - 10.15 | L |
| 22 JUMP STREET | KL 8 - 10.30 | 12 |
| GRACE OF MONACO | KL 5.40 | 7 |
| FAULT IN OUR STARS | KL 8 - 10.40 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |

Miðasala á: eMiði

Kauptu miða á X-Men með Netgíró

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| BRICK MANSIONS | 8, 10 | 12 |
| TEMJA DREKANN SINN 2D | 3:40, 5:50 | L |
| 22 JUMP STREET | 5:40, 8, 10:20 | 12 |
| MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | 10 | 16 |
| VONARSTRÆTI | 4, 7 | 14 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D | 3:40 | L |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is




# Hvernig get ég fengið að ríða?

BAKÞANKAR
Lilju Katrínar Gunnarsdóttur



Ég las pistil í Kjarnanum í vikunni þar sem Margrét Erla Maack skrifar um svokallaða „Dirty Weekend“-túrista og að þeir ferðist enn til landsins í stríðum straumum. Sem sagt ferðamenn sem koma til Íslands með það eitt að markmiði að sænga hjá íslensku kvenfólki.

**PESSU** til stuðnings er bent á að internetið sé fullt af leiðarvísum um hvernig eigi að komast í nærbuxur mínar og kynsystra minna.

**Á** minni tiltölulega stuttu ævi hef ég ferðast hingað og þangað. Á ströndinni á Costa del Sol var herramaður frá Portúgal sem reyndi að notfæra sér ölvunarástand mitt til að lokka mig með sér upp á hótelherbergi. Á ég traustum vinum það að þakka að honum tókst ekki ætlunarverk sitt. Í Danmörku reyndu tveir menn frá Súdan að kaupa „þjónustu“ mína og vinkonu minnar á hinum goðsagnakennda Sam's Bar í Kaupmannahöfn. Í Hollandi var það síðan breskur ferðamaður sem stóð í þeirri trú að ég væri hollensk mey og notaði öll brögðin í bókinni til að vinna hylli mína. Svo ég tali nú ekki um tyrkneska lækninn sem gerði hosur sínar grænar fyrir Lilju sinni á Ítalíu. Sá ætlaði ekki að snúa aftur til heimahaganna án einnar góðrar bólsögu.

**FERÐAMENN** koma ekki bara til Íslands til að, afsakið orðbragðið, ríða innfæddum konum. Og internetið er ekki bara stútfullt af greinum um hvernig eigi að tæla íslenskar konur í rúmið. „How To Bang A Brazilian Woman In 5 Easy Steps“ er í sérstöku uppáhaldi hjá mér sem og „Swedish Girls Are Easy“.

**VISSULEGA** er vöntun á leiðarvísi fyrir okkur konurnar og allar konurnar í heiminum sem vilja draga íslenska karlmenn á tálar. Því legg ég til að við hættum að agnúast út í ferðamennina sem vilja stunda mök með íslenskum konum og stofna síður í hundraðatali um hvernig sé best að pikka upp gaura. Eigum við ekki annars bara að króa þá af, spyrja þá hvort þeir vilji ríða og forðast flókin samtöl?

# Stjörnurnar streyma til Cannes – aftur

Árlega Cannes Lions-hátíðin, sem er alþjóðleg hátíð sköpunar, er haldin núna í Frakklandi. Stjörnurnar láta sig ekki vanta í Cannes en stutt er síðan kvikmyndahátíðinni lauk þar og var þá ekki síður mikið um dýrðir á þessum sólríka stað.



**KJÓLL ÚR REIPI** Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian í Balmain. NORDICPHOTOS/GETTY



**TÓK LAGIÐ** Söngkonan Courtney Love þandi raddböndin.



**HVÍTKLÆDDUR** Rapparinn Kanye West í stuði.



**FLOTTIR SKÓR** Leikkonan Sarah Jessica Parker var settleg í skærbleikum skóm.



**FÍFLAST MEÐ AÐDÁENDUM** Leikarinn Jared Leto tekur hér „selfie“ með aðdáendum.



**HOFFINN KLIKKAR EKKI** David Hasselhoff sló á létta strengi.


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL × 20-22 JÚNÍ 2014

# SECRET × SOLSTICE

LAUGARDALUR-REYKJAVÍK × SECRETSOLSTICE.IS

**FÖSTUDAGUR**
20. JÚNÍ: 11.900 KR.

**LAUGARDAGUR**
21. JÚNÍ: 12.900 KR.

**SUNNUDAGUR**
22. JÚNÍ 9.900 KR.

**VIP HÁTÍÐARPASSI**
20-22 JÚNÍ: 29.900 KR.

**HÁTÍÐARPASSI**
20-22 JÚNÍ: 19.900 KR.

ATH. AÐEINS HÁTÍÐARPASSAR GILDA INN Í HEL (EKKI DAGSMIÐAR)

# MASSIVE ATTACK

## DISCLOSURE DJ WOODKID

## Schoolboy Q JAMIE JONES BANKS

KERRI CHANDLER [US] MÚM [IS] CARL CRAIG [US] DAMIAN LAZARUS [UK]
HJALTALÍN [IS] EATS EVERYTHING [UK] SKREAM [UK] GORGON CITY [UK]
XXX ROTTWEILER [IS] GLUTEUS MAXIMUS [IS] MAMMUT [IS] MAUS [IS] ..OG FJÖLDI ANNARRA!

FOUNDING SPONSOR

the warehouse project

**MIÐASALA Á SECRETSOLSTICE.IS OG Í LUCKY RECORDS**

## HM Í FÓTBOLTA

SPORT 2 **22.00 HONDÚRAS – EKVADOR**
Það er allt undir hjá báðum liðum enda töpuðu þau bæði í fyrstu umferð. Ekvador tapaði gegn Sviss, 2-1, en Hondúras lá gegn Frökkum, 3-0. Leikmaður Man. Utd, **Antonio Valencia,** verður í algjöru lykilhlutverki hjá Ekvador sem er sigurstranglegra liðið. Skemmtilegur fróðleiksmoli er sú staðreynd að báðir landsliðsþjálfararnir eru frá Kólumbíu og hafa þjálfað bæði landsliðin.



vísir Allt um HM á Vísi

## STJARNA GÆRDAGSINS

Úrúgvæinn **Luis Suarez** sýndi og sannaði í gær að hann er líklega besti framherji heims í dag.

Þrátt fyrir að vera ekki heill heilsu spilaði hann gegn Englandi í gær og skoraði bæði mörkin í 2-1 sigri.

Bæði mörkin voru glæsileg. Fyrst skoraði hann með afar huggulegum skalla og sigurmarkið var heimsklassaafgreiðsla eftir að hafa fengið stungusendingu.



**Luis Suarez**
**Úrúgvæ**

## Sögulegt mark Rooneys dugði ekki til fyrir enska landsliðið

Eftir að hafa spilað tíu leiki, 765 mínútur og átt 28 skot að marki í leikjum á HM þá tókst **Wayne Rooney** loksins að skora á HM.

Það dugði ekki til fyrir England sem þarf á mikilli hjálp að halda til að komast áfram.

England þarf að vinna Kostaríka og treysta á að Ítalía vinni bæði Kostaríka og Úrúgvæ. Þá gæti liðið komist áfram í 16 liða úrslit.



## ÚRSLIT

### HM Í BRASILÍU

**C-RIÐILL**

**KÓLUMBÍA - FÍLABEINSSTRÖNDIN 2-1**
1-0 James Rodriguez (64.), 2-0 Juan Quintero (70.), 2-1 Gervinho (73.).

**JAPAN - GRIKKLAND**
Leiknum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kólumbía | 2 | 2 | 0 | 0 | 5-1 | 6 |
| Fílabeinsstr. | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-3 | 3 |
| Japan | 1 | 0 | 0 | 1 | 1-2 | 0 |
| Grikkland | 1 | 0 | 0 | 1 | 0-3 | 0 |

**D-RIÐILL**

**ÚRUGVÆ - ENGLAND 2-1**
1-0 Luis Suarez (39.), 1-1 Wayne Rooney (75.), 2-1 Luis Suarez (85.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kosta Ríka | 1 | 1 | 0 | 0 | 3-1 | 3 |
| Ítalía | 1 | 1 | 0 | 0 | 2-1 | 3 |
| Úrúgvæ | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-4 | 3 |
| England | 2 | 0 | 0 | 2 | 2-4 | 0 |

**LEIKIR DAGSINS**

**D-RIÐILL: Ítalía - Kosta Ríka kl. 16.00**
**E-RIÐILL: Sviss - Frakkland kl. 19.00**
**E-RIÐILL: Hondúras - Ekvador kl. 22.00**

**BORGUNARBIKAR KARLA**

**BREIÐABLIK - ÞÓR**
1-0 Guðjón Pétur Lýðsson (63.), Jóhann Helgi Hannesson (71.).

*Leikurinn var í framlengingu er Fréttablaðið fór í prentun.*

**KEFLAVÍK - HAMAR 6-1**
1-0 Andri Fannar Freysson (12.), 2-0 Magnús Sverrir Þorsteinsson (22.), 3-0 Magnús Sverrir Þorsteinsson (52.), 4-0 Einar Orri Einarsson (70.), 4-1 Samúel Arnar Kjartansson (76.), 5-1 Magnús Sverrir Þorsteinsson (85.), 6-1 Theodór Guðni Halldórsson (90.+3).

**KR - FJÖLNIR 4-2**
1-0 Grétar Sigfinnur Sigurðarson (34.), 1-1 Þórir Guðjónsson (38.), 2-1 Gary Martin (41.), 2-2 Gunnar Már Guðmundsson (56.), 3-2 Gary Martin (60.), 4-2 Gonzalo Balbi (74.)

**UNDANKEPPNI HM 2015 KVENNA**

**ÍSLAND - MALTA 5-0**
1-0 Hólmfríður Magnúsdóttir (12.), 2-0 Elín Metta Jensen (20.), 3-0 Dóra María Lárusdóttir (40.), 4-0 Dagný Brynjarsdóttir (64.), 5-0 Elín Metta Jensen (86.).

*Ísland er í öðru sæti síns riðils með 13 stig en Danir koma þar á eftir með 12 stig.*

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

# Strákarnir hafa hjálpað mér

Matthew Eliason, leikmaður Þróttar, er að venjast lífinu á Íslandi en hann er frá stórborginni Chicago. Fjölskyldan vissi ekki mikið um landið áður en hann kom en þau þekktu þó Mighty Ducks-myndirnar.

**FÓTBOLTI** Matthew Eliason varð skyndilega heimsfrægur þegar hjólhestaspyrna hans í æfingaleik með Lionel Messi rataði á YouTube. Matthew leikur þessa dagana á Íslandi með Þrótti en hann skaut Þrótti í 8 liða úrslit Borgunarbikarsins á dögunum gegn Stjörnunni. Matthew var nokkuð brattur þegar Fréttablaðið heyrði í honum. „Þessi leikur tók á en það var frábært að ná sigrinum. Það er leikur á föstudaginn svo ég gæti þurft að skella mér í ísbað í dag,“ sagði Matthew sem er ánægður í herbúðum Þróttar.

„Það gekk vel allt frá byrjun. Strákarnir voru duglegir að skapa færi fyrir mig sem gerði mér auðveldara fyrir. Við fórum í æfingaferð til Englands þar sem ég lærði inn á liðið og liðsfélagana og það hjálpaði mér gríðarlega. Ég hafði aldrei spilað einn í fremstu víglínu áður en mér hefur tekist það vel hingað til,“ sagði Matthew sem var ánægður með móttökurnar í liðinu.

„Ég hef reynt að kynnast strákunum og ég gæti ekki hafa fengið betri hóp, held ég. Þeir hafa hjálpað mér að setjast að í nýju umhverfi. Ég er frá Chicago svo það að flytja til Reykjavíkur er töluverð breyting fyrir mig. Reykjavík er töluvert minni borg. Ég sakna fjölskyldu minnar í Chicago en strákarnir hafa hjálpað mér. Fjölskyldumeðlimir mínir hlógu þegar ég sagðist vera að fara til Íslands að spila. Fólk er alltaf að spyrja mig út í Bláa lónið og myndina Mighty Ducks 2. Ég var spurður hvort allir hérna á Íslandi hétu Gunnar eins og söguhetjan í myndinni,“ sagði Matthew og hló.

### Heimsfrægur

Matthew varð heimsfrægur þegar hann skoraði með hjólhestaspyrnu í æfingaleik fyrir ári. Sendingin kom frá engum öðrum en Thierry Henry en í röðum andstæðinganna var Lionel Messi.



**STJÖRNUBANI** Bandaríski framherjinn Matthew Eliason skoraði sigurmark Þróttar gegn Stjörnunni í 16 liða úrslitum Borgunarbikarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég hef lent í því að vera kallaður hjólarastrákurinn. Það var frábært að fá þessa umfjöllun og ég fór á reynslu til nokkurra liða út frá þessu. Þetta var frábær lífsreynsla að taka þátt í þessum leik og allt sem kom út frá þessu. Það hefur komið mér alla leiðina til Íslands svo hlutirnir virkuðu vel. Gregg Ryder, þjálfari Þróttar, hringdi í mig og bauð mér samning á hárréttum tíma,“ sagði Matthew en hann var fjármálaráðgjafi í Chicago áður en hann hélt til Íslands. Hann er í tímabundnu leyfi frá vinnu.

„Ég er enn þá starfsmaður fyrirtækisins en er í tímabundnu leyfi og fæ því ekki laun. Þeir voru afar skilningsríkir á að ég væri að láta drauminn rætast með því að koma til Íslands. Ég átti eflaust inni hjá þeim eftir að markið jók viðskipti fyrirtækisins gríðarlega. Þeir voru skilningsríkir og ég er þakklátur fyrir það.“

Matthew er kominn með aukavinnu sem blaðamaður hjá Iceland Magazine. „Mér leiddist að gera ekkert með fótboltanum og þegar Þróttur talaði um fjölmiðlastarf stökk ég á það. Þetta gefur mér aukið tækifæri til að læra um íslenska menningu,“ sagði Matthew.

### Skilur Klinsmann

Njósnateymi bandaríska landsliðsins er sífellt að reyna að finna leikmenn um allan heim sem hafa ekki spilað landsleik og eiga möguleika á því að fá bandarískan ríkisborgararétt. Flestir Íslendingar ættu að kannast við mál Arons Jóhannssonar en hann er ekki sá eini. Alls eru fimm leikmenn í bandaríska hópnum sem eru upprunalega þýskir.

„Fótbolti er á uppleið í Bandaríkjunum og fólk vill eflaust sjá sanna Bandaríkjamenn spila fyrir landsliðið, það gefur unglíðastarfinu byr undir báða vængi. Að mínu mati er þetta hins vegar aðeins jákvætt fyrir knattspyrnuna í Bandaríkjunum. Þýskaland framleiðir betri fótboltamenn og ef þeir eiga bandaríska foreldra er ekkert að því að bjóða þeim að spila með okkur. Það þarf ekkert að skammast sín fyrir þetta, það má sjá þetta hjá stórliðunum líka eins og Diego Costa sannaði,“ sagði Matthew sem telur að aðkoma betri leikmanna geti aðeins styrkt landsliðið til lengri tíma.

„Það eykur styrkleikann á æfingum sem er gott fyrir liðið. Ungir leikmenn sem koma inn í landsliðshópinn munu spila með betri leikmönnum og það eykur gæðin í hópnum til lengri tíma,“ sagði Matthew.

kristinnpall@365.is

# Fyrsti kostur var að hafa þjálfarann heima

HSÍ þurfti að endurskoða stefnu sambandsins eftir að Aron Kristjánsson var ráðinn þjálfari Kolding.

**HANDBOLTI** Aron Kristjánsson, landsliðsþjálfari í handbolta, var í gær ráðinn þjálfari danska meistaraliðsins KIF Kolding sem hann stýrði seinni hluta síðasta árs í fjarveru veiks þjálfara liðsins. Aron var kynntur með pompi og prakt á blaðamannafundi ásamt nýjum leikmönnum liðsins og styrktaraðilum þess.

Hann heldur áfram starfi sínu sem landsliðsþjálfari fram á næsta ár í það minnsta, en þá rennur núgildandi samningur hans út. Sjálfur sagðist hann í viðtali við Fréttablaðið vilja halda áfram starfi sínu sem landsliðsþjálfari. Það að þjálfa Kolding truflar landsliðsþjálfarastarfið ekki.

„Maður er á vissan hátt í betri æfingu og alltaf „ON“. Það er í lagi á meðan álagið verður ekki of mikið. Hér æfum við á tveimur stöðum og ég er með tvo aðstoðarmenn sem ég get nýtt. Þetta er ólíkt öllum þeim störfum sem ég hef vanist. Ég er búinn að prófa þetta og veit út í hvað ég er að fara. Ég hafnaði tilboðum frá öðrum liðum sem hefðu aldrei gengið upp með landsliðinu. Það hafði mikla þýðingu fyrir mig að þetta myndi passa með landsliðinu,“ sagði Aron við Fréttablaðið í gær rétt eftir að hann steig úr mynd á blaðamannafundinum.

Aron var ráðinn í fullt starf hjá HSÍ þegar hann hætti með Haukana og átti að koma að uppeldis-og fræðslumálum. Því starfi er í raun sjálfhætt þótt hann muni koma áfram að ýmsum verkefnum sem landsliðsþjálfari, að sögn Guðmundar Ólafssonar, formanns HSÍ. Sambandið gaf það út þegar Guðmundur Guðmundsson tók við starfi Rhein-Neckar Löwen að það vildi ekki hafa þjálfara sem einnig stýrði félagsliði. Það þurfti nú að endurskoða stefnu sína í ljósi ákvörðunar Arons.

„Fyrsti kostur hjá okkur var að þjálfarinn væri heima,“ sagði Guðmundur við Fréttablaðið en aldrei kom til greina að leita til annars þjálfara. „Það var aldrei rætt. Við treystum Aroni fullkomlega til að koma okkur aftur í fremstu röð í handboltanum.“ -tom



**ÆFING ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS Í HANDBOLTA FYRIR ÆFINGALEIK**





# ÓDÝRT PALLAEFNI

Vnr. 0058224
Fura, alheflað pallaefni, gagnvarið, ECO-GR, 22x95 mm.
**165** kr./lm.

Vnr. 0058274
Fura, alheflað pallaefni, gagnvarið, ECO-GR, 27x95 mm.
**185** kr./lm.

Vnr. 0058254
Fura, alheflað pallaefni, gagnvarið, 22x95 mm.
**185** kr./lm.*

Vnr. 0058324
Fura, alheflað, 27x95 mm, AB-gagnvarið.
**219** kr./lm.*

* 4,5 m og styttri lengdir.

Fáðu góð ráð varðandi viðhald á pallinum. Sjá hér.

## BANGKIRAI
harðviður með rásum

**1.295** kr./lm.
Vnr. 0039481 21x145 mm

## VIÐHALDSLÍTIÐ PLASTPALLAEFNI

**1.095** kr./lm.
Vnr. 0039510 ljósgrátt 23x146 mm, 3,6 m
Vnr. 0039514 dökkgrátt 23x146 mm, 3,6 m

Sjá pallareikni á byko.is

Vnr. 0053265
Pallaefni, lerki, alheflað, 27x117 cm.
**695** kr./lm.

Vnr. 0053266
Pallaefni, alheflað, lerki, 27x145 mm.
**795** kr./lm.

**RÁSAÐ LERKI**
Vnr. 0053275-6
Pallaefni, lerki, rásað, 27x117 mm eða 27x143 mm.
Verð frá:
**685** kr./lm.

## SUMARLEIKUR BYKO

Alls **19** glæsilegir vinningar
Heildarverðmæti
**750.000** kr.

Leikurinn er á facebook.com/BYKO.is
Dregið alla virka daga í júní

**Einfalt að taka þátt!**

facebook.com/BYKO.is

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

# BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



Einhell
Vnr. 74808295
EINHELL bútsög TH-MS 2112.
**16.995** kr.



Einhell
Vnr. 74808012
EINHELL borðsög BT-TS 800.
**13.995** kr.



TRANEMO workwear
Vnr. 93456065-69
CORDURA smíðavesti, svart, stærðir S-XXL.
**13.995** kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.



ÍSLANDSHÚS

# STEINI & DVERGARNIR
- ný tegund stólpa fyrir smáhýsi, sólpalla, girðingar, skilti og flaggstangir.

Vnr. 0251673
Dvergur, Naggur, 120 cm, 95 kg.
KLÚBB verð **12.995** kr.
Almennt verð 15.495 kr.

Vnr. 0251672
Dvergur, Teitur, 80 cm, 65 kg.
KLÚBB verð **8.495** kr.
Almennt verð 9.995 kr.

Vnr. 0251670
Dvergur, Purkur, 60 cm, 50 kg.
KLÚBB verð **7.395** kr.
Almennt verð 8.695 kr.

Vnr. 0251669
Dvergur, Álfur, 30 cm, 30 kg.
KLÚBB verð **5.795** kr.
Almennt verð 6.850 kr.

Vnr. 0251675
Steini 40, 40 cm, 55 kg.
KLÚBB verð **6.995** kr.
Almennt verð 8.295 kr.

## KYNNING
Óskar Húnfjörð, byggingafræðingur hjá Íslandshúsum, kynnir lausnir föstudag frá kl. 13-18 og laugardag frá kl. 10-16 í Timburverslun Breidd.

## PALLAGRIND



## FESTINGAJÁRN
Ýmsar útfærslur – 15% kynningarafsláttur



www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

Tilboð gilda frá 20. – 29. júní.

facebook.com/BYKO.is

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 Sport kl. 21.10
### HM Messan

Gummi Ben fer yfir daginn á HM eins og honum einum er lagið. Hann nýtur aðstoðar knattspyrnusérfræðinga sem greina leikina með honum. Þáttur fyrir alvöru fótboltaáhugamenn sem vilja harðkjarnaumfjöllun en ekkert kaffihúsahjal.

## Í KVÖLD



### NCIS: Los Angeles
**STÖÐ 2 KL. 20.20** Fjórða þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.



### HM: Hondúras–Ekvador
**STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 21.50** Stöð 2 Sport 2 sýnir beint frá leik Hondúras og Ekvadors í heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu. Gummi Ben hitar upp fyrir leikinn í HM-messunni og fær til sín góða gesti.



### Two and a Half Men
**STÖÐ 2 GULL KL. 19.45** Sjöunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan. Charlie er eldhress piparsveinn sem kærir sig ekki um neinar flækjur en Alan er sjúklegur snyrtipinni sem á í stökustu vandræðum með sjálfstraustið.



## Bylgjan kl. 10–13
### Maskínan á Bylgjunni

Siggi Hlö er í sumarskapi á Bylgjunni í allt sumar. Siggi býður hlustendum upp á skemmtilega tónlist, óþarfa fróðleik og almennt stuð.


SVEFNSÓFAR Í HÖLLINNI






**ALICIA** Svefnsófi B 163 D 83 H 78 cm. Dýnustærð 147x197 cm. Slitsterkt áklæði. Litir: Rautt, svart, grænt, og blómamunstur.

119.990
FULLT VERÐ: 139.990



**MELBOURNE** SVEFNSÓFI MEÐ TUNGU





Rúmfatageymsla í tungu.

169.990
FULLT VERÐ: 199.990

**MELBOURNE** Svefnsófi Stærð: 243x170 H:70 cm. Slitsterkt áklæði. Litir: Svargrár, grænn og rauður. Vinstri og hægri tunga.

HÚSGAGNAHÖLLIN
Bíldshöfða 20 og Dalsbraut 1 • Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.00** **Malcolm in the Middle** *(22:22)*
**08.25** **Drop Dead Diva** *(3:13)*
**09.15** **Bold and the Beautiful** *(6381:6821)*
**09.35** **Doctors** *(1:175)*
**10.20** **Last Man Standing** *(8:24)*
**10.45** **The Face** *(1:8)*
**11.35** **Heimsókn**
**11.55** **Hið blómlega bú**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Hachiko: A Dog's Story**
**15.10** **Young Justice**
**15.35** **Hundagengið**
**16.00** **Frasier** *(11:24)*
**16.25** **The Big Bang Theory** *(7:24)*
**16.45** **How I Met Your Mother** *(12:24)*
**17.10** **Bold and the Beautiful** *(6381:6821)*
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(18:21)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **Super Fun Night** *(3:17)*
**19.35** **Impractical Jokers** *(3:8)*
**20.00** **Mike & Molly** *(13:23)*
**20.20** **NCIS: Los Angeles** *(3:24)*
**21.05** **Tiny Furniture** Dramatísk gamanmynd frá 2010. Nýútskrifuð háskólamær snýr aftur heim eftir námið og reynir að fóta sig í lífinu.
**22.45** **Uncertainty** Rómantísk mynd frá 2009 sem fjallar um ungt og ástfangið par sem stendur skyndilega frammi fyrir erfiðri ákvörðun sem mun hafa gríðarleg áhrif á framtíð þeirra.
**00.30** **Scorpion King 3: Battle for Re**
**02.10** **Water for Elephants**
**04.05** **Streets of Legend**
**05.35** **How I Met Your Mother** *(12:24)*
**05.55** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Breiðablik - Þór**
**12.55** **Pepsímörkin 2014**
**14.20** **Breiðablik - Þór**
**16.10** **Dominos-deildin - Liðið mitt**
**16.35** **Arnold Classic**
**17.15** **Pæjumótið í Eyjum**
**18.00** **Demantamótin**
**20.05** **NBA Special: 1984 NBA Draft**
**21.15** **Anthony Pettis: Showtime**
**22.00** **Borgunarmörkin 2014**
**23.15** **Breiðablik - Þór**
**01.05** **Borgunarmörkin 2014**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** **HM Messan**
**07.35** **Japan - Grikkland**
**12.30** **Kólumbía - Fílabeinsströndin**
**14.10** **Úrúgvæ - England**
**15.50** **Gianfranco Zola**
**16.20** **HM Messan**
**16.55** **Japan - Grikkland**
**18.35** **Luis Enrique**
**19.00** **Switzerland, Manaus, Ecuador**
**19.30** **Ítalía - Kostaríka**
**21.10** **HM Messan**
**21.50** **Hondúras - Ekvador** BEINT
**00.00** **Sviss - Frakkland**
**01.40** **HM Messan**
**02.15** **Hondúras - Ekvador**

## ÍNN

**20.00** Kling klang Íslenska poppflóran 4:6 **21.00** Harmonikkumenn Nikkan þanin í nóttlausri voraldar veröld **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**17.30** **Jamie's 30 Minute Meals** *(17:40)*
**17.55** **Raising Hope** *(18:22)*
**18.15** **The Neighbors** *(8:22)*
**18.35** **Up All Night** *(9:11)*
**19.00** **Top 20 Funniest** *(4:18)*
**19.45** **Britain's Got Talent** *(2:18)*
**20.45** **The Secret Circle** *(5:22)*
**21.30** **Free Agents** *(8:8)*
**21.55** **Community** *(13:24)*
**22.15** **True Blood** *(9:12)*
**23.15** **Sons of Anarchy** *(12:13)*
**00.05** **Memphis Beat** *(3:10)*
**00.45** **Top 20 Funniest** *(4:18)*
**01.25** **Britain's Got Talent** *(2:18)*
**02.25** **The Cougar** *(4:8)*
**03.10** **The Secret Circle** *(5:22)*
**03.50** **Free Agents** *(8:8)*
**04.15** **Community** *(13:24)*
**04.35** **True Blood** *(9:12)*
**05.35** **Sons of Anarchy** *(12:13)*

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Ævintýraferðin **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Skógardýrið Húgó **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Hókus Pókus **10.00** Brunabílarnir **10.25** Latibær **10.47** Gulla og grænjaxlarnir **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Ævintýraferðin **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Skógardýrið Húgó **13.47** Tommi og Jenni **13.54** Hókus Pókus **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14.47** Gulla og grænjaxlarnir **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Ævintýraferðin **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Skógardýrið Húgó **17.47** Tommi og Jenni **17.54** Hókus Pókus **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Gulla og grænjaxlarnir **19.00** Dýrafjör **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.10** **Strákarnir**
**18.35** **Friends** *(15:24)*
**19.00** **Seinfeld** *(6:23)*
**19.25** **Modern Family**
**19.45** **Two and a Half Men** *(17:22)*
**20.10** **Spurningabomban** *(2:21)*
**21.00** **Breaking Bad**
**21.50** **Boss** *(4:8)*
**22.45** **It's Always Sunny in Philadelphia**
**23.10** **Spurningabomban** *(2:21)*
**00.00** **Breaking Bad**
**00.45** **Boss** *(4:8)*
**01.45** **It's Always Sunny in Philadelphia**
**02.10** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.15** **Life**
**13.05** **Cowgirls'N Angels**
**14.35** **The Internship**
**16.35** **Life**
**18.25** **Cowgirls'N Angels**
**20.00** **The Internship**
**22.00** **Me, Myself and Irene**
**01.25** **The Factory**
**03.10** **Me, Myself and Irene**

## RÚV

**12.30** **HM í fótbolta – Japan - Grikkland**
**14.20** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**15.10** **Táknmálsfréttir**
**15.20** **HM stofan**
**15.50** **HM í fótbolta** *(Ítalía - Kostaríka)* Bein útsending frá leik Ítalíu og Kostaríku á HM í fótbolta.
**18.00** **Fréttir**
**18.20** **Veðurfréttir**
**18.25** **Íþróttir**
**18.30** **HM stofan** Björn Bragi og gestir fjalla um mál málanna á HM í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu.
**18.50** **HM í fótbolta** *(Sviss - Frakkland)* Bein útsending frá leik Sviss og Frakklands á HM í fótbolta.
**20.50** **HM stofan** Björn Bragi og gestir fjalla um mál málanna á HM í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu.
**21.20** **Sköllótti hárskerinn** *(Den skaldede frisör)* Margverðlaunuð rómantísk gamanmynd með Pierce Brosnan í aðalhlutverki um tvo ólíka einstaklinga á krossgötum í ástarlífinu sem hittast fyrir tilviljun á Ítalíu. Önnur hlutverk: Trine Dyrholm, Molly Blixt Egelind.
**23.15** **16 húsaraðir** *(16 Blocks)* Hasarmynd með Bruce Willis sem leikur útbrunninn lögregluþjón í New York sem fær það einfalda verkefni að fylgja fanga nokkrar húsaraðir frá fangelsi að dómshúsi. Flutningurinn gengur ekki eins auðveldlega fyrir sig og vonast var til og ljóst að lögregluþjónninn verður að vera snöggur að rifja upp taktana. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. *(e)*
**01.10** **HM í fótbolta** *(Hondúras - Ekvador)*
**03.00** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**14.15** **The Voice** *(5:26)*
**15.45** **The Voice** *(6:26)*
**16.30** **Necessary Roughness** *(9:16)*
**17.15** **90210** *(22:22)*
**18.00** **Dr. Phil**
**18.40** **Minute to Win It**
**19.25** **Men at Work** *(6:10)*
**19.50** **America's Funniest Home Videos** *(36:44)*
**20.15** **Survivor** *(4:15)*
**21.00** **The Bachelorette** *(1:12)*
**22.30** **The Tonight Show** Gestur Jimmys Fallon er grínleikarinn George Lopez ásamt bandaríska rapparanum Pitbull sem tekur einnig lagið.
**23.15** **Royal Pains** *(10:16)* Þetta er fjórða þáttaröðin um Hank Lawson sem starfar sem einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons. Hank á í mestu vandræðum með að fá veikan pólóspilara til að gefa íþróttina upp á bátinn. Evan kvíðir því að hitta fjölskyldu Paige og Divya fer á stefnumót.
**00.00** **The Good Wife** *(19:22)*
**00.45** **Leverage** *(7:15)*
**01.30** **Survivor** *(4:15)*
**02.15** **The Tonight Show**
**03.00** **The Tonight Show**
**03.45** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.05** PGA Tour 2014
**11.05** Golfing World 2014
**11.55** Inside The PGA Tour 2014
**12.20** PGA Tour Latinoamerica
**12.45** PGA Tour 2014
**17.45** Inside The PGA Tour 2014
**18.10** Golfing World 2014
**19.00** PGA Tour 2014
**22.00** Golfing World 2014
**22.50** Feherty

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

ora
Ástríða í matargerð

# HEIMILISMATUR

## PRÓFAÐU NÝJA HEIMILISMATINN FRÁ ORA

## ÞRJÁR MATARMIKLAR SÚPUR




HEIMILISMATUR ORA ER FLJÓTLEGUR, ÞÆGILEGUR OG BRAGÐGÓÐUR.
AUÐVELT ER AÐ HITA SÚPURNAR UPP Í POTTI EÐA ÖRBYLGJUOFNI.
ORA BÝÐUR UPP Á ÞRJÁR NÝJAR OG LJÚFFENGAR SÚPUR:
MEXÍKÓSK SÚPA MEÐ KJÚKLINGI, ÍSLENSK KJÖTSÚPA OG HUMARSÚPA

KITLAÐU BRAGÐLAUKANA OG FÁÐU ÞÉR LJÚFFENGA SÚPU FRÁ ORA Í NÆSTU VERSLUN

WWW.ORA.IS

**FÖSTUDAGSLAGIÐ**



**„Ég er að fara á Secret Solstice um helgina, þar spilar Schoolboy Q og er lagið Collard Greens klárlega að koma mér í föstudagsgírinn.“**

Svanhildur Gréta Kristjánsdóttir, aðstoðarritstjóri veftímaritsins Blæs.

# Á mála hjá breskri framleiðsluskrifstofu

Kvikmyndagerðarkonan Þóra Hilmarsdóttir ráðin sem leikstjóri til FAMILIA í London.

„Það er frábært að vera komin með umboðsskrifstofu og eiginlega nauðsynlegt í London þar sem margir eru að keppa um sama bitann,“ segir kvikmyndagerðarkonan Þóra Hilmarsdóttir. Hún var nýlega ráðin sem leikstjóri til framleiðslufyrirtækisins FAMILIA í London þar sem hún er búsett.

Þóra hefur gert tvö tónlistarmyndbönd á Íslandi, fyrir Samaris og Þórunni Antoníu. Þá leikstýrði hún einnig stuttmyndinni Sub Rosa.

„Það var heldur löng og ströng fæðing að koma henni í heiminn en nú er hún loksins tilbúin. Vinir mínir og fjölskylda héldu án efa að ég væri að búa til einhvers konar Hringadrottinssögu í þremur pörtum en ekki 15 mínútna stuttmynd. Hún er komin inn á nokkrar alþjóðlega hátíðir og ég er svakalega spennt að fá loksins að sýna hana.“

Þóra er með ýmislegt í bígerð. „Ég er að vinna að nokkrum hugmyndum fyrir tónlistarmyndbönd og svo erum við Snjólaug Lúðvíksdóttir handritshöfundur, sem skrifaði Sub Rosa, að vinna að ýmsum verkefnum. Við erum að hefja fjármögnun á stuttmynd sem verður gerð á Íslandi og erum einnig að vinna í þróun lengri verkefna hér heima,“ segir Þóra.

„Ég er með stútfullan haus og tölvu af hugmyndum sem mig dreymir um að verði að veruleika. Það eru mjög margir tónlistarmenn sem mig langar að vinna með. Draumurinn er alltaf að gera bíómyndir í fullri lengd og segja sögur sem skipta máli.“ -lkg



**VANN HJÁ RIDLEY SCOTT** Þóra vann hjá RSA Films, framleiðslufyrirtæki Ridleys Scott í London. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON






# Spilar inni í listaverki Ólafs Elíassonar

Ásgeir Trausti heldur litla tónleika á þaki listasafnsins ARoS í Árósum í lok ágúst. Tónleikarnir verða inni í listaverkinu Your Rainbow Panorama eftir Ólaf Elíasson.

„Þetta leggst mjög vel í mig. Það er geggjað að fá að spila inni í þessu listaverki. Þetta eru litlir tónleikar. Það voru einhverjir 250 miðar í boði og þeir seldust upp,“ segir tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti. Hann heldur tónleika inni í listaverkinu Your Rainbow Panorama eftir Ólaf Elíasson á þaki listasafnsins ARoS í Árósum í Danmörku þann 30. ágúst næstkomandi. Listaverkið er hringlaga og í litum regnbogans og verða Ásgeir og tónleikagestir inni í hringnum á meðan á tónleikunum stendur. Tónleikarnir eru liður í samstarfsverkefni ARoS og tónleikastaðarins Train sem heitir Beyond Borders. Tónleikarnir verða því í nokkurri hæð en það hræðir Ásgeir ekki.

„Ég hef ekki verið lofthræddur hingað til. Þetta er ekki svo hátt þannig að ég held að það verði ekkert vandamál.“

Ásgeir er staddur í Bandaríkjunum á tónleikaferðalagi en á miðvikudag spilaði hann í hinu goðsagnakennda Electric Lady-hljóðveri í New York sem var byggt af tónlistarsnillingnum Jimi Hendrix og hannað af John Storyk árið 1970. Fjölmargir listamenn hafa leikið lög sín í hljóðverinu og má þar helst nefna Bob Dylan, John Lennon, Kiss, John Mayer og AC/DC.

„Það var frábært að koma þarna inn. Ég hef aldrei séð annað eins stúdíó. Við spiluðum einhver átta lög fyrir útvarpsstöð hér og vorum alveg í skýjunum með þetta,“ segir Ásgeir. Gaman er að segja frá því að fyrrnefndur John Storyk kom að því að hanna Hljóðrita, eitt elsta hljóðver á Íslandi, en plata Ásgeirs, Dýrð í dauðaþögn, var einmitt tekin upp í Hljóðrita.

Í dag spilar Ásgeir í Boston og snýr síðan heim til Íslands í stutt frí.

„Við erum allir orðnir frekar þreyttir, aðallega út af síðustu vikunni hér í Bandaríkjunum. Hér er rosalegur hiti og þungt loft og við erum nánast búnir að vera með innilokunarkennd allan daginn. Það eru allir frekar ánægðir með að fara heim. Þegar heim er komið ætla ég að reyna að vinna eins og ég get og síðan liggur leiðin til Ástralíu og Japans í enda júlí,“ segir Ásgeir.

Þá er annar stór túr um Bandaríkin á planinu í haust sem og nýtt myndband við lagið Leyndarmál á ensku sem verður frumsýnt innan skamms.

liljakatrin@frettabladid.is



**Á TOPPNUM** Ásgeir hlakkar til að spila uppi á húsþaki. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓNATAN GRÉTARSSON

> **Ég hef ekki verið lofthræddur hingað til. Þetta er ekki svo hátt þannig að ég held að það verði ekkert vandamál.**
>
> *Ásgeir Trausti*



**REGNBOGAHRINGUR** Ólafur Elíasson hannaði listaverkið á þaki ARoS. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Úr þungarokkinu í One Direction

Stefán Jakobsson, söngvari þungarokkssveitarinnar Dimmu, skellti sér á tónleika hjá drengjasveitinni One Direction á Parken í Kaupmannahöfn á dögunum.

„Það er svona þegar maður gefur þetta í jólagjöf, þá verður maður að skella sér með,“ segir Stefán Jakobsson, söngvari þungarokkssveitarinnar Dimmu, en Stefán skelli sér á tónleika með drengjasveitinni One Direction í Kaupmannahöfn á dögunum ásamt stjúpdóttur sinni og systurdóttur. Stefán segir að stúlkurnar hafi skemmt sér konunglega en að tónlist þeirra drengja sé ekki í miklu uppáhaldi hjá sér. „Stelpunum fannst þetta algjörlega vera bestu tónleikar í heimi. Þetta er ekki beint minn tebolli, enda nákvæmlega ekki neitt líkt með Dimmu og One Direction, en „sjóið“ var samt alveg virkilega flott, þeir mega eiga það.“

Dimma gaf nýverið út plötuna Vélráð en um fjórðu hljóðversplötu sveitarinnar er að ræða. „Platan virðist vera að leggjast vel í landann, hún var sú söluhæsta í síðustu viku og ég held að hún sé að fá mjög fína dóma. Við erum allavega mjög kátir með þetta allt saman,“ segir Stefán, en hann heldur heim frá Danmörku síðar í dag enda næstu tónleikar þungarokkssveitarinnar í Vestmannaeyjum í kvöld. „Það er ljóst að það má ekkert klikka þarna á flugvellinum því ég hef bara einhverja fjóra tíma til þess að koma mér frá Keflavík til Eyja,“ segir Stefán léttur að lokum. -ka



**SELFIE Á PARKEN** Stefán og stjúpdóttir hans, Emilíana, tóku að sjálfsögðu eina góða „selfie“ fyrir tónleikana.

www.plusferdir.is

Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

# SJÓÐHEITUR SÓLARsprettur í sólarhring!

Vertu í viðbragðsstöðu því sólarsprettur Plúsferða

**hefst í dag kl. 12:00!**

Misstu ekki af tækifærinu til að segja bless við súldina og hæ við sólina á frábæru verði!

**Fjöldi dagsetninga í boði!**

**Nánar á plusferdir.is**

## Almería

Allt innifalið

**Hotel Roc Golf Trinidad** ★★★

FRÁ: **84.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 109.040 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í bókun.
Brottför: 24. júní - 7 nætur.

**Arena Center** ★★★

FRÁ: **69.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 93.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í bókun.
Brottför: 24. júní - 7 nætur.

## Marmaris

**Club Anastasia** ★★★

FRÁ: **79.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 119.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í bókun.
Brottför: 26. júní - 14 nætur.

## Benidorm

**Milord's Suites** ★★★

FRÁ: **83.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 100.850 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í bókun.
Brottför: 24. júní - 7 nætur.

## Tenerife

**Compostela Beach Golf Club** ★★★

FRÁ: **68.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 91.801 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í bókun.
Brottför: 25. júní - 7 nætur.

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

* Innifalið: Flug, skattar, gisting og fararstjórn.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Giftu sig 17. júní

Rithöfundurinn og stjórnmálafræðingurinn **Sólveig Jónsdóttir** gekk að eiga sinn heittelskaða, Atla Ragnar Ólafsson, við fallega athöfn á sjálfan lýðveldisdaginn, 17. júní, á Búðum á Snæfellsnesi. Sólveig klæddist ekki hvítu eins og algengt er með brúðir heldur dökkbláum „vintage“-kjól, skreyttum steinum og pallíettum. Sólveig er hvað þekktust fyrir skáldsöguna Korter sem hefur vakið mikla lukku og var gefin út í Þýskalandi fyrir stuttu. Þá hefur ítalskt útgáfufyrirtæki einnig tryggt sér réttinn á bókinni en Sólveig vinnur nú að sinni annarri bók, sögulegri skáldsögu sem gerist á Íslandi og Írlandi.



-lkg

### Dansari í Þjóðleikhúsið

Dansarinn og stofnandi dansskólans DanceCenter Reykjavík, **Nanna Ósk Jónsdóttir**, er að taka við starfi kynningar- og markaðsfulltrúa hjá Þjóðleikhúsinu.

Nanna er að vonum spennt fyrir nýja starfinu en hún greinir frá því á Facebook-síðu sinni og segir meðal annars: „Hlakka til að hefja samstarf með virtustu listamönnum landsins.“

Það eru miklar breytingar í vændum hjá Þjóðleikhúsinu en staða leikhússtjóra hefur verið auglýst og er vonast til þess að nýr stjóri taki við keflinu um næstu áramót.



-ssb

## Mest lesið Vísir

1 Salmann segir að tala þurfi samkynhneigða til
2 Hunter fékk loksins að borða | Myndband
3 Móttökurnar á Íslandi hræðilegar
4 Ættingjar og vinir hins látna hrærðir
5 Engan veginn mín upplifun á málinu





EITT LÍF – NJÓTUM ÞESS!

20 ÁRA AFMÆLI
BETRA BAK

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR AF C&J HEILSURÚMUM

Charlotte Julien
Dream your world™



GOLD120X200
AÐEINS KRÓNUR
95.920
AFMÆLISTILBOÐ

GOLD160X200
AÐEINS KRÓNUR
122.320
AFMÆLISTILBOÐ

AUKAHLUTIR Á MYND:
GAFL OG FERKANTAÐAR ÁLLAPPIR

| Tegund | Stærð | Dýna og Classic-botn | AFMÆLIS TILBOÐ |
|---|---|---|---|
| C&J Gold | 120x200 | 119.900 kr. | 95.920 kr. |
| C&J Gold | 140x200 | 139.900 kr. | 111.920 kr. |
| C&J Gold | 160x200 | 152.900 kr. | 122.320 kr. |
| C&J Gold | 180x200 | 164.900 kr. | 131.920 kr. |

- 5 svæða skipt yfirdýna. Laserskorið Conforma Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mýkir axlasvæði.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing betri aðlögun.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Þykkt 29 cm.

Nú færðu heilsurúm frá Serta stærsta dýnuframleiðanda heims í Betra Baki



Serta®
WE MAKE THE WORLD'S BEST MATTRESS.™

Serta
20%
KYNNINGAR-AFSLÁTTUR

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 11-16

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is